

**SKOÐUN** Ragnheiður Gunnarsdóttir skrifar um gjaldfellingu hjúkrunar aldraðra. 26



**MENNING** Nýtt leikverk Árna Kristjánssonar frumflutt í Davíðshúsi. 42



**LÍFIÐ** Nagdýrið Tobba leikur í sýningunni Furðulegt háttalag hunds um nótt. 64



**SPORT** Gengi Man. Utd hefur verið skelfilegt undir stjórn Davids Moyes. 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
28. febrúar 2014
50. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Var orðin bitur út í leiklistina

Þorbjörg Helga Dýrfjörð var valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Málmhaus. Í forsíðuviðtali við Lífið segist hún hafa verið orðin bitur út í leiklistina áður en henni buðust bitastæð hlutverk, fyrst í Djúpi Baltasars Kormáks og síðan í Málmhaus.

**FRÉTTIR**

**Leggja í bók fyrir næstu jól** Glæpasagnahöfundarnir Yrsa og Lilja Sigurðardætur skrifa saman draugasögu. 2

**Gagnrýni hafnað** Aðstoðarmaður forsætisráðherra vísar á bug gagnrýni sem ríkisendurskoðandi hefur sett fram á úthlutanir til verkefna. 12

**Ekki má heimta hreinsun** Lagastoð skortir til að fyrirskipa hreinsun á olíumengaðri lóð í Njarðvík. 20




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 16 |
| Akureyri | 2° | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 2° | NA | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | NA | 5 |
| Reykjavík | 5° | NA | 8 |

**STREKKINGUR OG SLYDDA** víða um norðan- og austanvert landið, en stífari vindur og él á Vestfjörðum. Fremur hægari annars staðar og bjart með köflum. Hiti 0-7 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Um 82% vilja þjóðaratkvæði

Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna Íslands við ESB samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fleiri vilja þjóðaratkvæði nú en í könnun fyrir mánuði.

**KÖNNUN** Meirihluti stuðningsmanna allra flokka vill að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, samkvæmt niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Samkvæmt niðurstöðunum vilja 81,6 prósent landsmanna að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda eigi aðildarviðræðum við ESB áfram eða slíta þeim. Um 18,4 prósent vilja það ekki.

Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í lok janúar sögðust 74,6 prósent vilja að atkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna verði haldin samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra mælti í gær fyrir þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að viðræðum við ESB yrði slitið tafarlaust. Í ræðu á Alþingi benti Gunnar Bragi á að skoðanakannanir sýndu að meirihluti þjóðarinnar væri á móti aðild að Evrópusambandinu.

- bj / sjá síðu 4, 6 og 8

**MEIRIHLUTINN VILL ÞJÓÐARATKVÆÐI**






**BORAÐ Í TJÖRNINA** Jarðvísindamennirnir Jón Eiríksson og Peter Ilsöe tóku í gær setlagasýni úr Tjörninni. Úr þeim á að lesa menningarsögu síðustu þúsund ára. „Þetta er samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og það stendur til að gera sambærilegar rannsóknir í höfuðborgum hinna Norðurlandanna og fikra sig svo vestur um haf," segir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

Ráðist á auglýsingastofu:

## Gögnum Hvíta hússins stolið

**ÖRYGGISMÁL** Tölvuárás var gerð á vefsíðu auglýsingastofunnar Hvíta hússins á þriðjudag og gögnum stolið. Gögnin innihalda upplýsingar um þátttakendur í nokkrum gagnvirkum netleikjum sem viðskiptavinir auglýsingastofunnar hafa staðið fyrir á vefsíðum og þá aðallega á Facebook. Þar er um að ræða nöfn og símanúmer þátttakenda og í einhverjum tilvikum upplýsingar um notendanöfn þeirra á Facebook.



**TWITTERFUGLINN** Merki Twitter er smáfugl.

Svo virðist sem gögnin hafi ekki farið í dreifingu á netinu en tölvuþrjóturinn sem réðst á fyrirtækið birti á Twitter-síðu sinni lista yfir þau gögn sem hann stal. Samkvæmt færslum á síðunni virðist þrjóturinn halda að hann hafi ráðist á vefsvæði Vodafone á Íslandi.

- hg / sjá síðu 12






Strandsiglingar spara fyrirtækjum á landsbyggðinni hátt í milljarð á ári:

# Trukkum fækkar á þjóðvegum

**SAMGÖNGUMÁL** Strandsiglingar stóru skipafélaganna tveggja, Eimskips og Samskipa, hafa gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Frá því siglingarnar hófust í lok mars 2013 og til ársloka fluttu félögin tæp 84.000 tonn frá fjórum höfnum á Norður- og Austurlandi og Vestfjörðum.

Það jafngildir 110.000 tonnum á ársgrundvelli, sem er 40.000 tonnum yfir því magni sem spáð var og taldist ásættanlegt í nefndarvinnu samgönguyfirvalda áður en siglingarnar hófust.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði, segir siglingarnar mikla búbót fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, ekki síst sjávarútvegsfyrirtæki. „Einstakir fiskframleiðendur eru að spara sér milljónir, jafnvel tugi milljóna, í flutningskostnað á ári."



Útreikningar Fréttablaðsins sýna að sparnaður fyrirtækja í flutningum á Vestfjörðum og Norðurlandi, aðallega í sjávarútvegi, nálgast milljarð á ársgrundvelli.

**8.000** ferðir flutningabíla hafa verið færðar út á sjó. Það þýðir 3,2 milljóna kílómetra minni akstur.

Með strandsiglingunum hefur ferðum stórra flutningabíla á afmörkuðum kafla vegakerfisins frá Akureyri og Vestfjörðum til Reykjavíkur fækkað um átta til níu þúsund með tilheyrandi sparnaði í sliti og viðhaldskostnaði á vegum og auknu umferðaröryggi.

- shá / sjá síðu 16




## SPURNING DAGSINS



Snorri, ertu aldrei settur í skammarkrókinn?

**„Örugglega. En ég tek ekki eftir því, því ég er svo glaður og ánægður þar sem ég er.“**

Snorri Ásmundsson myndlistarmaður hefur verið kallaður óþekka barnið í íslenskri myndlist og segist vera krónískur óþekktarangi.

Hagnaður Arion banka dregst saman um 4,4 milljarða milli ára samkvæmt ársreikningi 2013:

# Laun bankastjóra hækka um 13,9 prósent

**VIÐSKIPTI** Stjórn Arion banka leggur til í skýrslu sinni með ársuppgjöri bankans fyrir árið 2013 að 60 prósent af hagnaði bankans, sem er tæplega 13 milljarðar króna, verði greidd út til hluthafa sem arður. Uppgjör bankans var kynnt í gær.

Launakjör stjórnar og æðstu stjórnenda bankans eru einnig birt í uppgjörinu. Árslaun Höskuldar H. Ólafssonar bankastjóra fara úr 44,5 milljónum króna árið 2012 í 50,7 milljónir árið 2013. Hækkunin nemur 13,9 prósentum og samsvarar því að mánaðarlaun hafi farið úr 3,7 milljónum króna í rúmar 4,2 milljónir.



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

Samkvæmt uppgjörinu hefur bankinn dregið úr áhættu í rekstri með aukinni langtímafjármögnun og hækkuðu hlutfalli lána til einstaklinga sem námu í árslok tæpum 49 prósentum af heildarlánum til einstaklinga. Þá jukust ný útlán um 60 prósent milli ára auk þess sem útlán til viðskiptavina jukust um 12 prósent milli ára.

Haft er eftir Höskuldi H. Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, að stórkostleg aukning á opinberum álögum setji mark á uppgjörið. Vegna rekstrar ársins 2013 greiði Arion banki um 6,6 milljarða króna í skatta og þar af tæpa 2,9 milljarða vegna bankaskatts, sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki sem stjórnvöld hafi margfaldað undir lok árs 2013. „Gera verður ráð fyrir að aðgerðir sem eru þetta íþyngjandi hafi áhrif á starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækja. Þetta er að miklu leyti skattur á innlán og mun sem slíkur hafa neikvæð áhrif á þau kjör og þjónustu sem fjármálafyrirtæki geta boðið viðskiptavinum sínum,“ segir Höskuldur í tilkynningunni. - fbj



**SÖKKVA SÉR Í BÆKUR** Úrvalið á bókamarkaðnum hefur sjaldan verið jafn gott enda mun meira pláss í nýju húsnæði á Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bókamarkaður íslenskra bókaútgefenda er á Laugardalsvelli:

## Þjóðin streymir á bókavöllinn

**VERSLUN „Það var heljarinnar verk að færa bókamarkaðinn úr Perlunni,“ segir Bryndís Loftsdóttir, framkvæmdastjóri bókamarkaðarins. Flutningurinn hafi þó verið vel þess virði, meira pláss sé fyrir bækur og fólk. Hálfs kílómetra göngutúr sé meðfram öllum bókaborðunum.**

**Bryndís segir þó marga villast og fara í Laugardalshöllina. „Það er ekki nema von. Það hefur aldrei neitt þessu líkt verið haldið hér undir stúkunni við fótboltavöllinn.“**

**Bókamarkaðurinn verður á Laugardalsvellinum til 9. mars og er opinn daglega frá klukkan tíu til sex.** - ebg

Ráðuneytisstjóri í námsleyfi:

## Óvíst með endurkomu Stefáns

**STJÓRNSÝSLA** Stefáni Thors, ráðuneytisstjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, hefur verið veitt námsleyfi til eins árs.

Stefán Thors var fyrir ári ráðinn til fimm ára. Leyfið er launað. „Ég er að velta fyrir mér að fara til Danmerkur og kynna mér ýmis mál,“ segir Stefán. Hann segir leyfið ekki hafa átt sér langan aðdraganda. Þá segir hann að koma verði í ljós hvort hann taki á ný til starfa í ráðuneytinu þegar námsleyfi lýkur.

Sigríður Auður Arnardóttir hefur verið sett ráðuneytisstjóri. -ebg

Staða ungs fólks mjög erfið:

## Húsnæðisstefna rædd á Alþingi

**ALÞINGI** Katrín Jakobsdóttir, þingkona Vinstri grænna, lýsti yfir þungum áhyggjum af stöðu húsnæðismála ungs fólks á Alþingi í gær. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra sagði í svari að nú stæði yfir vinna við mótun nýrrar húsnæðisstefnu. „Ég tel að húsnæðisstefnan eigi að endurspegla þann fjölbreytileika sem er í íslensku samfélagi,“ sagði Eygló. „Að það sé raunar ekki einhver ein lausn sem henti öllum.“

Sagði Katrín svar Eyglóar benda til þess að hverfa ætti frá hinni svokölluðu séreignarstefnu. - bá

# Yrsa og Lilja skrifa draugasögu saman

Glæpasagnahöfundarnir Yrsa og Lilja Sigurðardætur eru að skrifa draugasögu saman. Þær ræddu samstarfið fyrst í partíi en skrifin hófust í janúar síðastliðnum.

**BÆKUR** Glæpasagnahöfundarnir Yrsa og Lilja Sigurðardætur eru að skrifa draugasögu saman sem þær vonast til að komi út fyrir næstu jól. Hún fjallar um hjón sem hafa misst barnið sitt og fara til miðils. Málin taka óvænta stefnu þegar allt annað barn kemur inn á miðilsfundinn og sitja hjónin uppi með það.

„Við ræddum þetta upphaflega í einhverju partíi. Við töldum okkur smellpassa sem svona skrif-dúó þar sem við bærum sama eftirnafn,“ segir Yrsa, spurð út í þetta óvænta samstarf. „Íslensk nöfn eru svo löng að það er varla hægt að koma tveimur nöfnum fyrir á bókarkápu nema þá að sleppa titli. En núna getum við splæst eftirnafninu okkar saman og verið Sigurðardætur.“

Hún og Lilja hafa þekkst í um fimm ár, eða síðan Yrsa var á samningi hjá bókaforlaginu Bjarti þar sem Lilja er núna. Þær byrjuðu að skrifa söguna í janúar og hefur tilraunin gengið vel hingað til. „Hún er duglegri en ég en ég kem sterk inn bráðlega,“ segir Yrsa hress. Hún viðurkennir að það sé skrítið að skrifa í fyrsta sinn með annarri manneskju. „Það er kannski það sem gerir þetta skemmtilegt. Þetta er öðruvísi og mikil tilbreyting.“

Auk þess að skrifa með Lilju er Yrsa að undirbúa sína næstu bók sem á einnig að koma út um næstu jól. Um er að ræða fyrstu bókina í stuttri seríu þar sem ný persóna verður kynnt til sögunnar.

Lilja hefur gefið út tvær glæpasögur, Spor og Fyrirgefningu, auk þess sem hún samdi leikritið Stóru börnin sem var frumsýnt í fyrra við góðar undirtektir. Hún er einmitt með annað leikrit í undirbúningi sem hún ætlar að ljúka við í sumar.



**ÓVÆNT SAMSTARF** Yrsa og Lilja Sigurðardætur eru að skrifa draugasögu um fólk sem fer á miðilsfund eftir að hafa misst barnið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lilja segir dásamlegt að vinna með glæpasagnadrottningunni Yrsu sem hefur átt hverja metsölubókina á fætur annarri. „Ég er auðvitað aðdáandi hennar og búin að vera lengi. Hún er frumkvöðull á sínu sviði í svona glæpahryllingi. Þetta er frábært tækifæri fyrir mig, óreyndan höfund, að skrifa með meistara eins og Yrsu.“

Það leggst vel í Lilju að skrifa í fyrsta sinn með öðrum. „Við erum rétt að komast í gang en þetta er strax að gera sig vel og við erum báðar orðnar dauðspenntar. Það er einmanalegt að skrifa einn en með því að vera tvær saman blandast það saman að skrifa og nautnin af því að lesa glæpasögu. Það kemur manni á óvart stundum það sem kemur frá hinni og það drífur mann áfram líka,“ segir hún. „Yrsa er alveg að hræða úr mér líftóruna.“ freyr@frettabladid.is


INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Sveitarstjórnarkosningar 2014.**

Á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum, fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram 31. maí 2014.

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegi laugardaginn 10. maí 2014. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri skulu tilkynna þá ákvörðun til yfirkjörstjórnar fyrir lok framboðsfrests.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst 5. apríl 2014. Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga

*Innanríkisráðuneytinu, 27. febrúar 2014.*


Guðrún hjá Stígamótum varð fyrir vonbrigðum með Hildi Lilliendahl:

# Hefði ekki átt að fá verðlaun

**SAMFÉLAGSMÁL** „Okkur grunaði ekki að Hildur Lilliendahl hagaði sér svona sjálf þegar við veittum henni þessa viðurkenningu,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, um níðrandi ummæli Hildar í garð Hafdísar Huldar Þrastardóttur. „Það segir sig sjálft að hefði okkur grunað að hún hefði gerst sek um hatursfulla umræðu á netinu þá hefðum við aldrei veitt henni viðurkenninguna.“

Hildur fékk hugrekkisverðlaun Stígamóta 2012 fyrir baráttu sína fyrir konur. Í gær sagði Hafdís Huld Þrastardóttir söngkona í Kastljósi að Hildur Lilliendahl hefði verið fremst í flokki í að leggja hana í einelti á bland.is undir notendanafninu Nöttz.

Árin 2009 og 2010 komu til dæmis ummæli undir því nafni um að Hafdís væri haldin þroskaskerðingu,



HILDUR LILLIENDAHL



HAFDÍS HULD ÞRASTARDÓTTIR

spurt var hvort einhver myndi nauðga henni með tjaldhæl og einhver vildi koma út að drepa þegar rætt væri um tónlist söngkonunnar.

Í samtali við Fréttablaðið segist Hildur skammast sín fyrir ummælin. Hún segir mann sinn þó hafa skrifað sum ummælin enda hafi hann haft aðgang að notendanafni hennar. „Ég biðst sannarlega fyrirgefningar á því. Það er algjörlega á mína ábyrgð og algjörlega ómurlegt,“ segir Hildur og bætir við að hún hafi ekki vitað af ummælunum fyrr en í gær þegar stjórnendur Kastljóss höfðu samband við hana.

Aðspurð segir hún sjálfsagt að skila verðlaununum ef Stígamótum finnist ástæða til þess en hún eigi eftir að fara yfir þessi mál með Guðrúnu og útskýra sína hlið á málinu.

Í samtali við Fréttablaðið segist Guðrún að hún hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum. Hún segir verðlaunin sem slík skipta litlu máli.

„Með því að hafa gengist við þessum ummælum þá dæmir hún sig í raun og veru bara sjálf,“ segir Guðrún. „Viðurkenningin gekk út á það að heiðra konu sem þætti svona framkoma óþolandi. Gerist hún sjálf sek um slíka framkomu er það jafn óþolandi. Hvort viðurkenningin verði tekin til baka eða ekki finnst mér í raun og veru engu breyta,“ segir Guðrún. - sá/- js

GILDIR 28.02.14 - 03.03.14

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 20.32% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

## SVONA ERUM VIÐ




**57%** **er hækkun á startgjaldi leigubíla á Íslandi síðastliðinn áratug.**

**Í febrúar 2014 var það 420 krónur en nú 660 krónur.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Salóme Þorkelsdóttur, fyrrverandi þingforseta, blöskra ummæli alþingismanna undanfarna daga:

# Segir orðfærið bæði sorglegt og dapurlegt

**ALÞINGI** Salóme Þorkelsdóttir, sem starfaði sem forseti Alþingis á árunum 1991 til 1995, fylgist grannt með Alþingi í sjónvarpinu á degi hverjum. Henni blöskrar orðfæri þingmanna undanfarna daga.

„Mér finnst þetta sorglegt og dapurlegt. Ég á ekki nógu sterk orð til að lýsa þessu,“ segir Salóme aðspurð. „Þó að oft hafi verið tekist á man ég ekki eftir því eins og það hefur verið undanfarna daga. Þetta er svo mikill óhemjugangur. Sumir þingmenn hafa ekki stjórn á skapi sínu og sleppa ýmsu frá sér sem þeir myndu ekki gera annars. Það skiptir máli að vera málefnalegur og menn verða að virða skoðanir hverjir annarra.“

Á meðal þess sem hefur verið sagt í hita leiksins er „helvítis dóni“, „hroðbjóður“ og „þvílíkur ómerkingur“. Spurð hvort orðfærinu hafi hrakað síðan hún sat í forsetastólnum segir Salóme að það hafi því miður breyst til hins verra, sem sé leitt því Alþingi sé virðingarmesta stofnun þjóðarinnar. Það særir hana einnig að hlusta á umræðuna um fundarstjórn forseta. „Mér finnst núverandi forseti standa sig með miklum ágætum.“

Salóme, sem verður 87 ára í sumar, segist sakna gamla, góða vinnustaðarins.

„Þótt margir haldi það ekki þá eru þingmenn góðir vinir þegar þeir eru ekki í ræðustól að karpa, jafnvel þvert á alla þingflokka. Það er gott fólk í öllum flokkum en menn þurfa svolítið að gæta sín.“ -fb



**VIÐ SKJÁINN** Salóme fylgist með Alþingi á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umhverfisstofnun í skoðun:

## Vilja frumvarp á haustþinginu

**STJÓRNMÁL** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur að endurskoðun laga um Umhverfisstofnun. Á vef sínum hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að tryggja markvissa vinnu í þessum efnum.

Ríkisendurskoðun birti 2006 skýrslu þar sem lagt var til að lög um verkefni Umhverfisstofnunar yrðu endurskoðuð. Í eftirfylgniskýrslu kemur fram að það hafi enn ekki verið gert. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að hægt verði að leggja fram lagafrumvarp næsta haust. - bá

Verkfallsheimild ljós í dag:

## Segja ábyrgð vera stjórnvalda

**VINNUMARKAÐUR** „Komi til verkfalls framhaldsskólakennara er ábyrgðin alfarið á herðum stjórnvalda,“ segir Þórður Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands. Upp úr hádegi í dag verður ljóst hvort framhaldsskólakennarar hafa samþykkt heimild til verkfallsboðunar. Nær fullvíst er talið að verkfallsboðunin hafi verið samþykkt en póstatkvæðagreiðslu um verkfallsboðun lauk síðastliðinn föstudag.

„Verkfall hefur áhrif á nám allra nemenda við skólann. Við erum frekar kvíðin yfir úrslitunum,“ segir Karen Björk Eyþórsdóttir, forseti nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð. - jme

## HALDIÐ TIL HAGA

### Styður samkynhneigða

Úgandamaðurinn Karim Birimumaso, sem var í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag, vill koma því á framfæri að hann sé engan veginn sammála því að samkynhneigðum í Úganda eigi að refsa fyrir að vera samkynhneigðir. Misskilnings hafi gætt í viðtalinu.

# Yfirgnæfandi meirihluti vill ESB í þjóðaratkvæði

Rúmur helmingur framsóknarmanna og tveir af hverjum þremur sjálfstæðismönnum vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarumsóknarinnar að ESB, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

**KÖNNUN** Tveir af hverjum þremur stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins og rúmur helmingur stuðningsmanna Framsóknarflokksins vilja að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) áfram eða slíta þeim samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls vilja 81,6 prósent landsmanna taka ákvörðun um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu í stað þess að láta þingmönnum eftir að útkljá málið í þingsalnum. Um 18,4 prósent vilja láta þinginu eftir að ákveða örlög aðildarumsóknarinnar.

Afstaða landsmanna er nokkuð breytileg eftir stuðningi við stjórnmálaflokka, þó meirihluti stuðningsmanna allra flokka vilji ljúka málinu með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Minnstur stuðningur við þjóðaratkvæðagreiðslu mælist meðal þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn verði gengið til kosninga nú. Alls sögðust 51,9 prósent framsóknarmanna vilja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu, en 48,1 prósent vildi það ekki.

Nærri tveir af hverjum þremur stuðningsmanna hins stjórnarflokksins vilja kjósa um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Um 66,2 prósent sjálfstæðismanna vilja ljúka málinu með þeim hætti en 33,8 prósent vilja að þingmenn ljúki málinu í þingsal.

Afgerandi meirihluti stuðningsmanna stjórnarandstöðuflokkanna vill að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda eigi aðildarviðræðum við ESB áfram eða slíta þeim, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Um 88 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna vilja þjóðaratkvæðagreiðslu og 88,4 prósent þeirra sem kjósa myndu Pírata yrði gengið til kosninga nú. Stuðningurinn er jafnvel meiri meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 96,2 prósent. Mestur er hann hjá þeim sem styðja Bjarta framtíð, 94,6 prósent.

Lítill munur er á afstöðu fólks eftir búsetu. Um 83,3 prósent Reykvíkinga vilja skera úr um aðildarumsóknina í þjóðaratkvæðagreiðslu, en 80,6 prósent íbúa annarra kjördæma. Munurinn er innan skekkjumarka.

Um 79,2 prósent karla vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð aðildarumsóknar Íslands og 84,1 prósent kvenna. Munurinn er einnig innan skekkjumarka. Enginn munur mælist á afstöðu fólks eftir aldri.

brjann@frettabladid.is

**51,9%**

stuðningsmanna Framsóknarflokksins vilja framhald ESB-umsóknarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

## STUÐNINGSMENN ALLRA FLOKKA VILJA ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU




*Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 26. og 27. febrúar 2014.*

### ➜ Aðferðafræðin

Hringt var í **1.309** manns þar til náðist í **805** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var **61,5** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Vilt þú að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið áfram eða slíta þeim? Alls tóku **93,9** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.




A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELGARVEÐRIÐ** Veðurspáin lítur nokkuð vel út fyrir flesta landshluta en það lítur út fyrir strekkingsvind á Vestfjörðum um tíma. Minni úrkoma á morgun og yfirleitt bjartviðri sunnan og vestan til en ofankoma, einkum Norðanlands, á sunnudag.




**Á morgun**
10-15 NV-til, annars hægari.




**Sunnudagur**
Hæg breytileg átt en sums staðar norðaustanstrekkingur NV-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Billund | 7° | Gautaborg | 6° | London | 7° | Orlando | 21° | San Francisco | 14° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 22° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 4° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 21° | New York | -4° | París | 8° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0472
Draumabíllinn
Nýjasta útgáfa Mercedes-Benz E-Class er sérlega glæsilegur bíll sem sameinar sportlega aksturseiginleika og lúxus. Nýjasta öryggistækni og 4MATIC aldrifsbúnaðurinn tryggja stöðugleika við allar aksturssaðstæður t.d. í mikilli úrkomu, ísingu eða snjó. Hann eyðir frá 6,4 l/100 km í blönduðum akstri.
Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur E-Class til að skoða og reynsluaka.
E-Class
Mercedes-Benz E-Class 250 CDI 4MATIC.
Verð frá 9.540.000 kr.
Mercedes-Benz
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

EVRÓPUMÁL Í BRENNIDEPLI

# Vilja kjósa óháð afstöðu til aðildar

Flokksmenn í Sjálfstæðisflokknum víða um land segjast ósáttir við að snúið hafi verið frá fyrirheitum um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna. Meirihluti sé á móti aðild en margir vilji þó klára viðræður. Staða formannsins er þó sögð sterk þrátt fyrir umrót.

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



Skiptar skoðanir eru innan Sjálfstæðisflokksins um ákvörðun stjórnarflokkanna um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Styrinn stendur helst um þá ákvörðun að slíta viðræðunum án þess að þjóðin hafi fengið að segja sína skoðun í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ljóst er að meirihluti flokksmanna er fylgjandi því að slíta viðræðunum og er það í samræmi við ályktun á landsfundi í fyrra þar sem samþykkt var að slíta viðræðunum og ekki taka þær upp á ný fyrr en að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi ályktun vakti reiði aðildarsinna sem urðu undir á landsfundinum, en í kosningabaráttunni mýktist línan nokkuð. Í kosningabæklingi flokksins sagði meðal annars að „kjósendur ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram“. Þá hefur einnig komið fram að Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, og allir núverandi ráðherrar flokksins töluðu fyrir því í kosningabaráttunni að þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi haldin.

### Menn standi við loforð

Þrjú efstu á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar á Akureyri lýstu því yfir í samtali við Akureyri vikublað um daginn að þau vildu að málið yrði lagt fyrir þjóðina. Í samtali við Fréttablaðið segist Gunnar Gíslason, oddviti listans, standa við þá yfirlýsingu.

„Ég stend við það sem ég hef sagt að það ætti að senda málið eins og það er statt í dag, í þjóðaratkvæðagreiðslu frekar en að fara þessa leið. Sumir flokksmenn eru gallharðir andstæðingar ESB-aðildar, en málið snýst ekki um það í þessu tilviki. Þetta snýst um að þjóðin fái að taka þessa ákvörðun sjálf.“

Gunnar segir erfitt að segja til um hvort umræða síðustu daga muni skaða flokkinn til lengri tíma litið. „En ég hef þá trú, eins og framsetningin er í fjölmiðlum, að þetta muni að einhverju leyti skaða trúverðugleika flokksins. Það er ekki gott að standa í þessu þrefi og má líkja saman við það sem fyrri ríkisstjórn þurfti að eiga við eftir að hafa ekki staðið við sín orð. Mér finnst einfaldlega að menn eigi heilt yfir að standa við það sem þeir segja og lofa.“

### Æfir á Ísafirði

Gunnar Þórðarson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ, tekur enn dýpra í árinni og segir óumdeilanlegt að í kosningabaráttunni hafi verið gefið loforð.

„Ég þekki marga sem þetta loforð skipti máli í kosningunum. Það eru hreinar línur að þessu var lofað og það er ekki hægt að komast fram hjá því þó menn reyni.“

Þá átelur Gunnar flokksforystuna fyrir að hafa ekki haft samráð við almenna flokksmenn áður en þingsályktunartillagan var lögð fram og segir ákveðið áfall að þurfa að takast á við slík mál svo stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Gunnar segist hafa fengið mikil viðbrögð við yfirlýstri andstöðu sinni.

„En það hefur enginn haft samband við mig sem er óánægður með það sem ég er að segja. Það er ótrúlegur fjöldi sem ég er búinn að tala við hér sem er æfur yfir þessu og það finnst mér vera andinn hér á Ísafirði.“

### Staða Bjarna þó sterk

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir marga furða sig á flýtinum á því að slíta viðræðunum, en staða Bjarna Benediktssonar á formannsstóli sé enn sterk.

„Hraðinn í þessu kom mér á óvart. Ég átti ekki von á þessu. Ég átti allt eins von á því að viðræðunum yrði slitið en hafði skilið það þannig að það yrði fyrst gengið til þjóðaratkvæðis um það. Flestir sjálfstæðismenn sem ég hef talað við eru á móti því að ganga í Evrópusambandið, en mjög margir eru tilbúnir til að sjá aðildarviðræðurnar kláraðar og mjög margir eru líka á því að þjóðin eigi að fá að kjósa um málið.“

Spurður hvort staða Bjarna sem formanns hafi veikst í þessari umræðu telur Halldór svo ekki vera.

„Formaðurinn minn er í ólgusjó, en ég styð þó við bakið á honum. Ég held að Bjarni hafi verið að styrkja sig sem formaður, en Sjálfstæðisflokkurinn er opinn og lýðræðislegur flokkur, þannig að ef við erum ekki sammála um eitthvað þá vinnum við úr því.“

Halldór segist ekki óttast að umræðan um Evrópumál muni koma til með að skaða flokkinn í borgarstjórnarkosningunum. „Við erum ekkert að fjalla um ESB þar, en ég vona bara að þetta skyggi ekki á okkar málflutning og stefnumál.“

### Ekki bannað að skipta um skoðun

Óttarr Guðlaugsson, formaður Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir vissulega vera skiptar skoðanir um málið innan flokksins, en hann sé sjálfur hlynntur þeirri leið sem farin var.

„Ég studdi ályktunina á landsfundi flokksins um að draga umsóknina til baka og sé ekki tilganginn í að geyma málið á ís.“

Hann segir að atkvæðagreiðslan hefði með réttu átt fara fram þegar viðræðurnar hófust, en ekki þegar á að slíta þeim.

Óttarr telur ekki að flokkurinn muni skaðast vegna umræðunnar um málið. „Nei, ég trúi því að menn séu að gera þetta af heilum hug með hagsmuni landsins að sjónarmiði og svo er ekki bannað að skipta um skoðun.“

Hann telur að bakland flokksins standi á bak við þessa ákvörðun þingflokksins.



**Á LANDSFUNDI** Sjálfstæðismenn ályktuðu á landsfundi fyrir ári að draga skyldi umsóknina um aðild að ESB til baka. Fram að kosningum töluðu allir verðandi ráðherrar Sjálfstæðisflokksins fyrir því að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið á þessu kjörtímabili. Ólga er nú innan flokksins vegna tillögu um að slíta viðræðum án þess að almenningur fái að koma að þeirri ákvörðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ummæli í aðdraganda kosninga

**Kristján Þór Júlíusson**
heilbrigðisráðherra

***Janúar 2013: Vefrit fullrúaráðs Sjálfstæðisflokksins á Akureyri:***

Ég tel að hagsmunum Íslands sé best borgið utan ESB. Sökum þeirra miklu deilna sem aðildarviðræðurnar hafa skapað í þjóðfélaginu tel ég rétt að þjóðin fái tafarlaust að kjósa um áframhald aðlögunarviðræðna.

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
innanríkisráðherra

***Október 2012: Bein lína á DV***

Ég er ekki hlynnt aðild Íslands að ESB og vil að almenningur verði spurður að því hvort halda eigi ferlinu áfram.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

***Apríl 2013: Kosningasjónvarp RÚV***

Það sem mér þykir mestu máli skipta er að þjóðin fái að greiða um það atkvæði hvort þessu verði haldið áfram eða ekki. Og ég treysti þjóðinni til þess að taka upplýsta ákvörðun. [...] eina leiðin til að komast að niðurstöðu um það hvert skuli halda núna, er að spyrja þjóðina.

**Illugi Gunnarsson**
menntamálaráðherra

***Mars 2013: Silfur Egils***

Ég er sammála því að það verði stöðvaðar þessar viðræður [...] og síðan verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þjóðin fái að segja sinn hug í því hvort hún vilji klára þetta eða ekki. Ef það er þannig að þjóðin segi já við því þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.

**Bjarni Benediktsson**
fjármálaráðherra

***Febrúar 2013: Landsfundur***

Ég túlka þessa ályktun ekki þannig að Sjálfstæðisflokkurinn sé skuldbundinn til að setja þjóðaratkvæðagreiðslu á dagskrá.

***Mars 2013: Stöð 2***

Í Evrópusambandsmálinu þá munum við standa við það sem að við höfum ályktað um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Hún gæti farið fram á fyrri hluta þessa kjörtímabils, til dæmis í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar. En við munum standa við það að hlusta eftir því sem fólki í landinu vill.

***Apríl 2013: Fréttablaðið***

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ganga í Evrópusambandið og greiddi atkvæði gegn umsókn, en við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það.



Bíll á mynd er með aukabúnaði



***Ríkulegur staðalbúnaður:** 8 gíra Tiptronic sjálfskipting, rafdrifin þægindasæti m/hita, sportleðurstýri, leðurinnrétting, 18" álfelgur, rafdrifin opnun á skotthlera, skriðstillir, 7" snertiskjár, fullkomin hjómflutningstæki m/10 hátölurum, Xenon ljós, léttstýri, fjarlægðarvari að aftan, regnskynjari, akstursstölva og margt fleira. Sjá nánar á benni.is

# Kraftur og fegurð til sýnis!

## Porsche Panamera er fullvaxinn lúxusbíll með magnaða eiginleika sportbílsins.

## Opið laugardag frá 12:00 til 16:00

PORSCHE

**Verð: 16.900.000 kr.***

Porsche Panamera Diesel

Bílabúð Benna

Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000 • porsche@porsche.is • www.benni.is

HVERSU ALGENGAR ERU STÓRAR UNDIRSKRIFTASAFNANIR OG HVAÐA ÁHRIF HAFA ÞÆR Á RÁÐAMENN?

# Áhrif undirskrifta háð geðþótta

Hátt í fjóra tugi þúsunda hafa skrifað undir áskorun til Alþingis um að slíta ekki aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Söfnunin er með þeim stærri í Íslandssögunni en á enn langt í að slá met. Ekki er til leið til að knýja stjórnvöld til að taka mark á undirskriftasöfnunum.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Fjöldi þeirra sem skrifað hafa undir áskorun til Alþingis um að hætta við að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið nálgast nú fjóra tugi þúsunda. Undirskriftir hafa safnast hratt, en söfnunin hefur aðeins verið í gangi frá því síðastliðið sunnudagskvöld.

Fjöldi þeirra sem hafa skrifað undir áskorunina á vefnum thjod.is er orðinn svipaður og sá fjöldi sem skrifaði undir áskorun til forseta Íslands um að synja öðrum Icesave-samningnum staðfestingar, en um 38 þúsund settu nafn sitt á þann lista. Fjöldinn er samt talsvert undir þeim mikla fjölda sem skrifaði undir áskorun til forseta vegna fyrri Icesave-samningsins, þegar rúmlega 56 þúsund skrifuðu undir.



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Stærsta undirskriftasöfnunin hér á landi fór fram á síðasta ári. Þá skoruðu nærri 70 þúsund á Reykjavíkurborg að tryggja að Reykjavíkurflugvöllur yrði áfram í Vatnsmýrinni.

Sextán stórar undirskriftasafnanir hafa farið fram hér á landi frá því Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1944. Safnanirnar voru fáar þar til fór að líða á 21. öldina, en hafa verið tíðar síðustu árin. Áhrif þeirra virðast upp og ofan. Stundum hlusta ráðamenn á þá sem setja nafn sitt á blað og stundum ekki, og ræður þá ekki alltaf fjöldi undirskrifta.

Undirskriftasöfnun getur vissulega haft áhrif. Þegar tæplega 32 þúsund skoruðu á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að synja fjölmiðlalögum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar staðfestingar gerði hann það. Hann vísaði meðal annars til þess að undirskriftirnar sýndu að gjá hefði myndast milli þings og þjóðar. Ekki varð af þjóðaratkvæðagreiðslu um málið þar sem ríkisstjórnin dró lögin til baka áður en til þess kom.

Að sama skapi varð forsetinn við áskorunum vegna Icesave í tvígang og vísaði samningum við Breta og Hollendinga vegna málsins í þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem þeir voru snarlega felldir.

### Fjöldinn skiptir ekki öllu

Fjöldi undirskrifta er þó greinilega ekki það eina sem forsetinn og aðrir sem taka við slíkum undirskriftum hafa í huga. Tæplega 35 þúsund skoruðu á hann að synja lögum um lækkun veiðigjalda staðfestingar í fyrra. Forsetinn varð ekki við þeirri ósk.

Þetta sýnir að áhrif undirskriftasafnana eru háð geðþóttavaldi stjórnvalda, segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands. Stjórnvöld á landsvísu eru ekki bundin af undirskriftasöfnunum, sama hversu hátt hlutfall kosningabærra manna skrifar undir. Engin leið er til að knýja fram neinar afleiðingar kjósi stjórnvöld að ganga gegn vilja þeirra sem skrifa undir.

Gunnar bendir á að til sé rammi í íslenskum sveitarstjórnarlögum þar sem 20 prósent atkvæðisbærra íbúa geti kallað fram almenna atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um tiltekið mál.

Gunnar segist sjálfur hallast að því að aðrar aðferðir séu heppilegri en undirskriftasöfnun til að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu. Til dæmis mætti hugsa sér að ákveðinn minnihluti þingmanna gæti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í tillögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá landsins, sem ekki urðu að veruleika, var ákvæði um málskot til þjóðarinnar. Þar var gert ráð fyrir því að tíu prósent kjósenda gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefði samþykkt. Í dag eru rúmlega 240 þúsund Íslendingar 18 ára og eldri, og því hefði þurft rúmlega 24 þúsund undirskriftir til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt þessu ákvæði.

brjann@frettabladid.is

## STÆRSTU UNDIRSKRIFTASAFNANIR SÖGUNNAR

**Keflavíkursamningur**
**1946** — 8.369

„Tæplega ellefu prósent kosningabærra manna mótmæltu árið 1946 hinum svokallaða Keflavíkursamningi. Hann var samningur sem íslensk og bandarísk stjórnvöld gerðu um að bandaríski herinn færi af landi brott en bandarískir borgaralegir starfsmenn myndu áfram reka Keflavíkurflugvöll. Alls mótmæltu 8.369 manns samningnum með undirskriftum sínum, en höfðu ekki erindi sem erfiði. Samningurinn var í gildi til ársins 1951þegar hinn svokallaði varnarsamningur tók við, og herstöðin á Miðnesheiði var reist.“

**Kanasjónvarpið**
**1966** — 14.680

Íslensk stjórnvöld heimiluðu árið 1966 bandaríska varnarliðinu að senda út frá sjónvarpsstöð sinni, sem kölluð var Kanasjónvarpið, með öflugri sendum en áður hafði þekkst. Þetta olli nokkru uppnámi. Fyrst skoruðu svokallaðir sextíumenningar, 60 menntamenn, á stjórnvöld að hætta við leyfisveitinguna. Í kjölfarið tóku 600 stúdentar í sama streng. Þetta varð til þess að Félag sjónvarpsáhugamanna hóf söfnun undirskrifta þar sem því var mótmælt að útsendingar Kanasjónvarpsins yrðu takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll. Alls söfnuðust 14.680 undirskriftir, um fjórtán prósent kosningabærra manna. Útsendingarnar héldu áfram til 1974, en þá voru þær færðar í kapalkerfi.

**Varið land**
**1974** — 55.522

„Mesta þátttaka í undirskriftasöfnun á Íslandi til langs tíma var í söfnun sem kennd er við Varið land og fór fram 1974. Það var ekki fyrr en undirskriftum gegn Icesave var safnað seint á árinu 2009 sem það met var loksins slegið. Alls skrifuðu 55.522 nöfn sín á undirskriftalista til að sýna stuðning sinn við áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og áframhaldandi veru bandaríska varnarliðsins hér á landi. Söfnunin hófst eftir að háværar kröfur fóru að heyrast um endurskoðun á varnarfyrirkomulaginu. Undirskriftasöfnunin olli talsverðu uppnámi í samfélaginu, en engar breytingar voru gerðar á varnarmálum þjóðarinnar í kjölfarið.“

**EES-samningur**
**1992** — 34.378

„Mikill fjöldi landsmanna skoraði á Alþingi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Alls skrifuðu 34.378 undir kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslu, tæplega nítján prósent atkvæðabærra manna. Að undirskriftasöfnuninni stóðu auk annarra ASÍ og BSRB, þó að forystumenn þeirra tækju opinberlega ekki afstöðu til þess hvort þjóðin ætti að samþykkja eða hafna inngöngu Íslands í EES. Tillaga um að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu var felld á Alþingi með 31 atkvæði gegn 28.“

**Fjölmiðlar**
**2004** — 31.752

„Mikill fjöldi skrifaði nafn sitt á undirskriftalista þar sem fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var mótmælt, og skorað á forseta Íslands að staðfesta lögin ekki, hlytu þau náð fyrir augum þingmanna. Í kjölfar undirskriftasöfnunarinnar synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Ríkisstjórnin dró lögin þá til baka svo ekki þyrfti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þau.“

**Stefna DV**
**2006** — 32.044

Vefritið Deiglan stóð fyrir undirskriftasöfnun árið 2006 þar sem skorað var á ritstjóra og blaðamenn dagblaðsins DV að endurskoða ritstjórnarstefnu blaðsins og eigendur minntir á ábyrgð sína á útgáfunni. Undirskriftirnar sem söfnuðust voru 32.044 talsins. Ekki er ljóst hversu margir af þeim fjölda voru á kosningaaldri. Hafi þeir allir verið átján ára eða eldri hafa það verið hátt í fimmtán prósent kosningabærra manna.

**Icesave**
**2009-2010** — 56.089

Metfjöldi skoraði á forseta Íslands að hafna því að staðfesta lög frá Alþingi um ríkisábyrgð á Icesave-skuldum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Alls skrifuðu 56.089 undir áskorun til forsetans. Af þeim fjölda voru ríflega 52 þúsund átján ára og eldri, sem var um 23 prósent kosningabærra manna. Árangurinn lét ekki á sér standa, og synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Haldin var þjóðaratkvæðagreiðsla um lögin, og þeim hafnað af 93,2 prósentum þeirra sem atkvæði greiddu, en aðeins 1,8 prósent vildu staðfesta lögin.

**Orkuauðlindir**
**2010-2011** — 47.129

Skorað var á stjórnvöld að koma í veg fyrir sölu á HS Orku og á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á auðlindum Íslands. Ekki er ljóst hversu hátt hlutfall þátttakenda var á kosningaaldri, en hafi þeir allir verið það var fjöldinn um 19,8 prósent kosningabærra manna. Árangurinn af þessari undirskriftasöfnun varð enginn, salan gekk í gegn og engin þjóðaratkvæðagreiðsla hefur verið haldin um eignarhald á auðlindum landsins.

**Vegatollar**
**2011** — 41.524

Innanríkisráðherra tók við undirskriftum fólks sem mótmælti vegatollum á leiðum til og frá höfuðborginni. Obbinn af þeim sem skrifuðu undir, 40.787, voru á kosningaaldri, og voru það samtals 17,9 prósent kosningabærra manna. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði að hann myndi taka mark á undirskriftunum. Ekki hafa verið lagðir vegatollar á samgöngur síðan.

**Icesave**
**2011** — 38.000

Skorað var á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að synja staðfestingar frumvarpi um annan Icesave-samninginn sem Alþingi hafði samþykkt. Í kjölfarið ákvað Ólafur Ragnar að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Afhent 18.2.2011

**Forsetaframboð Ólafs Ragnars Grímssonar**
**2012** — 30.000

Skorað var á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að bjóða sig fram til embættis forseta að nýju. Hann hafði lýst því yfir í áramótaávarpi að hann hygðist ekki bjóða sig fram á nýjan leik. Undirskriftirnar eru ekki flokkaðar eftir aldri, en hafi allir sem skrifuðu undir verið á kosningaaldri voru þetta um 12,4 prósent kjósenda. Í kjölfarið snerist Ólafi Ragnari hugur og var hann endurkjörinn í kosningum.

**Ný náttúruverndarlög**
**2013** — 13.677

Skorað var á þingmenn að samþykkja ekki frumvarp um náttúruvernd óbreytt. Áhugahópur um ferðafrelsi taldi að með því yrði för almennings um íslenska náttúru heft og aðgengi til útivistar skert. um 5,8 prósent kosningabærra manna hafði skrifað undir þegar listarnir voru afhentir, en undirskriftasöfnunin var höfð opin eftir það og söfnuðust fleiri nöfn í kjölfarið. Lögin voru samþykkt en hafa enn ekki tekið gildi.

**Veiðigjald**
**2013** — 34.882

Skorað var á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að synja staðfestingar lögum um lækkun veiðigjalda og vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Um 14,4 prósent kosningabærra manna tók þátt, gefið að allir á listanum hafi náð 18 ára aldri. Ólafur Ragnar tók málið til athugunar, en þrátt fyrir fyrri orð um að fiskveiðistjórnunarkerfið hentaði vel í þjóðaratkvæðagreiðslu staðfesti hann lögin.

**Reykjavíkurflugvöllur**
**2013** — 69.772

Skorað var á Reykjavíkurborg að tryggja að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Sett var met í fjölda undirskrifta með söfnuninni. Ekki var sundurliðað hversu margir þátttakenda voru á kosningaaldri. Hafi þeir allir verið 18 ára eða eldri eru þátttakendur 28,8 prósent kosningabærra manna. Í nýju aðalskipulagi borgarinnar hafa engar breytingar verið gerðar á stöðu flugvallarins, enda enginn árangur af viðræðum ríkis og borgar.

**Ríkisútvarpið**
**2013** — 10.339

Skorað var á menntamálaráðherra að afturkalla uppsagnir á Ríkisútvarpinu og koma í veg fyrir niðurskurð. Undirskriftirnar voru frá tæplega 4,3 prósentum kosningabærra manna. Menntamálaráðherra varð ekki við áskoruninni.

**Aðildarviðræður við Evrópusambandið**
**2014** — 38.553

Skorað er á Alþingi að leggja til hliðar tillögu utanríkisráðherra um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort ljúka eigi aðildarviðræðunum eða slíta þeim. Söfnun undirskrifta er enn í gangi á vefnum thjod.is, en þegar hafa um 15,9 prósent kosningabærra manna skrifað undir listann, að því gefnu að allar undirskriftirnar séu frá fólki 18 ára og eldra.

---

Samkomulag tókst um þingstörf eftir mikil fundarhöld þingforseta og formanna flokkanna í gær:

# Evrópusambandsmálið komst loks á dagskrá þingsins

„Aðalatriðið er að það náðist samkomulag. Ég held að við höfum náð góðu samkomulagi,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis.

Þingstörf voru í uppnámi fram eftir degi í gær. Í hádeginu hófust mikil fundarhöld formanna stjórnmálaflokkanna og þingflokksformanna þar sem reynt var til þrautar að ná samkomulagi um þingstörfin í dag og næstu daga. Það tókst þrátt fyrir andstöðu Framsóknarflokksins.

Samið var um að ljúka fyrstu umræðu um skýrslu Hagfræðistofnunar um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Umræðunni lauk með því að skýrslan var send utanríkismálanefnd til umfjöllunar. Þegar umræðum var lokið mælti Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fyrir þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um að draga umsókn Íslands um aðild að ESB til baka. Fulltrúar allra flokka fengu að tjá sig um tillöguna. Að því búnu var fyrstu umræðu um tillöguna frestað til 10. mars.

Nefndardagar verða á Alþingi alla næstu viku og ætla þingmenn í nefndarvikunni að halda áfram samningaumleitunum um hvernig umræðum um ESB skýrsluna og þingsályktunartillögu stjórnarinnar verður háttað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru framsóknarmenn ekki alls kostar sáttir við þessa niðurstöðu. Þeir vildu halda umræðum áfram í dag um skýrslu Hagfræðistofnunar, ljúka henni og koma þingsályktunartillögu utanríkisráðherra á dagskrá. Framsóknarmenn voru tilbúnir til að fresta nefndardögum á Alþingi í næstu viku til að halda málinu áfram.

Annað sem vakti athygli var að það gleymdist að boða Birgittu Jónsdóttur, kaptein Pírata, á lokafundinn þar sem gengið var frá samkomulaginu um þingstörfin og kom forseti þings í pontu og baðst afsökunar á því.

- jme



**SAMKOMULAG TÓKST** Nefndardagar verða á Alþingi alla næstu viku. Samkomulag tókst á milli allra flokka um að halda umræðum um ESB-mál áfram 10. mars. FRÉTTABLAÐIÐ GVA.

# VILTU KYNNA ÞÉR HÁSKÓLA-NÁM Í HÖNNUN OG LISTUM?

## OPIÐ HÚS Á HÁSKÓLADAGINN Í ÞVERHOLTI 11 KL. 12–16

### DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 12:00 | **Fríða Björk Ingvarsdóttir**, rektor býður gesti velkomna |
| | **Illugi Gunnarsson**, menntamálaráðherra setur Háskóladaginn |
| 12:15 | **Kór tónlistardeildar LHÍ** |
| 13:00 | **Suður-amerísk tónlist** |
| 14:00 | **Suður-amerísk tónlist** |
| 15:00 | **Baldvin Tryggvason** leikur á klarínett |

### NÁMSBRAUTARKYNNINGAR

| | |
|---|---|
| 13:00 | **Tónlistardeild** |
| 13:30 | **Listkennsludeild** |
| 14:00 | **Hönnunar- og arkitektúrdeild** |
| 14:30 | **Myndlistardeild** |
| 15:00 | **Sviðslistadeild** |

Allar deildir skólans kynna námsbrautir á bæði bakkalár- og meistarastigi en alls eru 17 námsbrautir við skólann og þar af eru 5 á meistarastigi.

Verk nemenda í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild verða til sýnis. Nemendur sviðslistadeildar sýna myndbandsverk í rútu sem fer á milli HÍ, HR og LHÍ.

Nemendur, kennarar og starfsfólk veita upplýsingar um námsbrautir og hægt verður að skoða inntökumöppur nemenda.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

## KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2014
## 1. MARS KL. 12–16
### Taktu upplýsta ákvörðun!

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða með námskynningu á Háskólatorgi í Háskóla Íslands.
Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.
Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst kynna námsframboð háskólanna í húsakynnum Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík.
Listaháskóli Íslands verður með kynningu á námsbrautum sínum í Þverholti 11.

HÁSKÓLA DAGURINN

f/Háskóladagurinn
#hdagurinn

# Vilja kjósa um sjálfstæði Krímskaga

Arsení Jatsenjúk, nýr forsætisráðherra Úkraínu, varar Rússa við hernaðaraðgerðum á Krímskaga. Vopnaðir menn náðu þinghúsinu þar á sitt vald. Héraðsþingið samþykkti skömmu síðar að efna til þjóðaratkvæðis. Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru á leiðinni til Úkraínu.

**ÚKRAÍNA** Héraðsþingið á Krímskaga samþykkti í gær, eftir að vopnaðir menn höfðu náð þinghúsinu á sitt vald, að efna til íbúakosninga á skaganum um það hvort segja eigi skilið við Úkraínu og stofna sjálfstætt ríki.

Þessar kosningar eiga að verða 25. maí, eða sama dag og efnt verður til forsetakosninga í Úkraínu. Aðeins 64 af 100 þingmönnum voru viðstaddir, en mikill meirihluti þeirra samþykkti þetta.

Það voru rússneskumælandi íbúar Krímskaga sem hertóku þinghúsið í gær, og eru afar ósáttir við gang mála síðustu daga eftir að Viktor Janúkovítsj Úkraínuforseti var hrakinn bæði úr embætti og úr landi. Þeir voru snöggir að draga rússneska fánann að hún á þinghúsinu og öðrum stjórnarbyggingum í Simferopol, sem er höfuðborgin á Krímskaga.

Ný ríkisstjórn er tekin við í Úkraínu, en að henni standa bæði flokkur Júlíu Tímósjenkó, sem var leyst úr fangelsi fyrir nokkrum dögum, og Svoboda, flokkur harðsnúinna þjóðernissinna á hægri vængnum.

Forseti til bráðabirgða er Oleksander Túrkínov, en forsætisráðherra nýju stjórnarinnar er Arsení Jatsenjúk. Þeir eru báðir nánir samstarfsmenn Júlíu Tímósjenkó.

Mikil ólga er enn í landinu, ekki síst á Krímskaga og víðar í austurhluta landsins þar sem rússneskumælandi íbúar eru í meirihluta.

Heræfingar rússneska hersins auka mjög á spennuna, en Jatsenjúk lét það verða eitt sitt fyrsta verk í gær, eftir að hann tók við forsætisráðherrastarfinu, að vara Rússa við því að grípa til hernaðaraðgerða á Krímskaga.

Túrkínov forseti hugðist hins vegar halda með hraði til Simferopol að ræða þar við forystumenn aðskilnaðarsinna.

Fjármálastaða Úkraínustjórnar er bágborin eftir margra mánaða ólgu. Jatsenjúk forsætisráðherra fullyrti í gær að jafnvirði ríflega 40 milljarða króna hafi hreinlega horfið úr ríkissjóði.

Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, staðfesti í gær að skoðað verði hvort sjóðurinn geti komið þar til hjálpar. Fulltrúar sjóðsins verða sendir til Úkraínu á allra næstu dögum.

gudsteinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLENDUR Í KÆNUGARÐI** Enn er nokkur mannfjöldi úti á götum borgarinnar, þótt forsetinn hafi verið hrakinn frá völdum. NORDICPHOTOS/AFP




## ➜ Krímskagi

Íbúar á Krímskaga eru um það bil tvær milljónir, eða rétt innan við fimm prósent íbúa Úkraínu allrar. Meira en helmingur íbúa skagans er rússneskumælandi, og vilja margir þeirra gjarnan tengjast Rússlandi nánari böndum eða jafnvel sameinast Rússlandi. Um fjórðungur íbúa skagans er hins vegar Krímtatarar, en árið 1944 lét Jósef Stalín flytja tatara nauðungarflutningum í stórum stíl frá Krímskaga til Mið-Asíu og Síberíu. Eftir hrun Sovétríkjanna fyrir ríflega tveimur áratugum fengu tatarar að snúa aftur til Krímskagans. Leiðtogar Krímtatara segja hins vegar að þeir muni berjast hart gegn því að Krímskagi sameinist Rússlandi.

## ➜ Janúkovítsj segist enn vera forseti



Viktor Janúkovítsj segist enn vera lögmætur og fullgildur forseti Úkraínu, þrátt fyrir að hafa hrakist úr landi vegna fjöldamótmæla og þrátt fyrir að þjóðþing landsins hafi samþykkt að svipta hann embætti og fela öðrum starfið.

Hann fór í felur um síðustu helgi en segist nú vera kominn til Rússlands. Rússnesk stjórnvöld hétu honum vernd eftir að hann fór fram á það.

Rússneska dagblaðið RBK fullyrti að Janúkovítsj væri kominn til bæjarins Barvikha, sem er rétt utan við Moskvu, höfuðborg Rússlands. Blaðið segir heimildarmenn sína segja hann hafa komið þangað aðfaranótt miðvikudags. Hann hyggst efna til blaðamannafundar í Rússlandi í dag.

Janúkovítsj hefur áður lent í því að hrekjast úr embætti vegna mótmæla. Appelsínugula byltingin veturinn 2004 til 2005 beindist gegn honum, sem þá var forsætisráðherra, og einnig gegn Leoníd Kútsjma, þáverandi forseta, en í það skiptið náðust fram stjórnarskipti án blóðsúthellinga.

Janúkovítsj sneri aftur þegar hann sigraði Júlíu Tímosjenkó í forsetakosningum árið 2010.






# RÝMINGARSALA
## Á ÚLPUM

**Við rýmum fyrir nýjum vörum** og bjóðum því 50% afslátt af öllum dömu-, herra- og barnaúlpum. Athugið að úlpurnar eru ekki til í öllum stærðum.




**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 140601

# Tölvuþrjótur náði að stela gögnum frá Hvíta húsinu

Vefsíða auglýsingastofunnar Hvíta húsið varð fyrir tölvuárás á þriðjudag. Gögnum um þátttakendur í netleikjum viðskiptavina fyrirtækisins var stolið. Tölvuþrjóturinn telur sig hafa ráðist á vefsvæði Vodafone á Íslandi.


**HRANNAR PÉTURSSON**

**ÖRYGGISMÁL** Tölvuárás var gerð á vefsíðu auglýsingastofunnar Hvíta hússins á þriðjudag og gögnum um þátttakendur í netleikjum nokkurra viðskiptavina fyrirtækisins stolið. Svo virðist sem gögnin hafi ekki farið í dreifingu á netinu en tölvuþrjóturinn sem réðst á vef fyrirtækisins birti á Twitter-síðu sinni lista yfir þau gögn sem hann stal. Hann hefur nú fjarlægt listann en samkvæmt færslum á síðunni virðist þrjóturinn halda að hann hafi ráðist á vefsvæði Vodafone á Íslandi.

Gögnin innihalda að sögn Kristins Árnasonar, framkvæmdastjóra Hvíta hússins, upplýsingar um þátttakendur í nokkrum gagnvirkum netleikjum sem viðskiptavinir auglýsingastofunnar hafa staðið fyrir á vefsíðum og þá aðallega á Facebook. Þar sé um að ræða nöfn og símanúmer þátttakenda og í öðrum tilvikum upplýsingar um notendanöfn þeirra á Facebook.

„Gögnin koma úr gömlum auglýsingum og gagnvirkum netborðum sem voru geymd á vefþjóni fyrirtækisins og í grunninn eru þetta gögn sem eru ekki viðkvæm. Þau innihalda engar trúnaðarupplýsingar og það er ekkert þarna sem kemur sér illa fyrir viðskiptavini okkar enda er það okkar stefna að geyma ekki viðkvæm gögn. Þó þetta hafi verið óheppilegt þá er enginn skaði skeður,“ segir Kristinn.

Starfsmenn fyrirtækisins hafa að hans sögn ráðfært sig við öryggisráðgjafa á sviði netöryggis í þeim tilgangi að tryggja að svona tilvik komi ekki upp aftur.

Kristinn og aðrir starfsmenn Hvíta hússins fréttu af árásinni á miðvikudagsmorgun þegar Vodafone á Íslandi gerði þeim viðvart. Starfsmenn Vodafone heyrðu fyrst af árásinni þegar alþjóðlega netvöktunarmiðstöðin Vodafone Global benti þeim á Twitter-færslur tölvuþrjótsins.

„Þá fóru í gang hjá okkur viðbúnaðaráætlun og rannsóknarteymi, en fljótlega kom í ljós að málið tengdist okkur ekki. Þessi aðili veit greinilega ekki hvað hann var að gera en hann virðist hafa haldið að hann væri með gögn af vodafone.is. En þessi gögn hafa aldrei verið til á okkar vefþjónum, hvorki fyrr né síðar,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone á Íslandi.

Hrannar segist ekki vita af hverju þrjóturinn telur sig hafa náð að brjótast inn á vefsvæði Vodafone.

„Hvíta húsið er auglýsingastofan okkar en við rekum ekki vef hennar, þeir reka hann sjálfir og hýsa hann sjálfir.“ haraldur@frettabladid.is


**BÍRÆFINN** Tölvuþrjóturinn virðist hafa tekið listann um gögnin af netinu stuttu eftir að hann birti hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKJÁSKOT** Hakkarinn gengur undir nafninu The Reaper á Twitter.

## Þurfa ekki að tilkynna um tölvuárásir


**ÞORLEIFUR JÓNASSON**

Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar Póst- og fjarskiptastofnunar sem netöryggissveitin CERT-ÍS tilheyrir, segir sveitina ekki sjá mörg mál á ári þar sem tölvuþrjótar nái að stela gögnum af íslenskum fyrirtækjum.

„Við vitum til þess að þeir eru alltaf að reyna. Það tekst í einhverjum tilvikum, en fyrirtæki sem lenda í því eru ekkert að auglýsa það. Þau þurfa ekki að tilkynna um innbrot en fjarskiptafélögum er samkvæmt lögum skylt að tilkynna um slík atvik þegar þau koma upp. Við fáum ekki mikið af tilvikum eins og þessu hjá Hvíta húsinu og það síðasta sem við fengum inn á borð okkar var árásin á Vodafone í nóvember síðastliðnum.“


**FJÖRÐUR** Loka á Vínbúð í verslunarmiðstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhyggjur í Hafnarfirði:

## Vilja ekki missa Vínbúð úr Firði

**VERSLUN** Bæjaráð Hafnarfjarðar segist hafa áhyggjur af fyrirhugaðri lokun Vínbúðar ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Firði. „Bæjarráð hefur áhyggjur af lakara þjónustustigi í miðbæ Hafnarfjarðar verði útibúi Vínbúðar ÁTVR lokað í FIrði. Um er að ræða verslun og þjónustu sem bundin er einkarétti ríkisins og í þessu tilviki gæti brotthvarf verslunarinnar veikt stöðu miðbæjarins í Hafnarfirði,“ segir bæjarráðið. - gar


**Á FRUMDÖGUM FARICE** Sæstrengur Farice tekinn í land í Skotlandi árið 2004. MYND/FARICE

Ársreikningur Farice birtur:

## Tapaði í fyrra 1,1 milljarði

**VIÐSKIPTI** Einkahlutafélagið Farice tapaði í fyrra 7,2 milljónum evra, eða um 1,1 milljarði króna. Þetta kemur fram í ársuppgjöri sem var birt í gær.

Farice, sem rekur tvo sæstrengi á milli Íslands og Evrópu, segir í tilkynningu að kerfisrekstur hafi gengið vel í fyrra og að félagið sé í skilum með öll lán. Tap síðasta árs skýrist fyrst og fremst af háum afskriftum og reiknuðum gengisbreytingum.

Rekstrarhagnaður fyrir afskrifir og fjármagnsliði var 6,7 milljónir evra og jókst um 72,4 prósent frá fyrra ári. - bá




Aðstoðarmaður segir rétt staðið að úthlutun:

## Hafnar gagnrýni ríkisendurskoðanda


**JÓHANNES P. SKÚLASON** Vísar því á bug að úthlutun fjár til verkefna í kjördæmi forsætisráðherra hafi verið geðþóttaákvörðun forsætisráðuneytis.

**STJÓRNMÁL** Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, hafnar gagnrýni Sveins Arasonar ríkisendurskoðanda í Fréttablaðinu í gær á úthlutun á vegum ráðuneytisins og segir að rétt hafi verið staðið að henni.

Um er að ræða úthlutun til verkefna sem lúta að húsafriðun, græna hagkerfinu og varðveislu menningarminja.

„Meirihlutinn af þessum peningum, 175 milljónir af þessum 205, voru undir fjárlagalið frá síðasta kjörtímabili sem var úthlutað til ráðherranefndar um atvinnumál. Þetta eru peningar sem lágu eftir síðasta kjörtímabil og þeim hefur alltaf verið úthlutað á þennan hátt,“ segir Jóhannes Þór.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að peningarnir hafi ekki komið úr sjóði og hafi því ekki verið auglýstir. Peningarnir séu millifærðar fjárheimildir af fjárlagaliðum ráðuneytisins til Minjastofnunar Íslands.

Að sögn Jóhannesar eru í öllum ráðuneytum fjárlagaliðir sem lúti sams konar lögmálum sem úthlutað sé úr án þess að sérstaklega sé auglýst eftir umsóknum eða fagnefndir séu skipaðar vegna úthlutana. Meirihluti verkefnanna hafi fengið styrki eftir ábendingar frá Minjastofnun, Þjóðminjasafni Íslands og formanni húsafriðunarnefndar og vísar hann því á bug að úthlutun tæplega helmings verkefnanna í kjördæmi forsætisráðherra hafi verið geðþóttaákvörðun ráðuneytisins.

Aðspurður segir Sveinn Arason að Ríkisendurskoðun hafi gert athugasemdir við fjárlagaliði hjá ráðuneytum og að ummæli hans í Fréttablaðinu eigi því við um úthlutun forsætisráðuneytisins. Allir eigi að geta sótt um fjármuni til verkefna þegar ríkisfé sé ráðstafað. - fb

# *1. mars hækkar* SKILAGJALD *drykkjarumbúða í* 15 KR.




Þann 1. mars næstkomandi mun skilagjald drykkjarumbúða hækka úr 14 kr. í 15 kr. á hverja umbúð.

Þetta mun þýða einnar krónu hækkun á drykkjum í skilakerfi, en Endurvinnslan vill benda á að þessi hækkun er tilkomin vegna skilagjalds sem fæst endurgreitt. Ekki er um almenna hækkun að ræða frá framleiðendum og innflytjendum.

Endurvinnslan þakkar viðskiptavinum fyrir góð skil árið 2013, en það ár voru bestu skil sem mælst hafa hér á landi eða 90% af öllum drykkjarumbúðum. Til gamans má geta þess að frá stofnun Endurvinnslunnar árið 1989 hefur fyrirtækið móttekið um 1.775.000.000 dósir og flöskur. Lagðar hver ofan á aðra, myndu þessar umbúðir ná um 390.000 kílómetrum að lengd, en það er nokkurn veginn vegalengdin til tunglsins.

**Flöskumóttaka**
**Endurvinnslan**

105.is

# BOLLUDAGURINN NÁLGAST





599kr/stk

**Bolluvendir**




TILBOÐ!

7.999kr/stk
verð áður 8.999

**Easy whip rjómasprautur og hylki**

TILBÚNAR BOLLUR

- Rjómabollur (ger) með súkkulaði
- Rjómabollur (ger) með púnsi

Vatnsdeigsbollur:

- Irish coffie og karamella
- Rjómabollur með súkkulaði
- Bananafylling og karamella
- Daim með kaffi og karamellu
- Piparmyntubolla



ÖSKUDAGSBÚNINGARNIR FÁST Í HAGKAUP

GOTTERÍ OFAN Á BOLLURNAR



239kr/stk

**Bolluglassúr**

TILBOÐ!




189kr/stk
verð áður 229

**Royal búðingur**
Góður á milli.

TILBOÐ!




289kr/stk
verð áður 349

**Kötlu vatnsdeigsmix**
Auðveldar bollubaksturinn.

379kr/pk



529kr/pk

**Myllu bollur**
Gerbollur, vatnsdeigsbollur litlar og stórar.

TILBOÐ!




223kr/stk
verð áður 279

**Billys pizzur**
2 tegundir

Gildir til 2. mars á meðan birgðir endast.



## **SNOWDONIAN** CHEDDAR OG EPLA CHUTNEY

SMAKKAÐU ÞÁ ALLA!

MARGVERÐLAUNAÐIR CHEDDAR OSTAR FRÁ WALES.






## ASÍSKT KJÚKLINGASALAT

200 g gulrætur, rifnar
½ stk agúrka, skorin í bita
½ stk rauðlaukur, saxaður
100 g rauðkál, fínsaxað
1 stk rauð paprika, skorin í bita
150 g baunaspírur
Handfylli mintulauf
50 g kasjúhnetur, grófsaxaðar
2 kjúklingabringur, steiktar og saxaðar kjötið tekið af án skinns
1 stk lárpera, afhýdd og sneidd

Sósa:
2 msk sesamolía
2 msk sojasósa
2 msk fiskisósa (fish sauce)
1 msk engifer, rifið
2 stk hvítlauksrif, pressuð
safi úr 2 límónum
sjávarsalt

Salat:
Setjið allt saman í skál.

Sósa:
Hrærið allt saman í matvinnsluvél og hellið saman við kjúklingasalatið.

# ÞÚ FÆRÐ EINFALDLEGA ALLT

## FYRIR BOLLUDAGINN, SPRENGIDAGINN OG ÖSKUDAGINN Í HAGKAUP!










ÍSLANDS LAMB

## SALTKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR!



ÞÚ GETUR VALIÐ SALTKJÖT ÚR KJÖTBORÐUM HAGKAUPS Í KRINGLUNNI, GARÐABÆ, Á EIÐISTORGI OG AKUREYRI.

SALTKJÖT BLANDAÐ
1.199 kr/kg

SALTKJÖT VALIÐ
2.399 kr/kg

### 45% MINNA SALT -SAMA BRAGÐ

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

AÐEINS 7 MÍNÚTUR Í ÖRBYLGJUOFNI

399kr/stk



**Nice'n Easy thai réttir**
Fljótlegt og gott.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

STRANDSIGLINGAR VIÐ ÍSLAND – REYNSLA FYRSTA ÁRS

# Strandsiglingar spara milljarða

**Stóru skipafélögin fluttu 85.000 tonn af varningi frá fjórum höfnum á fyrstu níu mánuðum strandsiglinga í fyrra. Fyrirtæki á landsbyggðinni spara um milljarð á ári í flutningskostnað. Keyrsla flutningabíla á afmörkuðum vegarkafla minnkar um 3,2 milljónir kílómetra.**

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Flutningar stóru skipafélaganna tveggja í gegnum nýjar strandsiglingaleiðir með tengingu við Evrópuhafnir hafa gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Frá því siglingarnar hófust í lok mars og til ársloka 2013 fluttu félögin 9.200 tonn að meðaltali á mánuði, sem jafngildir 110.000 tonnum á ársgrundvelli. Það er 40.000 tonnum meira flutningsmagn en almennt var gert ráð fyrir í byrjun.
Sparnaður fyrirtækja á landsbyggðinni í flutningum, aðallega í sjávarútvegi, nálgast milljarð króna á ársgrundvelli. Ferðum stórra flutningabíla á afmörkuðum kafla vegakerfisins frá Akureyri og Vestfjörðum til Reykjavíkur fækkar um átta til níu þúsund með tilheyrandi sparnaði í sliti og viðhaldskostnaði á vegum og auknu umferðaröryggi.

### Forsagan í hnotskurn

Í stuttu máli lögðust strandsiglingar stóru skipafélaganna af í árslok 2004, en ríkisstyrktar siglingar tíðkuðust til ársins 1992. Frá 2004 var flutningum innanlands sinnt með landflutningum að mestu leyti, með þeim kostum og göllum sem þeim fylgja. Hugmyndir um að koma aftur á strandsiglingum með opinberum stuðningi létu þó reglulega á sér kræla, og þrátt fyrir skiptar skoðanir myndaðist þverpólitísk samstaða um að málið yrði skoðað.

Starfshópur sem Kristján L. Möller, þáverandi samgönguráðherra, skipaði til að meta hagkvæmni strandflutninga við Ísland komst að þeirri niðurstöðu árið 2010 að strandsiglingar væru álitlegur kostur. Á þeim grunni skipaði eftirmaður Kristjáns, Ögmundur Jónasson þáverandi innanríkisráðherra, starfshóp vorið 2011 til að vinna tillögur um hvernig koma mætti á strandsiglingum og undirbúa útboðslýsingu fyrir ríkisstyrktar strandsiglingar.

Ríkisstjórn fól Ögmundi að ganga frá útboði fyrir strandsiglingar 1. mars. Þá kynntu Eimskip og Samskip nýjar siglingaleiðir, sem þá höfðu verið í undirbúningi um hríð. Hugmyndir stjórnvalda og skipafélaganna voru hins vegar eins og svart og hvítt. Ekki var um strandsiglingar að ræða eins og tíðkuðust á árum áður, heldur strandsiglingaleiðir sem hluta af siglingakerfum frá Íslandi við meginland Evrópu. Engu að síður var málið leyst, og dró Ögmundur tillögu sína um ríkisstyrktar strandsiglingar snarlega til baka enda tilgangi hennar náð.

### Umfram væntingar

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði, var formaður starfshóps Ögmundar. Hann segir að þessi nýja þjónusta skipafélaganna hafi sannað sig rækilega. Samantekt hans á flutningum á strandsiglingaleiðum í gegnum hafnir á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði sýnir að frá 18. mars til áramóta fluttu félögin tvö tæp 84.000 tonn. Það jafngildir því að félögin flytji 110.000 tonn á ársgrundvelli, eða 9.200 tonn að meðaltali á mánuði. Vel innan við 6.000 tonn á mánuði var talið mjög ásættanlegt flutningsmagn í undirbúningsvinnu stjórnvalda, en í skýrslu starfshópsins árið 2010 var talið líklegt að flutningarnir gætu numið um 70.000 tonnum á ári í byrjun, og að þeir væru sjálfbærir miðað við það flutningsmagn.

Hér er vert að geta þess að siglingaleið Eimskips frá Reykjavík í gegnum Vestmanneyjar og til Reyðarfjarðar er haldið til hlés, þó vissulega sé um strandsiglingar að ræða. Ástæðan er sú að fyrirtækið hafði verið á þessari áætlun löngu áður en eiginlegar strandsiglingar hófust aftur í fyrra. Þá má halda því til haga að flutningar fyrirtækisins frá Reyðarfirði eru auðveldlega 20.000 tonn á ári.




**Í SUNDAHÖFN** Tugir þúsunda tonna eru ekki lengur fluttir landleiðina með flutningabílum til útflutningshafnar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Einstakir fiskframleiðendur eru að spara sér milljónir, jafnvel tugi milljóna, í flutningskostnað á ári.**
>
> *Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði*

> **Eftir stendur að flutningabílar aka um 30 milljón kílómetra á leiðum sem hugsanlegt er að væri hægt að sinna með strandflutningum.**
>
> *Heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Fjármálaráðuneytið, 2008*

### Vænkast hagur

Guðmundur bendir á hversu gríðarlega mikil búbót strandsiglingarnar séu fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, ekki síst sjávarútvegsfyrirtæki. „Maður heyrir að framleiðendur hér á svæðinu eru einróma um að þessi nýja þjónusta skipti þá verulega miklu máli. Einstakir fiskframleiðendur eru að spara sér milljónir, jafnvel tugi milljóna, í flutningskostnað á ári. Þetta er fljótreiknað þegar haft er í huga að áður borguðu menn 250.000 fyrir flutning með bíl að útflutningshöfn í Reykjavík og til Evrópu, en sami 25 tonna gámur kostar sama framleiðanda kannski 60.000 krónur þegar hann er sóttur af strandsiglingaskipi,“ segir Guðmundur.

Gunnar Kvaran, forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa, benti á þetta sama í viðtali við Sóknarfæri, útgáfu Athygli almannatengsla um tækifæri í íslensku atvinnulífi, í nóvember í fyrra. Hann hefur reiknað út fjárhagslegu áhrifin af strandsiglingunum, og studdist við útflutning á 50.000 til 60.000 tonnum, helst sjávarafurðum, frá Vestfjörðum og Norðurlandi. Niðurstaða hans er að sparnaður fyrirtækjanna á þessu afmarkaða svæði hlaupi á 400 milljónum króna, miðað við hefðbundna keyrslu bíla með 25 tonna gám til og frá útflutningshöfn í Reykjavík. Hlutföllin á milli landshluta er Norðurland með 60% og Vestfirðir 40% að mati Gunnars sem útilokar ekki að þjónusta í strandsiglingum verði aukin í ljósi góðrar reynslu.

Ef útreikningar Gunnars eru heimfærðir yfir á flutningstölur Guðmundar hafnarstjóra má sjá að sparnaður fyrirtækja nálgast hratt milljarð króna á ársgrundvelli – ef miðað er áfram við 110.000 tonn.

### Hin hliðin

En það eru fleiri hliðar á strandsiglingunum sem vert er að gefa gaum. Til að koma tugum þúsunda tonna af varningi landleiðina frá fyrirtækjum fyrir vestan og á Norðurlandi þurfa flutningabílar að keyra þessa afmörkuðu leið átta til níu þúsund sinnum fram og til baka. Í útreikningum Gunnars Kvaran er meðalferðin í kringum 400 kílómetrar. Miðað við átta þúsund ferðir eru það 3,2 milljónir ekinna kílómetra.

Í skýrslu fjármálaráðuneytisins, Heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis frá árinu 2008, er vegslit flutningabíla gert að umtalsefni. Þar segir: „Ein ferð flutningabíls án tengivagns með 80% hleðslu gæti valdið svipuðum niðurbrotsáhrifum og 9.000 ferðir […] fólksbifreiðar,“ og bæta skýrsluhöfundar við að sé dreginn tengivagn geti 12.000 fólksbílar ekið um tiltekinn vegarkafla áður en slitið verður jafn mikið. Það þarf því 72 milljónir fólksbíla til að ná því vegsliti flutningabíla sem hefur verið fært út á sjó, svona ef léttilega er reiknað.

Jón Helgason, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar, segir að allt of stuttur tími sé liðinn frá því að siglingarnar hófust til að hægt sé að merkja mun á viðhaldskostnaði. Það segi sig sjálft að með minnkandi umferð sé slitið minna, en breyturnar sem hafa þurfi í huga séu svo margar að erfitt sé að reikna eina þeirra sér.

Hvað sem því líður er á það bent í gögnum strandsiglinganefndarinnar að viðhaldskostnaður Vegagerðarinnar á bundnu slitlagi og skyldum þáttum jókst um 52% fyrstu fjögur árin eftir að strandsiglingar lögðust af.

### STRANDSIGLINGAR EIMSKIPS OG SAMSKIPA




→ **Strandflutningar snarminnka álag á vegakerfið**




### Umferðaröryggi

Í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa um slys vöru- og hópbifreiða segir að á árunum 2005 til 2008 hafi 71 banaslys orðið í umferðinni, en í 18% banaslysa lenti fólksbifreið í árekstri við vöru- eða hópbifreið. Á undanförnum árum hafa hins vegar mál færst mjög til betri vegar.

Ágúst Mogensen, rannsóknastjóri umferðarslysa hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, segir að banaslys þar sem flutningabílar koma við sögu séu ekki tíð. Það sem hins vegar liggi í augum uppi sé þyngdarmunur ökutækja ef eitthvað ber út af. „Þó að þessir þungu bílar séu sjaldan orsakavaldur í slysum þá er þessi staðreynd ein og sér valdur að því að slysin verða alvarleg,“ segir Ágúst og bendir einnig á slit á vegum í samhengi við umferðaröryggi. Ágúst segir að það sem Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggi þó helst áherslu á í þessum flokki slysa varði vegina sjálfa. Þeir séu margir hverjir mjóir, lítið um vegaxlir og svæði fyrir stóra bíla ef eitthvað kemur fyrir. „Það getur því verið erfitt að mæta þessum bílum eins og menn þekkja,“ segir Ágúst.

Þessu atriði eru gerð skil í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU) um dauðaslys á Norðurlandsvegi í Langadal frá árinu 2011, en þá lentu tveir vöruflutningabílar í árekstri.

„Farmflutningar fluttust nánast alfarið af sjó yfir á vegakerfi landsins á stuttum tíma án þess að samhliða hafi fylgt nauðsynlegar vegbætur, s.s. breikkanir vega. Að mati RNU þarf sérstaklega að huga að þessu máli við gerð samgönguáætlunar og veita fé til nauðsynlegra vegbóta,“ segir í niðurlagi skýrslunnar og hnykkt á ábyrgð ökumanna til að fara varlega og að reglum. Hins vegar sé það „hlutverk stjórnvalda að tryggja að samgöngukerfið sé öruggt og umferðamannvirki með þeim hætti að þó ökumenn geri mistök leiði það ekki til alvarlegra umferðarslysa.“

Strandsiglingar hafa fært hluta þungaflutninga af vegakerfi landsins, og svo virðist sem samfélagslegur ávinningur sé verulegur, en eins og segir í fyrrnefndri skýrslu fjármálaráðuneytisins frá 2008: „Eftir stendur að flutningabílar aka um 30 milljón kílómetra á leiðum sem hugsanlegt er að væri hægt að sinna með strandflutningum.“

# Mars er málið

Food and fun   Reykjavik Fashion Festival   Hönnunarmars

## — LANGUR LAUGARDAGUR 1. MARS —

**14:00** **Skrúðganga frá Bíó Paradís**
Gengið að Frakkastíg, þaðan að Klapparstíg og endað við Bíó Paradís.

Sirkusfólk ekur um hjólastíga á freistandi Lukku-hjóli sem hægt er að festa á eigin miða!

Lúðrasveit Samma „fönkar" upp stemninguna.

Tilvalið  að hita upp Öskudags-grímubúningana með þátttöku í skrúðgöngunni.

**14:15** **Hátíðarræða – sungin og leikin: Eiríkur Fjalar**

**14:25** **Fjöldasöngur gesta með Lúðraveit Samma**

**14:30** **Jón Gnarr: Opnunarávarp**

**14:30** **Dregið úr potti Lukku-hjólsins. Dagur Eggertsson dregur og afhendir vegleg verðlaun**

**14:40** **Óður til Hverfisgötu**
Þjóðþekkt miðborgarrotta flytur frumsaminn brag.

**14:45** **Lúðraveit Samma blæs til leiks**

**15:00** **Fornbílaakstur gleður augu og eyru**

**15:10** **Plötusnúðarnir Taj Mahal & Abdullah RAJ hræra saman indverskri tónlist og íslenskum þjóðstefjum**

**15:30-19:00** **Reykjavíkurmyndahátíð Bíó Paradísar: 101 Reykjavík, Rokk í Reykjavík,  Reykjavík - Rotterdam, Sódóma Reykjavík**

**Sjá nánar á www.bioparadis.is**

Ljúffengar veitingar frá Austur-Indíafélaginu.
Popp, kók og appelsín frá Bíó Paradís.

**FÖGNUM LANGÞRÁÐRI OPNUN NÝJU GLÆSIGÖTUNNAR HVERFISGÖTU**
**TAKK FYRIR ÞOLINMÆÐINA!**

ÍSTAK   Reykjavíkurborg   MIÐBORGIN OKKAR

*Verum þar sem hjartað slær*



**WWW.MIDBORGIN.IS**



**GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR**

Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar

**MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN**

Brandenburg/Teikning: Sól Hrafnsdóttir

**KYNBUNDIÐ** NÁMS- OG STARFSVAL

# Kynjamúrar á vinnumarkaðnum

Karlar í „kvennastörfum“ og konur í „karlastörfum“ eru sammála um að aukna hvatningu þurfi frá samfélaginu og fleiri fyrirmyndir til að strákar og stelpur láti slag standa. Uppbrot á kynskiptum vinnumarkaði er talið líklegasta leiðin til að minnka launamun karla og kvenna. Eygló Harðardóttir er sannfærð um að hægt sé að ná fullu jafnrétti en að heildstæða aðgerðaáætlun þurfi til að ná markmiðinu.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Það þarf að breyta skólakerfinu, efla fyrirmyndir og kollvarpa viðhorfi í öllu samfélaginu til að brjóta upp hinn kynskipta vinnumarkað. Þetta var helsta niðurstaða fundar um konur í „karlastörfum“ sem aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynja stóð fyrir.

Sama hljóð var í körlum í umönnunarstörfum, sem fjallað var um á fundi fyrir tveimur vikum. Þar lýstu karlar í „kvennastörfum“ þeim hindrunum og fordómum sem þeir mæta bæði innan og utan stéttarinnar.

Niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna benda til þess að líklegasta leiðin til að minnka launamun karla og kvenna sé uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, tekur undir þau orð enda hafi staðalmyndir mikil áhrif á námsval ungmenna sem komi fram í starfsvali og hafi að lokum áhrif á launamun kynjanna.

„Ég er sannfærð um að við getum náð fullu jafnrétti en það gerist ekki bara með því að óska eftir því,“ sagði Eygló eftir fundinn. „Það dugar ekki að fara í endalaus átaksverkefni heldur þarf heildstæða aðgerðaáætlun um hvernig við ætlum að breyta þessu til framtíðar.“

Verkefni aðgerðahópsins er að skila framkvæmdaáætlun um uppbrot kynbundins vinnumarkaðar. Eygló segist vilja fara með áætlunina á þing og fá samþykkta sem þingsályktunartillögu.

„Og þá treystir maður á að það muni fylgja fjármunir til að geta stutt við verkefnið til langtíma. Enda líður öllum betur á ókynbundnum vinnumarkaði. Það er vitað að fólki líður betur á vinnustöðum þar sem er jafnt hlutfall kynja og ég tel að börnunum okkar líði betur í skóla þar sem eru starfsmenn af báðum kynjum.“



> **Það dugar ekki að fara í endalaus átaksverkefni.**
> *Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra*



**PALLBORÐSUMRÆÐUR** Í lok fundar ræddu sjö konur leiðir til að fjölga konum á fagsviðum þar sem karlar hafa verið í meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Peningar eru ekki eini drifkraftur karla



**INGÓLFUR V. GÍSLASON** lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, fjallaði um hvernig Norðmenn fóru að því að tvöfalda fjölda karla í leikskólum á tíu árum á fundinum um karla í hefðbundnum kvennastörfum.

„Þetta eru leiðir sem ég tel færar á Íslandi,“ segir Ingólfur. „En ég veit ekki hvort áhuginn er til staðar. Ég hef farið í gegnum allar jafnréttisáætlanir sem hafa verið samþykktar á Alþingi en það hefur ekki verið minnst á það einu orði að auka hlut karla í umönnunarstöfum.“

Ingólfur segir þurfa víðtæka samvinnu og áhuga fólksins í geiranum, stjórnmálamanna og fræðifólks til að breytingar eigi sér stað og gera langtímaáætlun í stað skammvinnra átaka.

„Kynning á faginu í grunn- og framhaldsskólum er lykilatriði. Karlkyns leikskólakennarar þurfa að fara og benda drengjum á að þetta starf sé möguleiki því að ungum drengjum dettur það annars ekki í hug.“

Í Noregi var einnig sett töluvert fjármagn í aðgerðirnar. Meðal annars fengu leikskólar sem náðu góðum árangri í kynjablöndun milljón króna verðlaun, athygli var vakin á þeim í fjölmiðlum og þeir fengu ákveðinn gæðastimpil.

„Norðmenn hafa náð mjög góðum árangri með þessum leiðum en ég vil taka það skýrt fram að laun voru ekki hækkuð. Við verðum að fara að yfirgefa þá hugmynd að það eina sem mótíveri karla í tilverunni séu peningar.“

## KYNJASKIPT MENNTUN




## Fyrirmyndir eru mikilvægar



**„Börnin læra það sem þau alast upp við. Sonur vinkonu minnar sem er verkfræðingur kom einu sinni til hennar rosa spenntur og spurði hvort það væri virkilega satt að strákar gætu líka orðið verkfræðingar. Þetta sýnir okkur hvað fyrirmyndirnar eru mikilvægar.“**

*Heiða Njóla Guðbrandsdóttir, formaður kvennanefndar Verkfræðingafélags Íslands*

## Þurfa að læra forritun fyrr



**„Vandinn er í skólakerfum á grunnskólastigi. Stelpur þurfa að læra forritun strax í sex ára bekk en flestar prófa það ekki fyrr en í háskóla. Um 70% nemenda okkar eru strákar og stelpur á aldrinum 10-13 ára. Stelpur vilja alls ekki koma á námskeið ef þær eru eina stelpan. Við byrjuðum með stelpunámskeið og þá birtust stelpurnar.“**

*Þórunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SKEMA*

## Vil fá töff tölvustelpu í bíó



**„Það vantar fyrirmyndir. Ég finn til dæmis enga bíómynd sem er um konu sem er tölvusnillingur, töff, gengur vel í einkalífinu og er á framabraut. Einhver sem er ekki Sandra Bullock með risastór gleraugu og allt hálf misheppnað. Ég eiginlega bíð eftir Hollywood-mynd sem er svona Legally Blonde fyrir tölvunarfræðinga.“**

*Sesselja Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Tagplay*

## Efla sjálfstraust og sjálfstæði



**„Systir mín er togarasjómaður, systurdóttir mín er bifvélavirki. Mamma segir að þetta hafi verið meðvitað uppeldi, að ala okkur upp sem sjálfstæðar verur sem gætu gert hlutina sjálfar. Ég ætlaði að verða snyrtifræðingur þegar ég var unglingur en það var bara áhrifagirni. Það þarf að ala upp sjálfstraust í stelpum.“**

*Svanborg Hilmarsdóttir, rafvirki og tæknifræðinemi*



**BÓLUSETNING** Ný rannsókn leiðir í ljós að MMR-bólusetning barna dregur úr alvarlegum sýkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný dönsk rannsókn:

## Bólusetning gegn sýkingum

**HEILSA** MMR-bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt við fimmtán mánaða aldur dregur úr alvarlegum sýkingum bólusettra barna í marga mánuði eftir bólusetninguna, einkum alvarlegum lungnasýkingum. Þetta segir í frétt á vef landlæknisembættisins og er vísað í nýja danska rannsókn sem birtist í Journal of American Medical Association.

Ekki er að fullu ljóst af hverju þetta stafar en á vef landlæknis segir að líklega valdi bólusetningin „ósérhæfðri örvun á ónæmiskerfinu sem verndar gegn fleiri sýkingum en þeim sem bólusett er gegn“. - þj

Náttúrufræðistofnun sparar:

## Keypti notuð húsgögn

**STJÓRNSÝSLA** Náttúruminjasafn Íslands keypti notuð húsgögn á uppboði á vegum Ríkiskaupa í síðustu viku.

Húsgögnin voru keypt af embætti Sérstaks saksóknara og Ríkislögreglustjóra og kostuðu 265 þúsund krónur.

Húsgögnin eru framleidd af Á. Guðmundssyni, hillur og skrifborð klædd mahóníspæni, alls sautján hillu- og skápaeiningar og þrjú skrifborð með skúffuvögnum á hjólum.

Húsgögnin er talin falla vel að yfirbragði og því innbúi sem var fyrir í húsnæði Náttúruminjasafnsins, gömlu Loftskeytastöðinni á Melunum. - jme



**Í KAUPMANNAHÖFN** Yfirborgarstjórinn leggur til að kannabis verði framleitt á vegum hins opinbera. NORDICPHOTOS/GETTY

Yfirborgarstjóri Köben:

## Borgin fái að selja kannabis

**DANMÖRK** Yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, Frank Jensen, segir að borgin eigi að hefja sölu á kannabis til að grafa undan fjárhag vélhjólagengja og til að breyta fíkniefnavenjum ungmenna.

Yfirborgarstjórinn hyggst á ný sækja um undanþágu hjá danska þinginu um löglega fíkniefnasölu í tilraunaskyni til þriggja ára.

Jensen vill að allir eldri en 18 ára búsettir í Danmörku fái að kaupa fimm grömm af hassi á dag. Framleiðslan yrði á vegum hins opinbera og hagnaður notaður í forvarnavinnu og meðferð. - ibs

Sænskur metsöluhöfundur fékk upplýsingar um mann á vegum s-afrísku leyniþjónustunnar:

# Stieg Larsson rannsakaði morðið á Palme

**SVÍÞJÓÐ** Stieg Larsson, blaðamaður og höfundur bókanna um Lisbeth Salander, afhenti sænsku lögreglunni gögn um sína eigin rannsókn á morðinu á Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, að því er greint er frá í Sænska dagblaðinu.

Palme var skotinn til bana úti á götu í Stokkhólmi 28. febrúar 1986. Með aðstoð tengiliða hjá breska tímaritinu Searchlight fékk Larsson, sem lést árið 2004, upplýsingar um fyrrverandi liðsforingja, Bertil Wedin, sem hafði tengsl við Suður-Afríku.



**OLOF PALME**

Sænska dagblaðið segir upprunalegan heimildarmann, sem starfaði fyrir bresku leyniþjónustuna MI6, hafa rekist á Wedin á Kýpur 1986. Í kjölfar þess fundar hafði heimildarmaðurinn samband við Searchligt og sagði að Wedin hefði mögulega getað tengst morðinu á Palme.

Haft hefur verið eftir nokkrum heimildarmönnum að Wedin hafi starfað fyrir suður-afrísku leyniþjónustuna og að hann hafi skipulagt morð á Ruth First, persónulegum vini Palme, árið 1982.

Larsson afhenti sænsku lögreglunni rannsóknargögn sín þegar árið 1987 um möguleg tengsl suður-afrísku leyniþjónustunnar við morðið á Palme. Samkvæmt frétt Sænska dagblaðsins hefur lögreglan ekki yfirheyrt Wedin að undanskildu stuttu símtali. Hann hefur þó verið meðal þeirra sem lögreglan hefur rannsakað. - ibs

**1987**

Undir lok níunda áratugar síðustu aldar afhenti rithöfundurinn Stieg Larsson lögreglu rannsóknargögn sín.



Réttarbætur í Noregi:

# Barnahús verði alltaf notuð

**NOREGUR** Fulltrúar Verkamannaflokks í Noregi segja réttaröryggi barna ábótavant verði ekki öll börn sem beitt hafa verið ofbeldi yfirheyrð í sérstökum barnahúsum. Þeir leggja til að skylda verði að yfirheyra börn undir 18 ára aldri í barnahúsum.

Árið 2011 var nær þriðjungur yfirheyrslna yfir börnum utan barnahúsa, að því er kemur fram á vef Aftenposten. Börn sem beitt hafi verið ofbeldi hafi þurft að bíða vikum og mánuðum saman. - ibs

Hækkun á vísitölu neysluverðs í febrúar er sú langminnsta sem sést hefur síðustu fimm ár:

# Verðbólga nú undir viðmiði Seðlabankans

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgumarkmiði Seðlabankans í febrúar hefur verið náð og er útlit fyrir að markmiðið haldist út árið. Verðbólga mælist nú 2,1 prósent og hefur ekki mælst minni síðan í febrúar árið 2011.

Þetta kemur fram í frétt Greiningardeildar Íslandsbanka frá því í gær. Hækkun vísitölu neysluverðs í þessum mánuði nam 0,67 prósentum sem er langminnsta hækkun í febrúarmánuði í fimm ár. Hækkunin er auk þess nokkuð undir spám greiningaraðila, sem flestir spáðu 0,7 til 0,8 prósenta hækkun.

Lítil hækkun vísitölunnar í febrúar er meðal annars talin stafa af lækkun markaðsverðs á íbúðarhúsnæði og verðlækkun matvara, en lækkun matvöruverðs milli mánaða hefur ekki mælst minni síðan í ágúst 2012.

Einnig voru áhrif útsöluloka mun vægari en undanfarin ár og skýringin talin styrking krónunnar undanfarna mánuði.

Sé húsnæði undanskilið í vísitölunni, mælist verðbólga 0,8 prósent og hefur ekki verið minni á þeim kvarða síðan í ágúst 2007.

Greiningardeild segir útlit fyrir að verðbólga haldist við markmiðið það sem eftir er árs. Rætist sú spá yrði það í fyrsta sinn undanfarinn áratug sem verðbólgumarkmið Seðlabankans næst í svo langan tíma. - bá



**Í BÚÐINNI** Hækkun á matvöruverði mældist 0,7 prósent í febrúar. Verðbólga stendur nú í 2,1 prósenti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÍSLENSKA SIA.IS GRA 67784 02/14

HB GRANDI

AÐALFUNDUR

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 21. mars 2014 í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 18. gr. samþykkta félagsins. Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning.
2. Tillögur að nýjum samþykktum fyrir félagið. Hinar nýju samþykktir byggja að mestu á núgildandi samþykktum en breytast til samræmis kröfum sem gerðar eru til félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Tekin eru upp ákvæði um rafræn samskipti við hluthafa, rafræna hluthafafundi, boðunarfrestir hluthafafunda lengdir, ákvæði um kynjahlutföll við stjórnarkjör og fellt niður kjör varamanns í stjórn. Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess og þar geta hluthafar nálgast þær.
3. Tillaga um heimild til félagsstjórnar um kaup á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
4. Önnur mál.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning:

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sem lögð verður fram tveimur vikum fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 föstudaginn 7. mars 2014. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins **www.hbgrandi.is**.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn, geta:
a) veitt öðrum skriflegt umboð.
b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

**Aðrar upplýsingar**

Endanleg dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins, nýjar samþykktir og tillögur, eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 7. mars 2014, kl. 17:00 og á skrifstofu félagsins frá sama tíma á venjulegum skrifstofutíma.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, **www.hbgrandi.is**.

**Stjórn HB Granda hf.**





**HÖFNIN Í NJARÐVÍK** Hafnarbraut 6 er menguð af olíu eftir rekstur olíubirgðastöðvar á lóðinni. Heilbrigðiseftirlitið segir hreinsun sem gerð var ekki hafa dugað til. Lóðin er nú á skilgreindu útivistarsvæði sem nær inn á hafnarsvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki hægt að fyrirskipa hreinsun olíu

Lagastoð skortir segir úrskurðarnefnd umhverfismála sem felldi úr gildi ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins um að eiganda beri að hreinsa olíumengaða lóð í Njarðvík. Olían er þrefalt meiri en reglugerð um urðun leyfir.

**UMHVERFISMÁL** „Úrskurðurinn er kominn og hann er ótvíræður,“ segir Ríkharður Friðriksson hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja um þá niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að ekki sé hægt að mæla fyrir um hreinsun á olíumengaðri lóð í Njarðvík.

Olíudreifing rak olíubirgðastöð við Hafnarbraut þar til 2001 að hún var lögð niður og olíutankar rifnir. Á árinu 2010 fékk fyrirtækið verkfræðistofu til að meta hversu menguð lóðin væri. Niðurstaða, að sögn Olíudreifingar, var sú að nauðsynlegt hafi verið að fjarlægja um 200 rúmmetra af jarðvegi og hafi síðan 330 rúmmetrar verið fjarlægðir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja tók í lok nóvember 2011 jarðvegssýni úr Hafnarbrautarlóðinni og sendi þrjú sýni í greiningu á rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Niðurbrotin dísilolía í sýnunum reyndist vera 12,1 til 16,6 grömm á kíló.

Í reglugerð um meðferð úrgangs segir að olíumagn í jarðvegi megi ekki vera meira en 5 grömm á kíló – sem eru skilgreiningarmörk á óvirkum úrgangi. Með vísan í þessa reglugerð sendi Heilbrigðiseftirlitið Olíudreifingu bréf og sagði að fyrirtækið ætti að hreinsa lóðina betur.

Olíudreifing taldi reglugerðina um meðferð úrgangs hins vegar ekki eiga við um lóðina á Hafnarbraut 6 heldur ætti að vinna samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins um meðferð á olíumenguðum jarðvegi. Heilbrigðiseftirlitið hélt sig hins vegar við kröfuna um hreinsun lóðarinnar og benti á að samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ætti Olíudreifing að láta gera áhættumat.

Í kæru til úrskurðarnefndarinnar segir Olíudreifing að ekki hafi verið um úrgang að ræða heldur hafi lóðin mengast vegna starfsemi fyrirtækisins.

Úrskurðarnefndin kveður Heilbrigðiseftirlitið ekki „styðjast við viðhlítandi lagaheimild“ og því sé ákvörðun þess felld úr gildi. Niðurstaðan er nú til skoðunar hjá Heilbrigðiseftirlitinu.

„Við stöndum á gati hér en miðað við þennan úrskurð held ég að við getum ekkert frekar gert,“ segir Ríkharður Friðriksson. Miðað við úrskurðinn sé ekki hægt að miða við áðurnefnt gildi í reglugerðinni um meðferð úrgangs. Ríkharður bendir á að yrði olíumengaði jarðvegurinn á Hafnarbraut grafinn upp þá mætti ekki urða hann á urðunarstað fyrir almennan úrgang.

gar@frettabladid.is

> **Við stöndum á gati hér en miðað við þennan úrskurð held ég að við getum ekkert frekar gert.**
>
> *Ríkharður Friðriksson hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.*



MEIRA
ÚRVAL
EN NOKKRU
SINNI FYRR
ALLT SEM ÞARF FYRIR
ÖSKUDAGINN
FRJÁLST VAL*
4.499
SPARIÐ 1.500
ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Tilboðin gilda til og með 03.03.2014. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
*Tilboðið gildir aðeins um

# Ólga innan og utan þings

Í vikunni söfnuðust þúsundir manna saman á Austurvelli og mótmæltu þeirri ákvörðun stjórnvalda að leggja fram þingsályktunartillögu um að draga umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til baka. Innan Alþingis var stjórnarandstöðuþingmönnum mikið niðri fyrir og tóku þeir undir mótmælin í ræðupúlti. Í vikunni fengu orð og frasar að fjúka sem aldrei áður hafa heyrst innan veggja þinghússins. Þingsályktunartillagan var sögð vera skeinipappír, orðið hroðbjóður var kynnt fyrir þjóðinni og frasinn róaðu þig fékk nýja merkingu. Ljósmyndarar Fréttablaðsins, Pjetur Sigurðsson og Valgarður Gíslason, voru á svæðinu og festu ólguna, innan og utan þings, á filmu.




**SVIKSTJÓRN** Hátt í fjögur þúsund manns komu saman á Austurvelli á fyrsta degi mótmæla vegna ákvörðunar stjórnvalda um að draga aðildarumsókn að Evrópusambandinu til baka. Heyrðist kallað hátt og skýrt „svikstjórn“ og „meira lýðræði“ og um leið var barið í járngrindur sem lögregla hafði komið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RÓAÐU ÞIG** Upp úr sauð á Alþingi þegar Katrín Júlíusdóttir kallaði Bjarna Benediktsson helvítis dóna. Það gerði hún eftir að hann hafði lagt blað á ræðupúltið í miðri ræðu Katrínar. Þá bað Bjarni þingkonuna um að róa sig. Í kjölfarið sakaði þingkonan Sigríður Ingibjörg Ingadóttir fjármálaráðherra um kvenfyrirlitningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**MÓTMÆLAVÖLLUR** Á þriðjudaginn var Austurvöllur undirlagður mótmælum. Klukkan þrjú um daginn söfnuðust námsmenn saman og mótmæltu bágum kjörum námsmanna. Seinna um daginn mættu þrjú þúsund manns til að vekja athygli á á óánægju sinni með þingsályktunartillöguna varðandi Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VIÐ VILJUM KJÓSA** Alla vikuna var mótmælt á Austurvelli og nú undir lok vikunnar hafa rúmlega 38 þúsund manns skrifað undir áskorun þess efnis að þjóðin fái að kjósa um hvort halda eigi aðildarviðræðum áfram við Evrópusambandið eða ekki. Það eru tæp 17 prósent kosningabærra manna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GJÖRÐU SVO VEL** Þingkonurnar Svandís Svavarsdóttir og Katrín Júlíusdóttir mótmæltu framkomu Bjarna Benediktssonar á táknrænan hátt og lögðu blöð á ræðupúltið undir ræðu hans. Þegar fjármálaráðherra lauk ræðunni tók Katrín blöðin úr púltinu og afhenti honum. Þá sagði Bjarni að ef hún þyrfti að koma einhverju til hans þá væri póstkassinn hans frammi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SAMSUNG LÆKKAR VERÐ

SAMSUNG

**6475 LÍNAN** 200 Hz · LED skjár · SMART TV · 3D · Innbyggt þráðlaust net




***Svona eiga sjónvörp að vera!***

**32" = 154.900**
**40" = 189.900**
**46" = 219.900**
**55" = 329.900**
**65" = 549.900**
(Uppselt - kemur aftur 14. mars)

***Gríptu tækifærið! Frábær myndgæði!***



## Þvottavélar af bestu gerð

WF600B4BKWQ

- Tekur 6 kg. af þvotti
- Vinduhraði allt að 1400 sn./mín.
- Kolalaus móttor
- Verð **96.900.-**

## EcoBubble þvottavél

WF72F5E4P4W

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Vinduhraði allt að 1400 sn./mín.
- Kolalaus mótor
- Verð **119.900.-**





## Frábær þurrkari

DV70F5E0HGW

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Varma dæla
- Orkunotkun A++
- Verð **169.900.-**



## Afburða uppþvottavél

DW-UG721W

- 14 manna stell
- 7 þvottakerfi
- 3 grindur
- Grind efst fyrir hnífapör
- Orkunotkun A++
- Hljóðlát aðeins 44db
- Verð **142.900.-**

12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur

Sjá nánar: samsungsetrid.is

samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

# SKOÐUN

Faglega framsóknaraðferðin við úthlutun skattfjár:

# Húsvernd fyrir heimakjördæmið

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi skammaði Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hér í blaðinu í gær fyrir það hvernig staðið er að fjármögnun áhugamáls ráðherrans, eflingu húsverndar. Flestir ættu raunar að geta skrifað upp á að varðveizla menningararfsins sem felst í gömlum húsum sé hið bezta mál og gott að æðsti maður framkvæmdavaldsins beiti sér fyrir því. En ríkisendurskoðandi er ekki einn um að gagnrýna hvernig að húsverndarstyrkjunum er staðið.

Úthlutun forsætisráðuneytisins var gerð opinber fyrr í mánuðinum. Ráðuneytið hafði til ráðstöfunar 205 milljónir króna, sem fóru til 24 verkefna. Stjórn Félags fornleifafræðinga sendi forsætisráðuneytinu þegar í stað bréf, þar sem úthlutunin var harðlega gagnrýnd. Bent var á að þessir fjármunir væru heldur meiri en eru til ráðstöfunar samanlagt í þremur faglegum samkeppnissjóðum, húsafriðunarsjóði, fornminjasjóði og safnasjóði. Verkefnin hefðu flest eða öll getað fallið innan kerfis þessara sjóða, „þar sem gerð er krafa um faglegan rökstuðning, vönduð vinnubrögð og skýrar fjárhags- og verkáætlanir,“ stóð í bréfi fornleifafræðinganna. Þeir segja óljóst hvernig staðið var að faglegu mati á því hvert styrkirnir ættu að fara.




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Landfræðileg dreifing styrkjanna gefur hugsanlega einhverja vísbendingu um það. Meirihlutinn, eða 111 milljónir króna (ekki 97 eins og áður hefur komið fram), fór til tólf verkefna í Norðausturkjördæmi, kjördæmi forsætisráðherra. Í sex verkefni í Suðurkjördæmi fóru 55 milljónir og í fimm verkefni í Norðvesturkjördæmi 37 milljónir. Ekkert verkefni í Suðvesturkjördæmi verðskuldaði styrk samkvæmt faglegu mati ráðuneytisins og Reykjavíkurkjördæmin tvö fengu tvær milljónir í eitt verkefni í sérstakt áhugamál forsætisráðherra, verndarsvæði í miðbæ Reykjavíkur.

Við fyrstu sýn virðist þetta vera gamla faglega framsóknaraðferðin; að smyrja skattfénu sæmilega jafnt um landsbyggðina, en mestu þó í kjördæmi viðkomandi framsóknarráðherra.

Í fyrirspurn Brynhildar Pétursdóttur alþingismanns til forsætisráðherra var spurt hver væri stefnumótun ráðuneytisins um úthlutun fjár í þessi verkefni. Svarið var að það væri verið að vinna í henni. Brynhildur spurði líka hvaða skriflegu verklagsreglur væru til um styrkúthlutunina. Svarið var að þær væru í vinnslu. Í svarinu kom fram að styrkirnir hefðu ekki verið auglýstir. Spurningu um hvernig jafnræðisreglur væru tryggðar var ekki svarað.

Þetta finnst ríkisendurskoðanda ekki góð latína og finnst að allir eigi að sitja við sama borð og eiga rétt á að sækja um styrkina. Svo eigi fagnefnd að raða umsóknunum í forgangsröð. „Öll frávik frá svona regluverki erum við mjög ósáttir við,“ segir Sveinn Arason.

Aðstoðarmenn forsætisráðherra malda í móinn í Fréttablaðinu í dag; segja að verklagið sé tekið í arf frá fyrri stjórnvöldum, að peningarnir séu ekki sjóður með sama hætti og samkeppnissjóðirnir og þar fram eftir götunum. Og það getur allt verið rétt. En væri það ekki betri meðferð skattfjár að úthluta þessum peningum með sama hætti og öðrum styrkjum til húsverndar, safna og varðveizlu fornminja? Kæmi það niður á varðveizlu menningararfsins? Eða kæmi það aðallega niður á tækifærum stjórnmálamanna til að ráðstafa skattpeningum í þágu kjördæmishagsmuna?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í vígahug

Vigdís Hauksdóttir þingmaður hefur á opinberum vettvangi, það er fésbókarsíðu sinni, hvatt snyrtivöruframleiðandann EGF til þess að hætta að auglýsa í Kvennablaðinu. Ástæðan er sú að Stefán Karl, eiginmaður ritstjóra blaðsins, sagði að Elín Hirst vissi ekkert um einelti en Elín sagði í ræðu á þingi að hún teldi Vigdísi sæta einelti.

Vigdís vekur jafnframt athygli á fésbókarsíðu sinni á grein í Kvennablaðinu sem ber titilinn Viskubrunnur Vigdísar. Hún klykkir svo út með því að segja: „Ég hvet EGF til að hætta að kaupa auglýsingar í þessum miðli sem kennir sig við konur.“ Margir eru agndofa yfir þessum tengingum Vigdísar og segja hana í vígahug, aðrir segja ummælin ekkert annað en skoðanakúgun.



### Að virða skoðanir annarra

Blaðamannafélag Íslands hefur gert alvarlegar athugasemdir við fésbókarummæli Vigdísar. Í ályktun frá félaginu, sem Hjálmar Jónsson formaður þess sendi á fjölmiðla, segir að það verði ekki þolað að fólk í valdastöðum reyni að beita áhrifum sínum til þess að vega að tilverugrundvelli fjölmiðla vegna þess hlutverks þeirra að birta ólíkar skoðanir. „Tjáningarfrelsið felur ekki bara í sér réttinn til að láta skoðanir sínar í ljós heldur einnig þá skyldu að virða skoðanir annarra,“ segir í ályktun Blaðamannafélagsins.

### Haldið til haga

Á þessum vettvangi í gær var samskiptum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Katrínar Júlíusdóttur á Alþingi á miðvikudag lýst. Katrín kallaði Bjarna helvítis dóna fyrir að hafa truflað hana við ræðuhöld með því að skutla til hennar blaði. Því skal haldið til haga að Katrín lét ummæli sín falla eftir að hún yfirgaf ræðustólinn og hefur síðan beðist afsökunar á þeim.


johanna@frettabldid.is


## HALLDÓR




# Sannfæring á síðasta söludegi

EVRÓPUMÁL




**Lýður Árnason**

læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar


Fyrir fimm árum komst til valda ríkisstjórn sem kosin var til að breyta Íslandi. Hún átti að ryðja í burtu mykjuhaug spillingar sem lá yfir landinu, forða þjóðargjaldþroti, færa þjóðinni nýja stjórnarskrá og innleiða nýja sjávarútvegsstefnu. Um þetta ríkti eining. Óeiningin var hins vegar í Evrópumálunum og illu heilli var lagt í þann leiðangur án þess að spyrja land og þjóð. Af stað fór „pólitískur ómöguleiki“ sem kom illilega niður á öðrum málum og gaf viðskilnaðurinn kjósendum lítið tilefni til að endurnýja fyrra umboð.

Samfylkingin, sem nú hrópar á lýðræði, tróð ESB-umsókn upp á þjóðina. Vilji þessa eina flokks lá til grundvallar og menn nýttu aðstöðu sína í botn. Samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn hefndi sín með drabbaraskap og aðildarviðræður komust aldrei á skrið. Hvorugur hafði neitt upp úr krafsinu og þjóðin sem aldrei var spurð, ei heldur.

Í kosningunum sl. vor voru skiptar skoðanir milli framboða á ESB-aðild. Núverandi ríkisstjórnarflokkar voru andvígir ESB en létu þó að því liggja að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna yrði haldin á kjörtímabilinu. Hvorugur flokkanna minntist á viðræðuslit.

En með því að lofa þjóðaratkvæðagreiðslu hljóta menn að hafa gert ráð fyrir þeim möguleika að þjóðin segði já. Sem nú, eftir kosningar, er skilgreindur sem pólitískur ómöguleiki. Er furða þótt marga svíði undan þessum hillingum, ekki sízt þá fjölmörgu kjósendur sem blekktir voru til fylgilags.

Kurr kjósenda nú snýst ekki um ESB eða ekki ESB. Hann snýst um gagnkvæma skuldbindingu framboða og kjósenda. Hann snýst um að sáttmálar þeir sem gerðir eru við kjósendur fyrir kosningar kollvarpist ekki að þeim loknum.

Á Íslandi er sannfæring þjóðarinnar bundin við einn dag á fjögurra ára fresti og þá kjósum við sannfæringar 63 frambjóðenda. En ef síðasti söludagur sannfæringarinnar er á kjördag vandast málið og við sitjum uppi með eitthvað allt annað en til stóð. Við þennan vanda glímir íslensk þjóð, þingmenn sem forgangsraða eigin sannfæringu ofar samanlögðum sannfæringum allra okkar hinna, vanvirða þjóðaratkvæðagreiðslur og halda ágreiningsmálum kerfisbundið frá þjóðinni. Samt þiggja þeir vald sitt frá henni. Væri ekki eðlilegra að þingmenn sem ekki geta unað þjóðardómi myndu víkja fyrir þjóðinni fremur en þjóðin fyrir þeim?


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Óvart í stjórn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Það er ákveðið rökrétt samhengi í afstöðu ríkisstjórnarinnar. ESB lítur ekki svo á að við séum „bara að skoða“. Aðildarumsókn að ESB felur í sér að landið vill ganga í ESB. Ríkisstjórn sem vill ekki ganga í ESB er ekki vel til þess fallin að semja um aðild að ESB. Þetta snýst ekki bara um að láta samningamenn Íslands sitja fundi í Brussel. Stjórnsýslan öll þarf að vinna að þessari umsókn.

Nógu mikil flækja var að semja um aðild þegar hálf ríkisstjórnin var á móti aðild. Einn forhertur ráðherra gat tafið ferlið um marga mánuði. Varla mun þetta ganga betur ef öll stjórnin er á móti.

Röksemdafærslan gengur upp að ákveðnu marki. En menn lofuðu samt öðru.

### Heimdellingarullan

„Ég þekki alla þessa Heimdellingarullu,“ sagði forsætisráðherra í viðtali fyrir stuttu, spurður um hvort til stæði að slaka á ofurtollvernd íslenskrar landbúnaðarframleiðslu.

Við skulum átta okkur á því að umræðan í þættinum var ekki um einkavæðingu Landspítalans eða sölu Ríkisútvarpsins. Umræðan var ekki um lögleiðingu fíkniefna eða vændis. Eða um uppboðsmarkað með líffæri. Umræðan var ekki einu sinni um lækkun áfengiskaupaaldurs eða vodkasölu í Bónus. Nei, „Heimdellingarullan“, níðyrðið sem forsætisráðherra bjó til út frá nafni ungliðahreyfingar samstarfsflokksins, er ekkert annað en hófleg krafa um frjáls viðskipti. Krafa um að neytendur geti ákveðið hvaða osta þeir borða í stað þess að nefndir pólitískt skipaðra hagsmunaðila geri það.

Þetta er ástandið. Eðlileg krafa um að Ísland verði frjálst og opið er látin hljóma eins og mestu öfgar. Forsætisráðherrann ranghvolfir augunum. „Var ekki búið að ræða þetta? Áætlunarbúskapur virkar!“

Síðan er sagt: „Við ætlum að efla tengsl okkar við Evrópu, bara ekki ganga í ESB.“ Hljómar massafínt. En ekkert af verkum ríkisstjórnarinnar bendir til að hún hafi nokkurn áhuga á slíkri eflingu. Ég hef það á tilfinningunni að sumir þar myndu ekki gráta það ef þeir „neyddust“ til að segja upp EES-samningnum. Losna við þetta fjórfrelsi. Losna við þennan sameiginlega markað. Sú fullyrðing að EES-samningurinn sé okkur of dýr heyrist þegar oft og oftast úr röðum stuðningsmanna stjórnarflokkanna. Þess vegna er ástæða til að vera uggandi.

### Ómöguleiki valdsins

Ég skil rökin á bak við það að vilja ekki semja um aðild í einhverju sem menn vilja ekki ganga í. En þá situr eftir sú spurning: Hvers vegna ekki að segja það þá bara hreint og beint út í kosningabaráttunni: „Við ætlum að draga umsóknina til baka. Við ætlum ekki að láta kjósa um framhaldið. Ef einhver annar vill sækja um aðild munum við leggja til að sú ákvörðun fari í þjóðaratkvæði, en sjálf munum við ekki hafa neitt frumkvæði að því að halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Við endurtökum: Ef við ráðum þessu ein verður viðræðum slitið, án þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Næg tækifæri höfðu forystumenn Sjálfstæðisflokksins til að setja fram þessa afstöðu sína. Þeir gerðu það ekki. Hvers vegna ekki? Bjarni sagði: „Ég tel að það sé vel raunhæft að gera þetta á fyrri hluta kjörtímabilsins næsta. Jafnvel samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Við verðum að sjá til, en Sjálfstæðisflokkurinn styður að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál.“

Hvers vegna töluðu hann og aðrir á sömu nótum? Hvers vegna voru loforð um þetta birt á heimasíðu flokksins og prentuð í bæklinga? Voru menn að vonast eftir atkvæðum fólks sem ellegar hefði ekki kosið þá? Eða kom Sjálfstæðisflokknum á óvart að hann skyldi komast í ríkisstjórn? Var þetta svona stjórnarandstöðuloforð?

Fjölmargir andstæðingar ESB-aðildar innan Sjálfstæðisflokksins benda á að afturköllun ESB-umsóknar sé í samræmi við landsfundarályktanir. Það er rétt hjá þeim. Ég get því ekki beinlínis sagt að ég sé hissa eða sár yfir því sem nú á að gera. En það breytir því samt ekki að menn sögðust samt ætla að gera annað í kosningabaráttunni. Þingmenn eru kosnir til fjögurra ára og ekki er hægt skipta þeim út þess á milli. Þess vegna ættu þeir að forðast að lofa hlutum sem þeir hafa ekki í hyggju að standa við.

# Framtíð nema og kennara

MENNTUN
Karítas Pálsdóttir
framhaldsskólanemi



**➜ Á eftir foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum eru kennarar stærstu fyrirmyndir ungmenna. Kennarar hafa áhrif á skoðanir og þroska ungmenna sem með tíð og tíma taka við stjórn landsins.**

Ég sat klesst upp við gluggann á troðfullum strætisvagninum á leið niður í bæ fyrsta fimmtudaginn í febrúar. Mér leið eins og sardínu í dós enda vorum við örugglega um fimmtíu manns um borð í strætó. Leið okkar allra lá niður á Austurvöll á samstöðufund vegna kjarabaráttu framhaldsskólakennara. Þar hittum við fleiri hundruð nemendur úr öllum áttum, þar á meðal rútufylli af nemendum frá Selfossi. Þarna vorum við, unga fólkið, komin saman til að láta rödd okkar heyrast. Skiltum með slagorðum eins og: „Launaleiðrétting ekki launahækkun“ var veifað og baráttuorð hrópuð. Ræður voru haldnar og allir fengu tækifæri til að taka til máls.

Frásögn eins stráks hafði áhrif á mig. Hann setti kjarabaráttu kennara í persónulegt samhengi því sjálfan dreymir hann um að verða kennari. En í hvert skipti sem hann deilir draumi sínum með öðrum reynir fólk að draga úr áhuga hans og spyr hann hvort hann sé alveg viss, kennarastarfið sé svo ömurlega illa launað, það sé engin framtíð í því, ekkert fjárhagslegt öryggi. Fólk spyr hvort hann vilji ekki frekar verða eitthvað annað. Það versta er þó að þegar hann segir kennurum sínum draum sinn taka þeir í sama streng.

### Gríðarlegt ábyrgðarstarf

Hvað segir þetta okkur eiginlega um samfélagið okkar? Hversu lítils virði er kennarastarfið orðið ef ekki einu sinni kennarar geta hvatt nemendur til að feta í fótspor sín? Af hverju viðgengst það að kennarar séu svona miklu verr launaðir en til dæmis stjórnmálamenn, athafnamenn og bankastarfsmenn? Þeir þurfa jafnvel ekki að hafa lokið framhaldsnámi í háskóla eins og kennarar. Sumir hverjir bera einnig minni ábyrgð en kennarar. Það er nefnilega gríðarlegt ábyrgðarstarf að vera kennari. Á eftir foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum eru kennarar stærstu fyrirmyndir ungmenna. Kennarar hafa áhrif á skoðanir og þroska ungmenna sem með tíð og tíma taka við stjórn landsins. Það er kominn tími til að stjórnvöld leiðrétti laun kennara í samræmi við störf sem krefjast sams konar menntunar. Það er einnig kominn tími til þess að stjórnvöld og samfélagsmiðlar taki eftir því að ungu fólki á Íslandi er ekki sama. Við viljum láta taka mark á okkur. Þingmenn hefðu getað sýnt málefninu áhuga með því að fjalla meira um það í fjölmiðlum. Við viljum að á okkur sé hlustað. Okkur er annt um framtíð kennara því í þeirra höndum er framtíð nemenda og þar með framtíð þessa lands!



## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

verður haldinn 13. mars 2014

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 13. mars 2014 og hefst hann stundvíslega kl. 15:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
3. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
5. Kosið í stjórn félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.
8. Tillaga um starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 3. mars 2014. Hafi hluthafar krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 28. febrúar til 3. mars 2014, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund eða á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram samkvæmt hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sína á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/

Endanleg dagskrá og skjöl, þ.á m. ályktunartillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins (www.vis.is/fjarfestar/hluthafafundir/) og liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14:30 á aðalfundardag.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 27. febrúar 2014.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

VÍS

# Hjúkrun aldraðra gjaldfelld?

KJARAMÁL



Ragnheiður Gunnarsdóttir
deildarstjóri í öldrunarþjónustu og varaformaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Um 240 hjúkrunarfræðingar vinna hjá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, af þeim langflestir hjá fyrirtækjum sem reka hjúkrunarheimili sem sjálfseignarstofnanir. Stærstu fyrirtækin þar eru Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund, Hrafnistuheimilin, hjúkrunarheimilin Eir, Skjól og Sóltún. Rekstur þessara fyrirtækja byggir á daggjaldagreiðslum sem koma alfarið frá ríkinu og nema að meðaltali um 720 þús. krónum á mánuði fyrir hvern íbúa hjúkrunarheimilisins.

Sum þessara heimila hafa einnig gert samninga um tímabundnar hvíldarinnlagnir úr heimahúsum eða samninga um endurhæfingu við Landspítala. Um aðrar tekjur eða annan rekstur getur einnig verið að ræða. Hrafnistuheimilin reka Happdrætti DAS, og nokkur hjúkrunarheimili eru auk þess í öðrum rekstri sem tengist þjónustu við aldraða, til dæmis byggingu og rekstri þjónustu- og öryggisíbúða.

Íbúar hjúkrunarheimila hafa hver og einn fengið formlegt vistunarmat þess efnis að heilsa þeirra leyfi ekki með nokkru móti að þeir búi lengur einir heima og að umönnun þeirra utan hjúkrunarheimilis sé ekki lengur möguleg þrátt fyrir heimahjúkrun, félagslega heimaþjónustu og stuðning aðstandanda. Engum vafa er því undirorpið að hér er um að ræða fjölveikt fólk, langflest aldrað.

Öll hjúkrunarþjónusta á hjúkrunarheimilum er undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðinga. Unnið er samkvæmt viðurkenndum gæðastuðlum, skráning viðhöfð og samstarf haft við stoðstéttir og ekki síður aðstandendur þegar teknar eru ákvarðanir um hjúkrunarmeðferð.

**➜ Engum vafa er því undirorpið að hér er um að ræða fjölveikt fólk, langflest aldrað.**

Góð hjúkrun undir stjórn hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarheimilum er einn af hornsteinum þess hve þjóðin býr við góða heilsu og er langlíf.

### Leiðrétta verður misræmið

Nú er mikil ólga meðal hjúkrunarfræðinga innan hjúkrunarheimilanna. Síðastliðið vor fengu hjúkrunarfræðingar í starfi hjá ríkinu launaleiðréttingu gegnum stofnanasamninga. Sú hækkun skilaði sér ekki til kollega þeirra sem starfa hjá fyrirtækjum í velferðarþjónustu en lengi voru bundnar vonir við að hækkunin næðist með jafnlaunaátaki. Nú er hins vegar ljóst að launaleiðrétting fyrir þennan hóp næst ekki nema með viðbótarfjárveitingu frá ríkinu, hjúkrunarheimilin treysta sér ekki til að hækka launin nema að fá það bætt með hækkun daggjalda. Eina leiðin til að leiðrétta það misræmi sem er á kjörum hjúkrunarfræðinga er í gegnum kjarasamninga sem nú eru lausir.

Ljóst er að hjúkrunarfræðingar ráða sig ekki til starfa á hjúkrunarheimili fyrir lægri laun en kollegar þeirra fá á Landspítala. Afleiðingin verður skortur á hjúkrunarfræðingum innan öldrunarþjónustunnar.

Með því er verið að draga úr gæðum hjúkrunarþjónustu á hjúkrunarheimilum sem felur í sér verri lífsgæði þeirra sem þar búa.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort verið sé að taka pólitíska ákvörðun um að draga úr kostnaði í heilbrigðisþjónustu á Íslandi með því að gjaldfella hjúkrun aldraðra?

# Ísland sem reykfyllt bakherbergi

EVRÓPUMÁL



Finnur Vilhjálmsson
lögfræðingur

Ég vildi koma á framfæri fáeinum punktum varðandi hina alræmdu þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar og félaga í ríkisstjórninni um slit ESB-viðræðnanna.

### Falskar forsendur

„Ómöguleikinn“ hans Bjarna byggist á falskri forsendu. Að ríkisstjórnin verði annaðhvort að slíta viðræðunum eða klára þær. Þetta er meðvituð rökbrella – og rökvilla: fölsk valþröng (e. false dilemma). Það er látið eins og einfaldasti valkosturinn í þessari stöðu sé ekki til: Að gera ekki neitt. Ekkert stendur í vegi fyrir að hlé á viðræðum standi áfram, svo lengi sem báðir aðilar sætta sig við það. Ekkert frá ESB bendir til annars en að sambandið geri það enn um sinn. Og það eru engin asnaeyru á neinum hér: ESB er auðvitað alveg ljóst hvernig vindar blása núna á Íslandi. Meðan sambandið er til í ótímabundið viðræðuhlé er það einfaldlega fullgildur valkostur í stöðunni. Og sá besti.

Bjarni beitir svo aftur falskri valþröng með því að segja að þetta skipti engu máli. Það sé ekkert verið að hindra það að sækja megi aftur um seinna. Auðvitað ekki. En Bjarna líkt og öllum öðrum er ljós munurinn á því að byrja þá frá byrjun eða taka upp þráð sem fyrir væri. Síðarnefnda möguleikann hunsar hann. Þar með eru þessi rök hans einnig fölsk og ómerk.

### Fölsk stjórnspeki

„Fáránleikinn“ hans Bjarna gengur svo út á að ríkisstjórnin yrði neydd til að vinna gegn stefnu sinni og sannfæringu með áframhaldi viðræðna færi þjóðaratkvæðagreiðsla þannig. Þetta er fölsk stjórnspeki, í ósamræmi við skýr fordæmi úr íslenskri stjórnmálasögu. Þrjár bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram á Íslandi frá 1944. Bent hefur verið á augljós dæmi af tveimur þeirra á síðasta kjörtímabili þegar þáverandi ríkisstjórn „tapaði“ en fylgdi niðurstöðum þeirra í hvívetna.

Ég vildi hins vegar vekja athygli á þriðja dæminu. Þjóðaratkvæðagreiðslan 1944 um afnám sambandslaganna og nýja stjórnarskrá var nefnilega líka mjög umdeild. Allir höfðu sjálfstæðið sem markmið – um það var ekki deilt. En leiðin að því markmiði var mikið ágreiningsefni. Þar áttust við lögskilnaðarmenn og hraðskilnaðarmenn. Hraðskilnaðarmenn höfðu sitt fram. Úr varð að slíta sambandi við Dani tafarlaust. Efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um það og nýja stjórnarskrá. Þjóðin samþykkti auðvitað næstum samhljóða – þetta var þá orðin eina brautin í boði til sjálfstæðis. Og hver var afstaða þáverandi ríkisstjórnar til þessarar aðferðar, utanþingsstjórnarinnar sem sat frá árslokum 1942 til október 1944 og framkvæmdi dyggilega þennan vilja Alþingis og þjóðarinnar? Jú, forsætisráðherra hennar, Björn Þórðarson, var meðal hörðustu lögskilnaðarmanna.

Höfum loks í huga hér að það stoðar ekki að benda á að 1944 hafi allir verið sammála um sjálfstæðið sem markmið en ekki í dag um inngöngu í ESB.

**➜ Þó að ólík afstaða landsmanna til ESB sé undirliggjandi í þessu máli þá snýst það alls ekki nú um hana. Það snýst um grunnreglur í opinberu lífi í landinu. Um svik við kjósendur, um virðingu við lýðræðið, pólitíska ábyrgð og heiðarleika.**

Þá værum við aftur að tala um falska valþröng: við erum ekki að tala af eða á um inngöngu í ESB á þessu stigi. Það er seinni tíma spurning, ótímabær nú. Einfaldlega vegna þess að við vitum ekki forsendurnar. Og getum ekki vitað þær nema við klárum þessar viðræður.

### Grunnreglur í opinberu lífi

Þó að ólík afstaða landsmanna til ESB sé undirliggjandi í þessu máli þá snýst það alls ekki nú um hana. Það snýst um grunnreglur í opinberu lífi í landinu. Um svik við kjósendur, um virðingu við lýðræðið, pólitíska ábyrgð og heiðarleika. Að ekki sé sagt ótrúlega ósvífni og forherðingu forystumanna ríkisstjórnarinnar og „hinna ónefndu“ sem halda um þræði að tjaldabaki.

Ég hvet alla til að íhuga vandlega hvort þeim lítist vel á Ísland sem reykfyllt bakherbergi. Og til að skrifa undir á thjod.is.

**visir.is**

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi

# Styrjaldir og frelsi Íslendinga

UTANRÍKISMÁL



Þorlákur Axel Jónsson
kennari, Háskólanum á Akureyri

Íslendingar eiga frelsi sitt að talsverðu leyti að þakka úrslitum stórstyrjalda. Við erum eins og aðrir Evrópubúar hvað það varðar þó svo að við höfum ekki okkar eigin her og berðumst ekki við Dani með vopnum.

Nú þegar eitt hundrað ár eru að verða liðin frá upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914 ættum við að minnast þess hversu rík tengsl aukinnar sjálfstjórnar þjóðarinnar og styrjalda voru. Málþóf Íslendinga sem hleypti upp Þjóðfundinum 1851 átti sér eðlilega skýringu í því að hendur hinnar nýju stjórnar danska ríkisins voru bundnar vegna vopnaðrar uppreisnar Þjóðverja í hertogadæmunum. Íslendingar kröfðust sjálfstjórnar í miðri borgarastyrjöld. Úr þeirri stöðu leystist eftir landvinningastríð Þjóðverja á hendur Dönum 1864.

Fyrir Íslendinga var afleiðing þess að við fengum aukna sjálfstjórn með stöðulögum og stjórnarskrá. Er líklegt að Danir hefðu getað boðið Íslendingum fullveldi 1918 hefðu varnirnar brostið við fljótið Somme í Frakklandi síðsumars 1916 og einræðisríkin farið með sigur af hólmi? Í þeirri orrustu féllu Vestur-Íslendingar, sjálfboðaliðar í her Kanada, sumir þeirra enn á unglingsaldri.

Vissulega átti fyrri heimsstyrjöldin upptök sín í hernaðarhyggju, þjóðernishyggju og heimsvaldastefnu. Sannarlega öttu yfirstéttarherforingjar og pólitískir leiðtogar eigin mönnum, verkalýðsstéttarpiltum og sveitastrákum, út í opinn dauðann á vígvöllunum.

**➜ Hugsjónir alþjóðahyggjunnar um friðsamlega samvinnu ríkja lifa því aðeins að venjulegt fólk greiði þeim atkvæði sitt.**

### Áminning

Hryllingur stríðsins ætti að vera okkur áminning um hætturnar sem fylgja tali pólitískra leiðtoga um sérstöðu þjóða og fyrir einangrun þeirra. Hugsjónir alþjóðahyggjunnar um friðsamlega samvinnu ríkja lifa því aðeins að venjulegt fólk greiði þeim atkvæði sitt. Fórnir Vestur-Íslendinga á vígvöllunum voru færðar í þágu hugmyndarinnar um sjálfsákvörðunarrétt þjóða en um leið til varnar því lýðræðisþjóðfélagi sem þeir höfðu eignast í Norður-Ameríku. Það var einmitt viðurkenning þessara sömu lýðræðisríkja á sjálfstæði Íslands sem réð úrslitum um stofnun lýðveldis hér í síðari heimsstyrjöldinni. Frjálsar og fullvalda þjóðir hafa síðan myndað Evrópusambandið til þess að festa friðinn í sessi. Við ættum að hugsa okkur um vandlega áður en ógnandi sérhagsmunagæsla gagnvart nágrannalöndum í slagtogi með einræðisríkjum verður utanríkisstefna Íslands. Óvíst er að stjórn okkar á eigin málum aukist við það.

# Jafningi meðal Evrópuþjóða

EVRÓPUMÁL



Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Svo virðist að ríkistjórn Íslands hafi glímt við þá tilvistarlegu spurningu hvort Íslendingar séu Evrópuþjóð eins og þær 28 sem eru í Evrópusambandinu. Þar með erum við annaðhvort hæf eða vanhæf í samfélagi þeirra. Hið síðara varð greinilega niðurstaðan. Fyrir Evrópumenn eru slík heilabrot annaðhvort aðhlátursefni eða þeim til hryggðar.

Hin sögulegu tengsl okkar frá því til forna þekkja allir og virða. Á seinni árum hefur okkur verið æ betur fagnað sem markverðri bókmenntaþjóð enda settir í heiðurssætið á stærstu bókmenntakynningu heims í Þýskalandi. Í stað Laxness, Gunnars Gunnarssonar, Kambans og Kristmanns er komin ný kynslóð íslenskra rithöfunda sem njóta mikilla vinsælda. Kvikmyndum okkar og tölvuleikjum er vel tekið af nágrönnum, að ekki sé talað um söng og tónlist frá frægð Bjarkar í Bretlandi til eins þess nýjasta, Of Monsters and Men.

Þjóðfélag okkar lifir vel, einkum vegna sterkrar markaðsstöðu fyrir sjávarafurðir á frjálsum innri markaði ESB og flugfrelsis EES-samningsins. Það gerir flugfélögum okkar kleift að veita milljónum Evrópubúa góða og áreiðanlega þjónustu og kallar á þróun ferðaiðnaðar, þegar næst stærstu atvinnugreinar landsins.

Af mörgu öðru má nefna tvennt í tengslum við Evrópu:

Í fyrsta lagi er það svo að í röðum Evrópuþjóða hafa Íslendingar, þótt örþjóð væru, einir afrekað að varðveita forna norræna tungu og menningu. Íslendingasögurnar eru einstakt menningarafrek og skapa okkur sérstöðu í Evrópu. Heimskringla Snorra gerir Reykholt að Aþenu Norður-Evrópu og hann að jafningja Hómers. Án Íslands er Evrópusambandið þeim mun snauðara í menningarlegu tiliti.

Í öðru lagi liggur það eftir Íslendinga á 20. öld að hafa verið leiðandi aðili í að semja þann nýja kafla þjóðaréttarins, sem tryggir strandríkjum fiskveiðar. Ruddar voru nýjar brautir án fordæma með einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 4 mílur 1952, 12 mílur 1961, 50 mílur 1972 og 200 mílur 1976. Þá urðu þorskastríðin við Breta, sem voru þeim jafngagnslaus og löndunarbönn. 200 mílna lögsagan varð alþjóðaréttur á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við eigum þar vissulega drjúgan þátt og gleymum ekki hlutverki Hans G. Andersen sendiherra.

### Tímar breytinga

Af hverju í ósköpunum þarf að gera því skóna, að ESB bíði eftir því einu að véla af Íslendingum nýtingu fiskstofna okkar fljótt eða síðar? Það er fráleitt en verður ekki upplýst í skvaldri á heimavettvangi því það er úrlausnarefni aðildarviðræðna. Með þeim hætti yrði úr því skorið hvort Ísland muni skipa sess sem fullgildur aðili að Evrópusambandinu, í stað sjálfskipaðrar stöðu húskarlsins sem situr í dyragættinni og þiggur það sem að er rétt, eins og EES-samningurinn leggur á okkur. Mikið átak var þegar gert af síðustu ríkisstjórn að kynna okkar málstað og að íslenskt þjóðfélag, ólíkt í efnahagslegu tilliti, landhelgi og stærð, er ekki þar með dæmt úr leik í Evrópu. Og okkur var fagnandi og bróðurlega tekið í aðildarríkjum. Á nú að fara að vanvirða það, kasta á glæ og segja sjáumst kannski síðar?

**➜ Af hverju í ósköpunum þarf að gera því skóna, að ESB bíði eftir því einu að véla af Íslendingum nýtingu fiskstofna okkar fljótt eða síðar? Það er fráleitt en verður ekki upplýst í skvaldri á heimavettvangi því það er úrlausnarefni aðildarviðræðna.**

En það er í fleiri horn að líta í Evrópumálum en þau efnahags- og menningarlegu. NATO-heræfing var haldin hér dagana 27. janúar til 21. febrúar. Er það í fyrsta skipti að ESB-löndin Svíþjóð og Finnland koma til sameiginlegrar æfingar með NATO-löndum. Það var hluti af loftrýmisgæslu á Íslandi, sem fer fram nokkrum sinnum á ári. Að öðru leyti er Ísland eina aðildarríki Atlantshafsbandalagsins án stöðugra heimavarna. Stjórnvöld hafa réttilega lagt áherslu á samvinnu við Bandaríkin um öfluga björgunar- og leitarstöð í Keflavík. Nú er hins vegar ljóst að með brotthvarfi Bandaríkjahers frá Evrópu munu varnir færast að mestu í hendur viðkomandi ríkja, hugsanlega með breyttri starfsemi ESB. Nú eru tímar breytinga og lag til tryggja okkur það sem best býðst. Ekki bíður tíminn með aðgerðir í peningamálum til að losa landið úr hamlandi gjaldeyrishöftum vegna ónýts gjaldmiðils.

# SAMSTÖÐUFUNDUR

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 1.mars




Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

**www.þjóð.is**

# Forsendubrestur námslána

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leiðrétta verðtryggð húsnæðislán vegna forsendubrests. Á sama tíma kýs hún að horfa fram hjá hækkun verðtryggðra námslána, þótt sami forsendubrestur eigi við um þau. Grunnstefið í boðuðum leiðréttingum er jafnræði lántakenda. Greiðsluvandi eða greiðslugeta er því ekki mælikvarðinn, heldur hækkun vegna verðbólgu. Öll verðtryggð húsnæðislán verða færð niður uns ákveðnu hámarki er náð. Miðað við þessar forsendur er ekki forsvaranlegt að skilja verðtryggð námslán útundan. Endurgreiðsla námslána miðast vissulega að stórum hluta við tekjur fólks, en verðbólga lengir í lánunum. Árlegar greiðslur af námslánum nema tæpum mánaðar ráðstöfunartekjum. Margir munu greiða tæplega einn tólfta af ráðstöfunartekjum sínum alla starfsævina og öll eftirlaunaárin ef svo ber undir.

FJÁRMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar

**➜ Lán kennarans hefur hækkað um rúm 60% frá því að námi lauk, þrátt fyrir afborganir í 7 ár.**

Þeir sem tóku námslán fyrir hrun munu því greiða af þeim mun lengur en þeir gerðu ráð fyrir í upphafi og mörgum mun ekki endast ævin til að greiða lánið til baka.

**Dæmi af grunnskólakennara**

Þar sem ríkisstjórninni virðist fyrirmunað að skilja eðli þessa máls er rétt að taka dæmi til skýringar. Tökum dæmi af grunnskólakennara sem hóf nám haustið 2000 þá 21 árs (f. 1979) og lauk meistaraprófi vorið 2005. Hún tók fullt framfærslulán allan námstímann og fékk lán með einu barni en ekki makalán. Hún hóf strax vinnu sem grunnskólakennari og byrjaði að greiða af námsláninu í júní 2007. Þegar spáð er fram í tímann er auðvitað alltaf umdeilanlegt hvaða forsendur eigi að gefa sér, en í okkar dæmi er gert ráð fyrir launaþróun eins og hún var til ársloka 2013, en eftir það hækki laun um 4% á ári. Ekki er gert ráð fyrir að laun taki hækkunum vegna starfsaldurs eða annars. Verðlag hækkar samkvæmt rauntölum til janúar 2014 en eftir það um 2,5% á ári. Hér er því gert ráð fyrir 1,5 % kaupmáttaraukningu á ári.

Lán kennarans hefur hækkað um rúm 60% frá því að námi lauk, þrátt fyrir afborganir í 7 ár. Það er ljóst að miðað við gefnar forsendur mun kennaranum ekki endast starfsævin til að greiða námslánið. Við 67 ára aldur verður skuldin 6,8 milljónir. Þetta sést mjög skýrt á meðfylgjandi mynd þar sem blái ferillinn sýnir þróun lánsins miðað við þær forsendur sem við gefum okkur.




Dæmið má reikna með öðrum hætti. Ef verðbólga hefði verið 2,5% frá því námið hófst haustið 2000 getur kennarinn greitt lánið upp áður en hún verður 67 ára, að því gefnu að árleg kaupmáttaraukning verði 1,5%. Rauði ferillinn á myndinni sýnir þetta.

Eins og fyrr segir má reikna þetta dæmi með ólíkum forsendum. Það er til að mynda ekki líklegt að verðbólga verði 2,5% á ári áratugum saman og þá verður lánið enn hærra við starfslok. Ég legg til að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fái dr. Sigurð Hannesson eða aðra sérfræðinga til að reikna dæmið með ólíkum forsendum. Það er í raun sérstakt að forsætisráðherra hafi ekki nú þegar látið gera þetta óumbeðinn. Niðurstöðurnar má síðan kynna í Hörpu eða annars staðar, t.d. kennarastofu Menntaskólans við Hamrahlíð.

**Hvað er til ráða?**

Dæmið af grunnskólakennaranum varpar skýru ljósi á forsendubrest námslána. Æfingar af þessu tagi ættu þó að vera óþarfi. Öllum sem tóku námslán fyrir hrun er ljós hækkun þeirra og hvaða afleiðingar það hefur. Það eru engar málefnalegar forsendur fyrir því að skilja námslán eftir þegar verðtryggð lán eru leiðrétt. Stjórnvöld hafa tvo kosti í stöðunni til að bæta fólki forsendubrestinn. Annars vegar launahækkun og hins vegar niðurfærslu skulda.

Grunnskólakennarinn þyrfti að fá 49% hækkun launa núna og svo 4% á ári eftir það alla starfsævina að því gefnu að verðbólga verði í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans sem er 2,5% ársverðbólga allt til ársins 2046 þegar kennarinn verður 67 ára.

Lán kennarans verður nú um mitt ár 2014 um 7,2 milljónir króna og það þyrfti að lækka um 2,2 milljónir eða 30% til að kennarinn nái að greiða upp lánið sitt fyrir 67 ára aldur. Samhliða því þarf hann þó að fá 1,5% kaupmáttaraukningu á ári sem þýðir árlega launahækkun upp á 4% miðað við að verðbólga verði 2,5%.

MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**

179.990
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

309.990
FULLT VERÐ 359.990

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 4200** 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum. Stærð: 211 x 82 H: 85 cm.

310.990
FULLT VERÐ 349.900

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum. Stærð: 202 x 82 H: 85 cm.

299.990
FULLT VERÐ 329.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is

# Ísland og Japan: Tækifæri í jarðhita

Mörg ríki reyna nú að draga úr bruna jarðefnaeldsneytis til orkuframleiðslu, sem er helsta orsök skaðlegra loftslagsbreytinga á heimsvísu. Japan er þar engin undantekning og býr raunar við meiri vanda en mörg önnur ríki, því dregið hefur mjög úr notkun kjarnorku eftir slysið í Fukushima-verinu. Japan nýtur þess hins vegar að óvíða er meiri gnótt jarðhita. Hann er þó vannýttur og japönsk stjórnvöld hafa nýlega ákveðið að grípa til ýmissa aðgerða til að efla jarðhitanýtingu. Meðal annars er litið til Íslendinga og þekkingar okkar í þessu sambandi.

Nobuteru Ishihara, umhverfisráðherra Japans, kom síðastliðið sumar til Íslands í vinnuheimsókn að kynna sér jarðhitamál og sýndi reynslu Íslendinga mikinn áhuga. Í fyrri viku var heimsókn Ishihara endurgoldin og var tækifærið notað til að ræða efld samskipti ríkjanna við hann og fleiri ráðamenn og talsmenn atvinnulífs í Japan.

Í heimsókninni til Japans ávarpaði undirritaður málþing í Tókýó um möguleika á samstarfi í jarðhitamálum, sem nær 100 þátttakendur sóttu. Þar kom fram mikill áhugi á nýtingu jarðhita og mögulegu samstarfi. Japönsk fyrirtæki framleiða meirihluta af hverflum í jarðhitaverum á heimsvísu og eru framarlega í allri tækni á þessu sviði. Nýting jarðhita til raforkuframleiðslu er þó takmörkuð og nær engin til húshitunar. Þar liggja tækifæri fyrir okkur, því hvergi í heiminum er jafn víðtæk og fjölbreytt nýting á jarðhita og á Íslandi. Reynsla okkar þar er verðmæti.

ORKUMÁL



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

**Grálúða, æðardúnn og norðurljós**

Viðskiptatækifæri í Japan eru ekki einungis á sviði jarðhita. Japan er annað helsta viðskiptaland Íslands utan Evrópu og þangað fara yfir 2% af útflutningi okkar að verðmæti um 12-15 milljarða króna árlega. Þar ber hæst ýmsar sjávarafurðir, sem eru 80% af útflutningi okkar til Japans, s.s. grálúða, karfi og loðnuafurðir. Líklega hefur engin þjóð ríkari og fjölbreyttari hefðir í matreiðslu sjávarfangs en Japanar og þar er mikil eftirspurn eftir hágæðafiski og hvers kyns sjávarfangi. Eftirspurn eftir íslenskri gæðavöru er þó ekki bundin við sjávarafurðir, því Japan er stærsti markaður fyrir æðardún, sem er seldur þangað fyrir um 300 milljónir króna.

Japanskir ferðamenn koma til Íslands í stórauknum mæli, ekki síst á veturna, meðal annars til að sjá norðurljós. Áhugavert er að reyna að efla enn frekar samgöngur og viðskipti við Japan og kom áhugi Japana á því skýrt fram í heimsókninni. Meðal annars er áhugi á norðursiglingum, en Japan fékk á fyrra ári áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Ef siglingaleið opnast yfir norðurpólinn myndi það stytta vöruflutninga milli Yokohama og Rotterdam um 40%. Japan opnar nú í vor fullmannað sendiráð með sendiherra staðsettum í Reykjavík. Teikn um aukin samskipti Íslands og Japans eru því víða á lofti, sem er vel, því þessar tvær eyþjóðir eiga margt sameiginlegt þótt siðir og saga séu ólík og höf og heimsálfur beri í milli.

**➜ Í heimsókninni til Japans ávarpaði undirritaður málþing í Tókýó um möguleika á samstarfi í jarðhitamálum, sem nær 100 þátttakendur sóttu. Þar kom fram mikill áhugi á nýtingu jarðhita og mögulegu samstarfi. Japönsk fyrirtæki framleiða meirihluta af hverflum í jarðhitaverum á heimsvísu og eru framarlega í allri tækni á þessu sviði.**

**Jarðhiti – lausn á heimsvísu**

Auk tvíhliða samskipta Íslands og Japans er áhugavert að skoða hvort ríkin geti eflt samstarf í umhverfismálum á alþjóðavettvangi, svo sem með að styrkja græn verkefni í þróunarríkjum. Mögulega geta legið tækifæri í samstarfi Japana og Íslendinga við að auka útbreiðslu jarðhitanýtingar þar, enda er víða að finna jarðvarmaver sem byggja á japanskri tækni og íslenskri þekkingu.

Loftslagsvandinn er að langmestu leyti til kominn vegna bruna kola, olíu og gass til orkuframleiðslu. Endurnýjanleg orka er ekki laus við vandamál, en er þó margfalt betri lausn á heimsvísu í ljósi loftslagsvváarinnar. Í jarðhitanum liggja gífurleg tækifæri. Sérfræðingur á fyrrnefndu málþingi taldi að e.t.v. væru aðeins um 6% jarðhita á heimsvísu nýtt nú. Þarna getur Ísland beitt sér til góðra verka og ekki er verra ef við getum unnið að þeim í samvinnu við Japan og önnur ríki sem vilja efla veg loftslagsvænnar orku.


TAX FREE
VIÐ AFNEMUM VIRÐISAUKASKATTINN AF ÖLLUM VÖRUM
Í VERSLUNINNI FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS!*
EKKI MISSA AF ÞESSU
;-)
AFSLÁTTURINN GETUR NUMIÐ ALLT AÐ
80%
AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!**
*Afnám vsk. jafngildir 20,32% afslætti og er alfarið á kostnað Korpu Outlet. **Afslátturinn gildir af Outletverðum og getur því verið allt að 80% frá upphaflegu verði!
Ráðandi - auglýsingastofa ehf
STÆRSTA OUTLET LANDSINS!
KORPU OUTLET
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# Fólkið í kjallaranum

KJARAMÁL



**Svanur Már Snorrason**
bókavörður á bókasafni Hafnarfjarðar og verðandi þjónustufulltrúi

Að starfa sem bókavörður er gefandi, skemmtilegt og fjölbreytt starf. En launin eru ömurleg. Bókaverðir sinna fjölbreyttu og krefjandi starfi þar sem þjónustulund og fjölhæfni eru skilyrði. Þá er kerfisþekkingar krafist.

Bókaverðir ganga í nánast öll störf á bókasafni, önnur en skráningu gagna. Við sinnum afgreiðslustörfum, leitum að gögnum fyrir viðskiptavini og hjálpum þeim að nýta safnkostinn. Við hjálpum námsmönnum við heimildaleit og grúskurum erum við innan handar, sem og margt annað sem alltof langt mál væri að telja upp í stuttri grein.

Bókasöfn og starf bókavarða hefur á stuttum tíma stokkið úr fornöld til nútímans. Því gæti skilgreiningin á starfi bókavarða (eins og hún er sett fram á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga) verið frá öndverðri síðustu öld því miðað við hana eiga bókaverðir að vera hjálpsamir og góðir að raða bókum í hillur. Skilgreiningin er svo úrelt að má líkja við að bifvélavirkjar gerðu við hestakerrur. Launin eru svo í fullkomnu samræmi við starfslýsinguna, og er það með ólíkindum að þessari starfsstétt skuli með svo áberandi og ósvífnum hætti haldið niðri í kjallaranum. Um leið er það grátlegt að stéttin skuli hafa sætt sig við þessi ömurlegu kjör áratugum saman.

Hvað veldur þessu? Getur það tengst áratugalangri launakúgun kvenna? Þetta er kvennastarf, því yfirgnæfandi meirihluti bókavarða á Íslandi er konur, þótt hér sé það karlmaður sem skrifar. Í kjölfarið verður því að spyrja: Eru konur svona aumar í launabaráttu eða liggja hér einhverjar annarlegar og kynjatengdar ástæður að baki? Gæti ástæðan fyrir þessum aumu kjörum verið sú að þeir sem stjórna í stéttarfélögunum, sveitarfélögunum og hjá ríkinu hafi enga þekkingu eða skilning á starfi bókavarða? Eða er þeim alveg skítsama?

**Kjallaradvöl skal ljúka**

Mánaðarlaun bókavarðar í 100% starfi eru undir 200 þúsund krónum eftir skatta. Jafnvel þótt þeir taki þá aukavinnu sem í boði er ná launin ekki 200 þúsund krónum. Bókaverðir draga varla fram lífið með þessum launum, sem eru litlu hærri en atvinnuleysisbætur.

Þetta getur ekki gengið svona. Fá dæmi um verri laun finnast hér á landi. Það er skömm að því að heil stétt af harðduglegu fólki skuli bera svo lítið úr býtum fyrir mikla og krefjandi vinnu, og umhugsunarefni fyrir þá sem velta vöngum yfir kynbundnum launamun.

Ég rýf þögnina með þeirri kröfu að starf bókavarða verði metið að verðleikum. Að það verði skilgreint á nýjan leik og fært til nútímans. Þá kröfu set ég einnig fram að heiti starfsins skuli verða „þjónustufulltrúi“ með þeirri launahækkun sem því fylgir. Kjallaradvöl bókavarða í starfslýsingu og launum skal ljúka.

Þessar kröfur mínar eru hvorki óeðlilegar né nýjar af nálinni: Það er fordæmi fyrir þeim. Forstöðumaður bókasafns Mosfellsbæjar, Marta Hildur Richter, fékk það í gegn með dugnaði sínum og velvilja þáverandi bæjarstjóra, Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, að heiti bókavarða skyldi breytt í þjónustufulltrúa. Með þeirri breytingu fylgdi launahækkun um sjö flokka. Þarna voru tvær sterkar konur sem studdu að eðlilegri stöðu- og launahækkun bókavarða. Sama staða er í Hafnarfirði í dag; kona er forstöðumaður bókasafnsins og kona er bæjarstjóri, og báðar sterkar; sé viljinn fyrir hendi hjá þeim er ekkert því til fyrirstöðu að það sama og gerðist í Mosfellsbæ á sínum tíma gerist í Hafnarfirði og um land allt. Vilji er afl.

Það gerist ekkert með hvísli á kaffistofum. Ef ekki er látið til skarar skríða á réttum stöðum verður engu breytt. Það er komið að því að stétt bókavarða vakni til vitundar og hætti að sætta sig við ömurleg launakjör. Ég krefst úrbóta og trúi ekki öðru en að aðrir bókaverðir taki undir með mér. Það skal gerast. Það mun gerast.

**➜ Ég rýf þögnina með þeirri kröfu að starf bókavarða verði metið að verðleikum. Að það verði skilgreint á nýjan leik og fært til nútímans. Þá kröfu set ég einnig fram að heiti starfsins skuli verða „þjónustufulltrúi“ með þeirri launahækkun sem því fylgir. Kjallaradvöl bókavarða í starfslýsingu og launum skal ljúka.**

# Glópagull úr skyri?

LANDBÚNAÐUR



**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor

Framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði hefur lýst áhuga fyrirtækja í mjólkuriðnaði á að flytja 4.000 tonn af skyri til Evrópu tollfrjálst. Á ýmsu hefur gengið með arðsemi af útflutningi íslenskra landbúnaðarafurða. Því vaknaði sú spurning hvort skyrútflutningur væri gróðaleið. Eftir nokkra yfirlegu og samtöl við kunnáttufólk varð niðurstaðan neikvæð. Skilaverð mjólkurinnar sem færi í Evrópuskyrið yrði líklega 420 til 450 milljónir króna. Markaðsherferð í Evrópu myndi síðan kosta einhverjar 100 til 200 milljónir á ári hið minnsta.

**Þrátt fyrir ítrekun var ekki svarað**

Verðlagsnefnd búvara telur að það kosti bændur 630 milljónir króna að framleiða þær 5 milljónir lítra mjólkur sem færu í skyrið. Því virðist borðleggjandi að tap á fyrirhuguðum útflutningi skyrs til Evrópu yrði 300 til 400 milljónir króna þegar tillit er tekið til kostnaðar við nauðsynlegt markaðsátak til að kynna skyrið. Með tölvuskeyti sendu 18. febrúar lagði ég þessa útreikninga fyrir framkvæmdastjóra Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og bað hann að leiðbeina mér ef rangt væri ályktað. Þrátt fyrir ítrekun svaraði framkvæmdastjórinn ekki og staðfesti með þögninni að útreikningarnir sem ég lagði fram væru nærri lagi.

Í Fréttablaðinu þann 24. febrúar sl. spurði ég, í framhaldi af þegjandi samþykki framkvæmdastjórans, með hvaða hætti Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hygðust fjármagna fyrirsjáanlegt tap á hugsanlegum útflutningi skyrs til Evrópu. Af grein sem framkvæmdastjórinn ritar í Fréttablaðið 26. febrúar má skilja að hann ætli að lækka kostnað Mjólkursamsölunnar um 200 milljónir króna frá áætlun minni með því að greiða bændum aðeins 83 krónur á lítrann af mjólk sem færi til Evrópuskyrgerðar. Fyrir framleiðslu innan kvóta sem fer á innanlandsmarkað eru hins vegar greiddar 128 krónur á lítrann.

Það liggur því beint við, í framhaldi af svari framkvæmdastjóra SAM, að spyrja talsmenn Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda hvort þeir séu tilbúnir í þann leiðangur að framleiða ódýra mjólk fyrir Evrópumarkað. Ef svarið við þeirri spurningu er jákvætt hljóta íslenskir skattgreiðendur að spyrja Bændasamtökin og kúabændur hvort þeir eigi ekki rétt á að fá mjólk á sama verði og neytendur í Evrópu. Hvort nokkur þörf sé á beingreiðslum til mjólkurframleiðenda. Ef hægt er að framleiða umtalsvert magn mjólkur á 83 krónur lítrann fyrir Evrópumarkað, af hverju þurfa bændur 128 krónur fyrir hvern lítra sem fer á innanlandsmarkað?

Framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á svo enn eftir að svara hvernig hann hyggst fjármagna markaðsherferðina fyrir skyrinu í Evrópu. Skyr selur sig ekki sjálft þó gott sé.

**➜ Því virðist borðleggjandi að tap á fyrirhuguðum útflutningi skyrs til Evrópu yrði 300 til 400 milljónir króna þegar tillit er tekið til kostnaðar við nauðsynlegt markaðsátak til að kynna skyrið.**


## FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



FINNUR EINHVERFA DRENGINN Í SJÁLFUM SÉR

**Leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson** hefur verið með annan fótinn í leikhúsinu frá blautu barnsbeini. Hann tekst nú á við nýja áskorun – að leika einhverfan dreng í leikritinu Furðulegt háttalag hunds um nótt.

**Sérlausnir og undanþágur Möltu**



**Í ljósi umræðu** um aðildarviðræður Íslendinga við ESB í vikunni rifjaði Fréttablaðið upp 14 ára aðildarviðræður Möltu við ESB. Malta er hvort tveggja í senn minnsta og fámennasta Evrópusambandsríkið, en ríkið hlaut sérlausnir í samningi sínum við sambandið vegna sérstöðu þess í sjávarútvegi.



**Ég er dvergurinn í kjallaranum**

**Auður Ava Ólafsdóttir** heldur rithöfundarsjálfinu og því persónulega algjörlega aðskildu og segist aldrei skrifa um eigin reynslu.

**Hverjir hreppa Óskarinn?**



**Fréttablaðið** fékk spekinga til að spá um hverjir hljóta gullstyttuna eftirsóttu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS** *Ómissandi hluti af góðri helgi*

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

**LAMBA PRIME RIB-EYE**
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 4.298~~
-35%
**2.794,-**

**FYLLT LAXAUMSLÖG**
M/RJÓMAOSTI
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 1.698~~
-30%
**1.189,-**

FISKUR BEINT Í OFNINN

**KAUPTU 4PK AF 2L COKE OG FÁÐU KIPPU 4PK AF 2L COKE ZERO FRÍTT MEÐ**

**KJÚKLINGUR**
HEILL FROSINN
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 855~~
**675,-**

**ÞORSKHNAKKI**
Í KRYDDMARENERÍNGU
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 1.398~~
-30%
**979,-**

FISKUR BEINT Í OFNINN

*bolla*
*Bollukaffi*
*bolla*
*bolla*

**VATNSDEIGSBOLLUR**
MYLLU
**6 STK**
**398,-**

**GERBOLLUR**
MYLLU M/SÚKKUL
**6 STK**
**44[illegible],-**

MYLLAN ALLTAF NÝBAKAÐ

**KAFFI**
NETTÓ 400 G
**PAKKAVERÐ**
~~ÁÐUR 549 KR~~
**499,-**

**OSTABOLLA**
BAKAÐ Á STAÐNUM
**STYKKJAVERÐ**
~~ÁÐUR 198 KR~~
-50%
**99,-**

-34%
**JARÐARBER**
ALLETIDERS - FROSIN
**400 GR PAKNING**
~~ÁÐUR 299~~
**197,-**

**SAFI – NÁTTÚRA**
APPELSÍNU/EPLA
**1 LÍTIR**
~~ÁÐUR 149~~
**129,-**

**SAFI – NÁTTÚRA**
ACE
**1 LÍTIR**
~~ÁÐUR 189~~
**159,-**

**Tilboðin gilda 27. feb - 2. mar 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug og veittu okkur hjálp vegna andláts og útfarar

**HELGA GEORGSSONAR**

og heiðruðu minningu hans.

**Helga Helgadóttir**
**Bjarni Tómas Helgason** **Petra Rán Jóhannsdóttir**
**Sveinn Halldór Helgason** **Súsanna Sif Jónsdóttir**
**Brynhildur Helgadóttir**
**Hulda Helgadóttir**
**Daníel Helgi Valgeirsson**
**Karítas Líf Bjarnadóttir**
**Davíð Leó Bjarnason**
**Helga Helgadóttir** **Georg Hermannsson**
**Hrafnhildur Georgsdóttir** **Jón Óttar Birgisson**
**Eva Lilja Rúnarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur og afi,

**GUÐMUNDUR RÚNAR GUÐMUNDSSON**
**Úthlíð 37, Hafnarfirði,**

sem lést á heimili sínu þann 18. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Vilborg Sverrisdóttir**
**Ragnar Guðmundsson** **Svanhildur Anna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Rúnar Guðmundsson**
**Valgerður Guðmundsdóttir** **Hjálmar Árnason**
**Ingvar Guðmundsson** **Rut Brynjarsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Móðir okkar,

**ÞORGERÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR**
**Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 26. febrúar.

**Gísli Eiríksson**
**Björg Eiríksdóttir**
**Þorleifur Eiríksson**
**Ívar Eiríksson**
**Flosi Eiríksson**
**Elín Eiríksdóttir**



✝

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, fósturmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARGRÉTAR DAGBJARTAR BJARNADÓTTUR**
**áður til heimilis að Reykjavíkurvegi 39 (Tungu), Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk þriðju hæðar Sólvangs fyrir góða umönnun.

**Birna G. Flygenring** **Albert Baldursson**
**Garðar Flygenring**
**Erna Flygenring** **Pétur Þór Gunnarsson**
**Bjarni Sigurðsson** **Helga B. Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og sambýlismaður,

**SIGURÐUR HALLGRÍMSSON**
**(SIGGI HALL)**
**bifreiðastjóri,**
**Vík í Mýrdal,**

lést miðvikudaginn 19. febrúar. Útför fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 1. mars klukkan 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasjóð Hjallatúns.

**Ingibjörg Þórdís Sigurðardóttir** **Sigurður Nikulásson**
**Sólborg Sæunn Sigurðardóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** **Þórhallur Sæmundsson**
**Jóhanna Sigurðardóttir** **Einar Ólafur Valdimarsson**
**Svandís Salómonsdóttir**
**og afabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 28. FEBRÚAR 1986

## Olof Palme myrtur

Olof Palme, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, var myrtur á leið heim úr kvikmyndahúsi í Stokkhólmi fyrir réttum 28 árum. Olof Palme var á leið heim með konu sinni, Lisbet Palme, þegar ráðist var á þau á götunni Sveavägen. Olof var skotinn í bakið úr návígi. Morðinginn skaut einnig á Lisbet. Hún fékk skot í öxlina, en áverkar hennar voru ekki lífshættulegir. Olof lést af sárum sínum á leiðinni á spítalann.

Árásarmaðurinn komst undan, og hefur ekki fundist enn, þrátt fyrir mikla leit. Yfir 130 manns hafa játað á sig morðið. Christer Pettersson var dæmdur fyrir morðið árið 1988, eftir að Lisbet bar kennsl á hann sem morðingjann, en var síðar sýknaður.

Olof var forsætisráðherra fyrir hönd sænska Jafnaðarmannaflokksins, fyrst frá 1969 til 1976 og síðan frá árinu 1982 til dauðadags. Staðgengill forsætisráðherra, Ingvar Carlsson, tók við embættinu af Olof og gegndi því til ársins 1991.

- ue



**SVÍÞJÓÐ** Olof Palme, fyrrum leiðtogi sænska Jafnaðarmannaflokksins.

# Tölur kynntar um fjölda tungumála á Íslandi

Málþing í tilefni af viku móðurmálsins fer fram í Norræna húsinu í dag.

„Þessum upplýsingum hefur aldrei verið safnað áður,“ segir Guðrún Kristinsdóttir hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, en á málþingi í dag í tilefni af viku móðurmálsins verða kynntar niðurstöður úr leitinni að tungumálaforða þjóðarinnar. „Á málþinginu, sem fer fram í Norræna húsinu, verða settar fram fyrstu tölurnar um það hvað það eru töluð mörg tungumál á Íslandi. Söfnunin nær aðeins til grunnskólanema. Hún fer þannig fram að kennararnir spyrja bekkina sína: „Hvað talið þið mörg tungumál?“ Þá segja lettnesku krakkarnir kannski: „Ég tala lettnesku,“ og pólsku krakkarnir segja: „Ég tala pólsku,“ og svo framvegis. Ég veit ekki hversu mörgum tungumálum er búið að safna núna, en strax fyrstu dagana í söfnuninni voru komin um sextíu tungumál í sarpinn,“ segir Guðrún.

Hægt er að skoða niðurstöðurnar á vefsíðunni tungumalatorg.is. Íslensk málnefnd hvatti á degi íslenskrar tungu 2013 til aðgerða svo tryggja mætti sem best stöðu barna sem hafa ekki íslensku að móðurmáli. „Í tilefni af alþjóðlega tungumáladeginum í ár verður vakin athygli á starfi sem tengist ólíkum móðurmálum og hvatt til umræðu í skólum um hvernig hægt er að koma til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Samtökin Móðurmál kynna starfsemi sína á málþinginu,“ segir Guðrún. „Það eru samtök sjálfboðaliða í móðurmálskennslu. Innan þeirra vébanda starfar til dæmis Litli pólski skólinn. Það er skóli sem öll lítil pólsk börn fara í á laugardögum,“ segir Guðrún. Hún segir þessa móðurmálskennslu skipta gríðarlega miklu máli. „Hún bindur fólk saman. Ég þekki þetta sjálf. Ég bjó lengi í útlöndum og fór með mín börn í lítinn íslenskan skóla þar sem þau fengu íslenskukennslu,“ segir hún. „Góð tök á móðurmáli skipta máli. Þau auðvelda til dæmis fólki að læra önnur tungumál,“ segir Guðrún. „Á málþinginu verður talað um mikilvægi móðurmálsins á alla kanta,“ segir hún.

Málþingið Móðurmál: mál málanna fer fram í dag klukkan 15–17 í Norræna húsinu.

ugla@frettabladid.is



**MÁLÞING** Guðrún Kristinsdóttir vinnur hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. MYND ÚR EINKASAFNI



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**DAGBJÖRT ÓLAFSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 23,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 24. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Svanbjörg Gísladóttir** **Jón Hansson**
**Ester Gísladóttir**
**Þórir Gíslason** **Sigrún Hinriksdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG JÓHANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**kennari,**
**Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Þinghólsbraut 72, Kópavogi,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju í dag, föstudaginn 28. febrúar, kl. 13.00.

**Unnsteinn Þórður Gíslason**
**Magnús Gíslason**
**Kristján Gíslason** **Guðrún Benedikta Elíasdóttir**
**Gísli Örn Gíslason** **Birna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra eiginkona, móðir, systir og frænka,

**ELIN RÓSA RIMNAC (LÁRUSDÓTTIR)**

lést á heimili sínu í Lakeville, MN, eftir harða baráttu við krabbamein þann 19. febrúar. Minningarathöfn hennar fer fram 1. mars í White Funeral Home í Lakeville, MN.

**Ronald Rimnac** **Lára Íris Lárusdóttir (Eiríkur Pétursson)**
**Rebecca Rimnac** **Einar Ben Jörgensen (Michele Jörgensen)**
**Jacob Rimnac** **Sonja Rose Jörgensen (Hilmar Á. Eðvarðsson)**
**Benjamin Rimnac** **Signý, Ísabel, Brandon og Tyler.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRDÍS ÞORLÁKSDÓTTIR**
**frá Veiðileysu,**
**síðast til heimilis að Skipalóni 24, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi 24. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Þóra Steindórsdóttir**
**Ari Steindórsson** **Lára Grétarsdóttir**
**Guðlaug Steindórsdóttir** **Sævar Guðmundsson**
**Alda Áskelsdóttir** **Sigurður Óli Gestsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gott verð í Bónus




398 kr. 14 stk.

BÓNUS **Vatnsdeigsbollur 14 stk.**




359 kr. 2 stk.

BÓNUS **Vatnsdeigsbollur með rjóma** 2 STK.




298 kr. 400g

KJARNA **Sultur**
**jarðarberja, blönduð berja og bláberja**




198 kr. 280ml

**Bónus Bollu súkkulaðiglassúr 280ml**




AÐEINS 633 KR. LTR

459 kr. 725ml

6000 BRÚSAR Í BOÐI

**Bónus Rjómi 725ml**




239 kr. 250ml

HALTA **Þeytirjómi**




259 kr. 300g

**Suðusúkkulaði** 300g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus


1898 krónur kg
KJARNAFÆÐI **Valið lambasaltkjöt**


498 krónur kg.
KJARNAFÆÐI **Ódýrt lambasaltkjöt** 2.fl


275 krónur kg.
KJÖTV. AKUREYRAR **Saltaðir síðubitar**


1998 krónur kg
SLÁTURFÉLAGIÐ **Valið saltkjöt**

**45% minna salt**


1098 krónur kg
**Blandað saltskert lambasaltkjöt**



798 krónur kg
**Saltað hrossakjöt úrbeinað úr fillet**


1598 krónur kg
BÓNUS **Bacon/beikon**


298 krónur 1 kg.
DANSKAR **Gulrætur 1 kg.**


95 krónur kg.
**Laukur í lausu**


1898 krónur kg
**Ali Bacon** ÞYKKAR SNEIÐAR !


1398 krónur kg
ALI **Ferskar grísalundir**


279 kr. 1 ltr.
EUROSHOPPER **Matarolía**
Sólblóma og Repjuolía

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA



## BORGARLJÓÐ

**Ljósmyndasýning á vegum Fókuss, félags áhugaljósmyndara, verður opnuð á morgun klukkan 14 í Borgarbókasafni Reykjavíkur í Tryggvagötu 15. Borgarljóð eru að þessu sinni í fókus. Myndirnar eiga það allar sameiginlegt að vera túlkun ljósmyndarans á ljóði ortu af einhverju ljóðskáldi um Reykjavík.**





belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

OUTLET
SKÓR

Flottir skór á frábæru verði




Herra skór
St. 39-47




Dömu skór
St. 36-41




Herra skór
St. 41-45




Stráka skór
St. 27-39

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407


# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Holta KJÚKLINGUR

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingalifrarmousse með rauðlaukssultu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

### KJÚKLINGALIFRARMOUSSE
**MEÐ RAUÐLAUKSSULTU**

**FORRÉTTUR FYRIR 8-10**

550 g kjúklingalifur
1 dl púrtvín
½ dl brandí
1 laukur, smátt saxaður
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
1½ tsk. timjan
1½ tsk. marjoram
2 tsk. nítrítsalt eða venjulegt salt
1 tsk. pipar
450 g smjör

Setjið allt nema smjör í eldfast mót og breiðið álpappír yfir. Geymið í kæli í fjórar klukkustundir. Setjið mótið í 150°C heitan ofn í 30-40 mín. eða þar til lifrin er elduð í gegn. Setjið þá allt úr eldfasta mótinu í matvinnsluvél ásamt smjörinu og maukið vel. Færið maukið í fallegt form og kælið.

Berið fram með rauðlaukssultu, ristuðu brauði og salati.

**RAUÐLAUKSSULTA**

3 rauðlaukar, skornir í sneiðar
2 msk. olía
1 tsk. timjan
2 lárviðarlauf
5 msk. sykur
4 msk. balsamedik
Salt og pipar



**LJÚFFENGUR FORRÉTTUR** Rauðlaukssultan gerir gæfumuninn hér. MYND/STEFÁN







HEILSURÉTTIR

065

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

980 | 1340

Lægra verð

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

*Án salts og sykurs.*

NINGS

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is
















**BRAGÐGOTT** Veitingastaðir sem taka þátt í Food & Fun bjóða til veislu á morgun. MYND/SIGURJÓN RAGNAR OG HELGA BJÖRNSDÓTTIR

# VEISLA FYRIR BRAGÐLAUKANA

**MATARHÁTÍÐ** *Gestir Hörpu fara ekki svangir heim um helgina. Tvær matarhátíðir verða haldnar þar um helgina og er ókeypis inn á þær báðar.*

Sannkölluð matarveisla verður í Hörpu um helgina. Þá fer kokkakeppni Food & Fun-hátíðarinnar fram og Vetrarmarkaður Búrsins verður haldinn en ókeypis er inn á báða viðburðina. Kokkakeppnin er árlegur hluti Food & Fun en þar keppa gestakokkar keppninnar um titilinn Food & Fun-matreiðslumaður ársins. Veitingastaðirnir sem taka þátt í hátíðinni bjóða svo gestum upp á að smakka dýrindis veitingar úr íslensku hráefni. Að sögn Jóns Hauks Baldvinssonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, skipar kokkakeppnin sífellt stærri sess í dagskránni. „Þetta er þrettánda árið sem hún er haldin en segja má að eftir að René Redzepi, eigandi Noma, sigraði í henni árið 2006 hafi hún farið á flug. Redzepi er talinn einn merkilegasti matreiðslumaður heims og því vilja allir feta í fótspor hans.“

Dómararnir heimsækja veitingastaðina og velja að lokum þrjá matreiðslumenn í lokaúrslitin. Níu manna dómnefnd krýnir sigurvegarann að keppni lokinni. „Aðalhugmyndafræði hátíðarinnar er að kynna íslenskt hráefni fyrir erlendum matreiðslumeisturum. Oft eru þetta framandi hráefni og því skemmtileg áskorun fyrir þá sem endar yfirleitt í ljúffengum réttum.“

Á jarðhæð Hörpu má svo finna fleiri gómsætar veitingar þegar Vetrarmarkaður Búrsins verður haldinn um helgina. Þar kynna rúmlega fjörutíu innlendir framleiðendur framleiðslu sína. Fjölbreytt úrval af alls kyns veitingum verður á boðstólum og gestum gefinn kostur á að smakka meðal annars úrval kjötmetis og pylsur, osta, sultur, saft, konfekt og brauð.

Matarmarkaðir Búrsins eru stærstu matarmarkaðir hérlendis að sögn Eirnýjar Sigurðardóttur, upphafsmanns markaðarins. „Jólamarkaðurinn sem haldinn var í desember fór langt fram úr björtustu vonum og talið er að um sextán þúsund manns hafi mætt þá. Meðal nýjunga sem verða kynntar um helgina má nefna heitreykt hrogn sem aldrei hafa verið seld hérlendis áður. Gestir Hörpu fara að minnsta kosti ekki svangir heim um helgina.“







**ÚRVAL VEITINGA** Yfir 40 innlendir framleiðendur kynna afurðir sínar í Hörpu. MYND/HELGA BJÖRNSDÓTTIR

**KOKKAKEPPNIN**
***Haldin laugardag í Norðurljósasalnum, á 1. hæð Hörpu, milli kl. 13 og 16.***

**VETRARMARKAÐUR BÚRSINS**
***Verður á jarðhæð Hörpu, laugardag og sunnudag, milli kl. 11 og 17.***

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Wilson's PIZZA

## ÞAÐ ER 40% AFSLÁTTUR AF STÓRUM PIZZUM AF MATSEÐLI UM HELGINA




### Stór Rambó
Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2990~~

**1794** kr.



### Stór Hawaiian
Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2490~~

**1494** kr.



### Stór Double pepp
Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litid)

~~2790~~

**1674** kr.



PANTAÐU Á NETINU

**581 15 15 wilsons.is**

Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi




Fyrsta blað ársins
markar strauma og stefnur

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Fæst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt. – Áskriftarsími 578-4800. www.rit.is

RAUNFÆRNIMAT




Hefur þú starfað við málaraiðn eða múraraiðn í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS





DAGSVERK.IS / IDAN0114

Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á http://idan.is/raunfaernimat eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Þórunnartún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is




# FAGRA BREIÐHOLT

**ER HEIMA BEST?** *Þrjár vinkonur úr Breiðholtinu fóru með myndavélar í farteskinu í tónleikaferð til Póllands, Slóvakíu og Prag. Afrakstur má sjá á samsýningunni Heima & heiman í Gerðubergi, Breiðholtslaug og undirgöngum.*

Flestir líta á Efra-Breiðholt sem bófahverfi en hafa þó ekki stigið þar niður fæti. Það virðist nefnilega enginn vera á leiðinni upp í Breiðholt að óþörfu og ef ég héldi heimboð myndi helmingurinn sennilega ekki nenna, því Breiðholtið er svo langt í burtu," segir Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir, ein þriggja ungra listakvenna sem sýna filmuljósmyndir á spennandi samsýningu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Breiðholtslaug og undirgöngum í Austurbergi.



Sem Breiðhyltingur kannast Þorbjörg ekki við neitt slæmt úr Breiðholtinu.

„Þvert á móti hefur mér alltaf fundist gott að búa í Breiðholtinu með töfrandi náttúru Elliðaárdalsins í bakgarðinum og tilheyrandi árnið og fuglasöng. Margir staðir í Breiðholti eru bráðfallegir, mannlífið er fjölskrúðugt og margt að sjá og upplifa. Ég myndi þó fagna kaffihúsi og auknu tónleikahaldi fyrir ungt fólk í Breiðholtinu en hvet sem flesta til að gera sér ferð þangað og kynnast hverfinu af eigin raun."

Listakonurnar Þorbjörg, Brynja Bjarnadóttir og Berglind Erna Tryggvadóttir freistuðu gæfunnar í Heita pottinum – Betra Breiðholt og fengu úthlutað styrk til að setja upp sýninguna „Heima & heiman". Heiti potturinn er sjóður sem hefur að markmiði að hvetja, styrkja og virkja ungt fólk til skapandi starfa í nærumhverfi sínu. Tilgangurinn er að styrkja umhverfisvitund og efla jákvæða ímynd Breiðholtsins.

„Þema sýningarinnar er ferðalag. Við höfum allar mikinn áhuga á ljósmyndun og tökum myndirnar okkar á filmu.

Filmuljósmyndir hafa alltaf fangað hug minn og á ég orðið svolítið safn filmuvéla. Ásamt því að taka myndir hef ég haldið dagbók á ferðum mínum þar sem vangaveltur og spurningar um lífið og tilveruna eru oft aðalviðfangsefnið. Mig langaði að tvinna þetta saman og gera sýningu sem er eins og dagbók úr höfði mínu en myndirnar á sýningunni eru úr ferðalögum okkar vinkvennanna hér heima og að heiman," segir Þorbjörg sem hefur ferðast talsvert um heiminn með tónlist, myndavél, dagbækur og ævintýraþrá í farteskinu.

Á milli ferðalaga er svo alltaf komið heim. En hvað er heima? Er heima kannski þar sem manni líður best? Og hvað ef heima er þá að vera á ferðinni? Er maður þá að heiman þegar maður kemur heim á milli ferðalaga? Eða getur maður fundið jafnvægi alls staðar? Þessum vangaveltum vörpum við á vegg í formi ljósmynda og texta."

Ljósmyndir og ljóð Þorbjargar eru til sýnis í norðuranddyri Gerðubergs. Brynja sýnir ljósmyndir, brenndar á íslenskan við, í undirgöngunum undir Austurbergi og Berglind sýnir ljósmyndir sínar í kvenna- og karlaklefum Breiðholtslaugar.

„Það er upplagt að hefja sýninguna í Gerðubergi, rölta þaðan yfir í undirgöngin og svo upp í Breiðholtslaug og enda á frískandi sundspretti."

■ thordis@365.is

**LISTELSKAR**
Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir, Berglind Erna Tryggvadóttir og Brynja Bjarnadóttir. Þær Þorbjörg og Brynja skipa dúettinn Ósk & Brynja. Þær semja rólega þjóðlagatónlist og hafa þrisvar farið til tónleikahalds í Slóvakíu, Póllandi og Prag. Berglind leikur á klarinett og fór með þeim út í síðustu tónleikaferð en Ósk & Brynja leika aftur á tónleikum í Slóvakíu og Póllandi í mars.
MYND/STEFÁN



**UPPLIFUN**
Tilvalið er að skoða fallegar ljósmyndir Berglindar í búningsklefum kvenna og karla í Breiðholtslaug. Í hringrammanum hér að ofan má sjá ljósmyndir eftir Brynju sem hún brennir á plötur úr trjástofnum og sýnir í undirgöngunum í Austurbergi.
MYNDIR/STEFÁN


asics®
KOMDU ÞÉR AF STAÐ!
VOR 2014 - NÝ SENDING!
HLAUPAFATNAÐUR
OG HLAUPASKÓR
Í MIKLU ÚRVALI
Bjóðum einnig eldri ASICS
vörur á Sportmarkaði
á lækkuðu verði!
Skór frá kr.15.000.-
Fatnaður frá kr. 3.990.-
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# BRASILÍSKT KARNIVAL Í REYKJAVÍK

**MIKIÐ FJÖR** *Brasilíufélagið á Íslandi stendur fyrir karnival-hátíð á Gamla Gauknum annað kvöld og fagna félagar með samlöndum sínum og gestum. Formaður félagsins vill kynna menningu sína fyrir Íslendingum um leið og safnað verður fyrir börn í Amazon.*





**MIKIÐ FJÖR** Brasilískar konur sem búa hér á landi á karnival-hátíð í fyrra, Rejane er baka til með svartar og gular fjaðrir á höfðinu. Myndin til hægri var tekin af Rejane Santana á Fjölmenningardegi Reykjavíkurborgar. Rejana setti upp bás í Ráðhúsinu þar sem hún miðlaði upplýsingum um lífið og menningu í Brasilíu.

Brasilíufélagið er fyrir Brasilíumenn sem búa hér á landi en það er einnig opið Íslendingum sem hafa áhuga á menningu landsins, tungumáli og matargerð. Allir eru velkomnir á karnival-hátíðina þar sem margt verður gert til skemmtunar og fróðleiks.

Rejane Santana flutti hingað til lands eftir að hún kynntist íslenskum eiginmanni sínum, Stefáni Þorgrímssyni, sem var á ferðalagi um frumskóga Amazon. Hún hefur haft nóg að gera undanfarið við undirbúning hátíðarinnar ásamt samlöndum sínum. „Kjötkveðjuhátíðin í Brasilíu stendur nú yfir og við ætlum að halda upp á daginn á Gamla Gauknum. Í föðurlandi mínu tekur fólk sér þriggja daga frí um helgina til að skemmta sér með gleði og söng. Það er alltaf mikil tilhlökkun fyrir karnival-hátíðinni," segir Rejane, sem er formaður Brasilíufélagsins. Kjötkveðjuhátíðin í Ríó í Brasilíu er sú frægasta í heimi.

**DANSAÐ FRAM Á NÓTT**

„Við vorum með karnival-hátíð í fyrra sem tókst mjög vel og trúum því að ekki verði síður skemmtilegt núna. Við vonumst til að sjá sem flesta, en boðið verður upp á létta brasilíska rétti, nokkurs konar pinnamat sem eru fylltar djúpsteiktar bollur, og síðan verður fjörug músík að hætti Brasilíubúa," segir Rejane.

Hún segir að dansað verði fram á nótt og vonast til að fólk mæti í litskrúðugum fatnaði til að bæta við gleðina. Rejane og Stefán ætla að flytja aftur til Brasilíu í september en þau eiga tvo syni sem eru fjögurra og sjö ára.

Íslendingar eiga ættingja í Brasilíu því margir fluttu þangað fyrr á öldum. Auk þess hafa margir farið þangað sem skiptinemar eða ferðalangar. Rejane féll fyrir Íslandi þegar hún kom hingað fyrst en nú langar hana til að kynna syni sína fyrir ættingjum í föðurlandinu.

**STYRKJA BÖRN Í AMAZON**

Kjötkveðjuhátíð hefur verið haldin í Brasilíu frá því um miðja 17. öld. Stórfenglegar skrúðgöngur fara um götur og fólk skreytir sig í litríkum og fagurskreyttum búningum og margir bera grímur. Fólk dansar og skemmtir sér um leið og það kveður kjötveislur til páska að kaþólskum sið.

Miðinn á karnival-hátíðina annað kvöld kostar 3.000 krónur. Allur ágóði af henni rennur til kaupa á skólagögnum til barna í sveitunum í Amazon-fylki. Vonast Rejane til að sjá sem flesta Íslendinga á hátíðinni, enda margt áhugavert að sjá, prófa og heyra.

Brasilíufélagið var stofnað fyrir tveimur árum og er ætlað að kynna menningu Brasilíu á Íslandi. Félagið hefur staðið fyrir listviðburðum, danskennslu og kennslu í portúgölsku fyrir börn af brasilískum uppruna. ■ *elin@365.is*



**BÚNINGAR** Rejane segir að gaman væri ef fólk kæmi í litríkum fötum eða búningum. Það er þó ekki nauðsynlegt og öllum er velkomið að fagna með þeim.






**GIRNILEG** Kúrbítskakan er mjúk og góð og minnir á gulrótarköku. MYND/GETTY

# SPENNANDI KAKA

*Það er tilvalið að skella í þessa kúrbítsköku og bjóða gestum í lítið kaffiboð um helgina.*

**KAKA**
**3 bollar hveiti**
**3 bollar sykur**
**1 tsk. salt**
**1½ tsk. matarsódi**
**1 tsk. lyftiduft**
**2½ tsk. kanill**
**1 tsk. vanilludropar**
**4 egg**
**1½ bolli olía**
**3 bollar stappaður kúrbítur**

Hitið ofninn í 165°C. Blandið saman hveiti, matarsóda, lyftidufti, kanil, sykri og salti í skál. Hrærið saman í annarri skál egg, olíu og vanilludropum. Bætið hveitiblöndunni út í og hrærið vel. Blandið svo kúrbítnum við. Hellið deiginu í form. Bakið kökuna í gegn, í um það bil 25 mínútur. Leyfið kökunni að kólna aðeins í forminu áður en hún er sett á disk og látin kólna alveg.

**KREM**
**230 g rjómaostur**
**½ bolli smjör**
**2 bollar flórsykur**
**2 tsk. vanilludropar**

Hrærið rjómaosti og smjöri saman þar til það er orðið mjúkt. Bætið flórsykrinum smátt og smátt við og hrærið þar til blandan er mjúk. Bætið vanilludropunum við. Smyrjið á kalda kökuna.

# Lífið

FÖSTUDAGUR
28. FEBRÚAR 2014


*Marsý Hild Þórsdóttir ljósmyndari*
**FÉKK MYNDIR BIRTAR Í HARPERS BAZAAR 2**

*Margrét Gnarr fitness-drottning*
**ARNOLD-MÓTIÐ FRAM UNDAN Í OHIO 4**

*Lukka, María Krista og Sigurbjörg*
**HVAÐA MATAR-ÆÐI AÐHYLLIST ÞÚ? 10**




*Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir*

## VAR ORÐIN BITUR ÚT Í LEIKLISTINA

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?** Berglind Ólafsdóttir

**Aldur?** 36

**Starf?** Er að vinna við Renewable energy-verkefni sem má lítið ræða um eins og er, en ég fer alltaf reglulega út til Los Angeles í tökur, einnig er ég alltaf með ýmis önnur verkefni á milli handanna.

**Maki?** Enginn.

**Stjörnumerki?** Tvíburi.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?** Hafragraut með kakó-nibbum og goji-berjum og stórt glas af Maximum Vibrance-drykk.

**Uppáhaldsstaður?** Palau – litlu nærliggjandi eyjarnar þar og synda í Jellyfishlake. Ég er með mikla ást á að upplifa ný lönd og nýja menningu og á mjög marga uppáhaldsstaði sem mér þykir mjög vænt um.

**Hreyfing?** Hot-jóga, snjóbretti, líkamsrækt og fjallgöngur.

**Uppáhaldsfatahönnuður?** Veltur á árstíðum, er alltaf að skipta um skoðun. Það eru til svo ótrúlega margir snillingar, en ég hallast að fötum sem eru með innblástur frá fyrri hluta 19. aldar og jafnvel smá „hint" af París á 18. öld. En fatasmekkurinn fer eftir aðstæðum og hvernig stuði maður er í hvern dag – sannur tvíburi.

## HVERJIR VORU HVAR?

Það varð varla þverfótað í miðbæ Reykjavíkur fyrir frægu fólki á laugardagskvöldið enda fór Eddan 2014, uppskeruhátíð sjónvarps- og kvikmyndafólks, fram í Hörpu. Eftir að fjörinu lauk í tónlistarhúsinu hélt partíið áfram á barnum Bast á Hverfisgötu. Leikstjórinn **Ragnar Bragason** skálaði við sitt fólk enda glaður eftir velgengni myndar sinnar



Málmhauss á hátíðinni en myndin hlaut flest verðlaun. Eigandi staðarins, Dóra Takefusa, lét sig ekki vanta og þau **Bryndís Ásmundsdóttir** og Fjölnir Þorgeirsson dilluðu sér við tónlistina saman en þau gerðu sér ferð úr Hveragerði þar sem þau eru búsett.



# TÍSKA LJÓSMYNDIR Í BRESKA HARPERS BAZAAR



***Marsý Hild Þórsdóttir ljósmyndari býr í London og stefnir langt í ljósmyndageiranum.***

Ég stefni á að öðlast meiri reynslu innan bransans hér úti og starfa örlítið lengur sem aðstoðarkona við myndatökur ásamt því að mynda sjálf. Flestir ljósmyndarar hér vinna við að aðstoða í mörg ár því launin eru mjög góð en einnig er þetta frábær reynsla til að byggja upp möppuna," segir Marsý Hild Þórsdóttir ljósmyndari.

Hún hefur búið í London í sex ár og útskrifaðist sem ljósmyndari úr London College of Fashion fyrir rúmum tveimur árum. Aðstoðarvinnuna segir hún vera nauðsynlegt skref í átt að draumum sínum en jafnframt sé mikilvægt að styrkja tengslanetið.

Í byrjun febrúar birtust myndir eftir hana í breska Harpers Bazaar með myndum af vortísku hönnuðarins Simone Rocha og voru undirtektirnar góðar. „Maður þarf bæði að hafa hæfileikann og vera á réttum stað á réttum tíma og byggja upp tengslanetið sitt. Þannig fær maður tækifærin og kemst á samning hjá umboðsskrifstofum," segir hún.

Marsý Hild segir verkefnin vera ólík og hefur hún núaðstoðað við tökur fyrir öll helstu tískutímaritin á borð við W Magazine og Vogue. Þekktasti ljósmyndarinn sem hún hefur starfað með er hin ástralska Emma Summerton, en sjálf segist hún vera hrifnust af skapandi verkefnum með listrænum portrait-myndum.











Hönnun Simone Rocha í Harpers Bazaar. Myndirnar tók Marsý Hild, upprennandi ljósmyndari í London.






Eva Dögg Rúnarsdóttir og Anna Sóley Viðarsdóttir, eigendur Ampersand.

# AMPERSAND NETVERSLUN OPNUÐ

***Perluvinkonurnar Eva Dögg Rúnarsdóttir og Anna Sóley Viðarsdóttir opna verslun sína á veraldarvefnum.***

„Netverslunin var búin að vera á döfinni lengi og við erum rosalega ánægðar með hana. Verslunin á þó eftir að stækka og verða þægilegri á næstunni svo það eru spennandi tímar fram undan," segir Eva Dögg Rúnarsdóttir, annar eigandi Ampersand. Þær Anna Sóley hafa rekið vinnustofu og verslun á Nørrebro í Kaupmannhöfn í rúmlega ár og nú hefur netverslun þeirra á houseofampersand.com litið dagsins ljós. „Að reka verslun hefur reynst okkur mikill lærdómur og við höfum uppgötvað að okkar sterka hlið eru skór. Við sitjum núna og vinnum að okkar eigin merki og í ágúst koma á markað Ampersand-strigaskór sem við gerðum í samvinnu við Shoe the Bear." Eva Dögg er móðir og ákváðu þær stöllur einnig að bæta við barnafatatísku í verslunina. „Okkur fannst tilvalið að taka inn barnaföt fyrir smart börn í stíl við smartar mömmur sínar. Vörurnar sem við seljum verða að endurspegla okkur sjálfar því við seljum alltaf best það sem við trúum á og stöndum með."

**Lífið**
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Daníel Rúnarsson**


CAWSTON
PRESS
NÁTTÚRULEGT & SVALANDI
100% PRESSAÐUR SAFI
VERÐLAUNA DRYKKURINN LOKSINS MÆTTUR
great taste gold 2010
great taste gold 2011
great taste gold 2012
WINNER
CAWSTON PRESS APPLE & GINGER
CAWSTON PRESS APPLE & RHUBARB
CAWSTON PRESS ORIGINAL RECIPES BRILLIANT BEETROOT
NOT FROM CONCENTRATE
PRESSED & BLENDED
RISE & SHINE
CAWSTON PRESS
THE ORIGINAL FRUIT
APPLE & GINGER
NOT FROM CONCENTRATE
PICKED & PRESSED
OUR DELICIOUSLY CLOUDY JUICE IS MADE BY BLENDING THE BEST-TASTING APPLES WITH GLORIOUS GINGER
1 LITRE
CAWSTON PRESS APPLE & RHUBARB
CAWSTON PRESS SPARKLING GINGER BEER
CAWSTON PRESS SPARKLING APPLE & RHUBARB
330 ML FERNUR ON THE GO
BYRJAÐU DAGINN Á EINU GLASI AF RAUÐRÓFUSAFA
STYRKTU ÓNÆMISKERFIÐ MEÐ EPLA & ENGIFER
MMMMH! EPLA & RABBABARA
KOLSÝRÐUR ÁVAXTA DRYKKUR
ALLT NÁTTÚRULEGT
HANDTÝNT & PRESSAÐ
VERÐLAUNADRYKKUR
CAWSTON PRESS INNIHELDUR EINGÖNGU NÝPRESSAÐA ÁVEXTI, ALDREI ÞYKKNI
FÆST Í VERSLUNUM BONUS

# VIKA Í LÍFI MARGRÉTAR GNARR

***Margrét Edda Gnarr er stödd í Ohio í Bandaríkjunum þar sem hún keppir í bikini-fitness á Arnold Classic-fitness-mótinu um helgina. Hér fáum við að sjá Instagram-myndir Margrétar sem hún tók í vikunni sem leið, en hún er með 13 þúsund fylgjendur á Instagram-síðu sinni.***



**08.00 Á leiðinni í flug**
„Mánudagurinn á Keflavíkurflugvelli. Þarna er ég á leiðinni til Ohio. Við erum átta manns saman hérna úti frá Íslandi. Stemningin í hópnum er rosalega góð. Við erum öll búin að vera saman og við förum samferða til Ohio þar sem Arnold Classic-mótið fer fram. Við tókum til dæmis æfingu saman í fyrradag."



**12.00 Pósar fyrir heimsmeistaramót**
„Þetta er mynd eftir Kristján Frey."



**19.00 Íslenskt vatn í Ohio**
„Þessi var tekin á þriðjudaginn í Ohio en ég kom hingað á mánudag. Þetta var þannig að ég átti að drekka mikið vatn yfir daginn og við Olga Helena fórum út í búð þegar hópurinn fór út að borða. Þar rákumst við á íslenskt vatn og auðvitað keyptum við það. Hið eina sem var boðið upp á á veitingahúsinu var kranavatn en við vildum það ekki. Við keyptum þess vegna vatn fyrir allan hópinn. Hlupum í nærliggjandi verslun í ógeðslega miklum kulda."



**15.00 Grjótharðir magavöðvar myndaðir.**



**11.00 Kírópraktor gerir kraftaverk**
„Ég tók þessa í síðustu viku en ég fer til kírópraktors tvisvar í viku. Áður en ég byrjaði að fara til kírópraktors var ég ekki að kippa mér upp við það þótt ég fyndi fyrir sársauka. Hann tók röntgenmyndir sem sýndu að mjóbakið á mér er bólgið, hálsinn er ekki nógu sveigður og ég er líka með bólgur í brjóstbakinu sem þarf alltaf að losa um. Eftir að ég byrjaði hjá kírópraktornum er miklu þægilegra að æfa. Núna finn ég ekki eins mikinn sársauka. Kírópraktorinn minn heitir Guðmundur og vinnur á Kírópraktorstofu Íslands. Nú veit ég hvernig mér á að líða eins og í bikini-fitness þar sem ég þarf að ná sveigju í bakið í pósunum.






Fyrirsæta Monika Eyland Victorsdóttir

MYND/ BERGLIND JACK

# MÖGNUÐ GLANS- OG FANTASÍUFÖRÐUN

***Svanhvít Valgeirsdóttir kom í heimsókn frá Brussel og kenndi fantasíuförðun í Fashion Academy.***

„Það var skemmtilegt að koma aðeins heim og fá að setja penslana á húð í staðinn fyrir striga," segir Svanhvít Valgeirsdóttir þegar hún er spurð út í sýnikennsluna í fantasíuförðun sem hún hélt í förðunardeild Fashion Academy. Svanhvít býr í Brussel með þýskum eiginmanni sínum en kom til Íslands vegna tilnefningar sinnar til Edduverðlauna fyrir leikgervi Ávaxtakörfunnar. Svanhvít hefur sérhæft sig í leikgervum og listförðun og hefur komið víða við á ferli sínum. Hún hefur meðal annars farðað í Óperunni, Þjóðleikhúsinu og starfaði sem skólastjóri Snyrtiakademíunnar um skeið áður en hún flutti til Brussel. Þegar hún er spurð út í vinnuna á bak við fantasíuförðunina, segir hún: „Ég var í þrjá klukkutíma að gera þessa fantasíuförðun með hárinu því ég var jú að sýna og kenna í leiðinni en annars væri ég í kringum klukkustund að gera svona."

***Svanhvít kom til Íslands vegna tilnefningar sinnar til Edduverðlauna fyrir leikgervi Ávaxtakörfunnar.***



Elsa Þórisdóttir, Selma Karls, Monika Eyland Victorsdóttir, Þóra H. Ólafsdóttir listförðunarfræðingur og Svanhvít Valgeirsdóttir, listförðunarfræðingur og gestakennari.

AUGLÝSING: WAREHOUSE KYNNIR

# LITRÍKT OG FALLEGT Í WAREHOUSE

**Vorið er komið í Warehouse í Kringlunni þar sem litagleði og falleg mynstur ráða ríkjum. Fullt af nýjum, fallegum vörum sem lífga upp á biðina eftir sumrinu. Kjólar, buxur, leggings, toppar, kápur og skyrtur auk fallegra aukahluta. Mikil gæði á mjög góðu verði.**

María Hafsteinsdóttir, verslunarstjóri í Warehouse í Kringlunni, segir að fallegar vörur fylli nú verslunina. „Við höfum verið að taka upp nýjar vörur frá Warehouse og áherslan er á vorlega litadýrð, alls konar liti," segir hún. „Við erum bæði með skæra og fallega liti og pastel. Ég held að allt sé leyfilegt í litum þetta vorið," segir María og bætir við að hún geti til dæmis mælt með afar fallegum gulum lit. „Konur eru stundum hræddar við gula litinn en þessi er ótrúlega fallegur og óþarfi að óttast hann. Þetta er notalegur páskalitur og ég finn að konur eru hrifnar af honum því þessar vörur rjúka út," segir hún enn fremur.

### Falla fyrir litunum

Þegar María er spurð hvort íslenskar konur séu opnar gagnvart litum, svarar hún: „Já, yfirleitt en stundum þarf maður að hvetja þær til að máta en þegar þær eru komnar í flíkina verður ekki aftur snúið. Það má segja að einkennandi sé fyrir flestar konur að þær hrífast af öllum litum sem passa með svörtum lit. Í Warehouse erum við með liti og mynstur sem passa einstaklega vel við þessa algengustu liti sem konur vilja. Margar ganga í svörtum buxum en fara síðan í fallegan, litríkan topp eða kjól við," útskýrir María.

Nú er mikið í tísku að vera í stuttum kjól við buxur eða leggings og segir María ótrúlegt úrval af slíkum kjólum í Warehouse. „Þeir eru með fallegu mynstri eða einlitir. Kjólar sem eru beinir í sniðinu og passa vel með gallabuxum eða leggings. Við bjóðum gallaleggings sem ganga vel með slíkum kjólum. Einnig erum við með kjóla úr jersey-efni sem eru ákaflega vinsælir. Þeir eru aðsniðnir og rosalega þægilegir, henta því vel í vinnuna eða skólann.



### Fallegir sparikjólar

Við erum ekki með sérstaka fermingarlínu en eigum margt fallegt sem fermingarstúlkur hafa fallið fyrir. Þetta eru breskar vörur en Bretar framleiða ekki sérstakan fermingarfatnað. Við erum því ekki með þessa týpísku blúndukjóla en þjóðum fullt af öðrum sparikjólum sem eru ákaflega fallegir. Stelpurnar ættu því endilega að koma í Warehouse og kíkja á úrvalið, hvort sem ferming eða árshátíð er fram undan."

María segir að einnig sé mikið úrval af buxum; gallabuxur í öllum gerðum, bæði háar í mittið og þessar venjulegu. „Þetta eru þægilegar buxur, mjúkar og notalegar. Þær eru til í öllum mögulegum bláum litum og svörtum. Einnig erum við með léttar og fallegar þunnar peysur fyrir sumarið. Auk þess get ég nefnt úrval af töskum og klútum. Vorvörurnar okkar eru ótrúlega fallegar," segir María.

Warehouse er við hliðina á Topshop í Kringlunni og Debenhams í Smáralind. Búðin er á Facebook undir Warehouse Ísland, þar sem skoða má nýjar vörur og tilboð. Einnig á instagram/WarehouseKringlan.



Verslun Warehouse er í Kringlunni á annarri hæð, við hliðina á Topshop. MYND/GVA



Mittisháar „skinny"-gallabuxur, fást í mörgum litum og kosta **11.990 kr.** Mjög vinsælt snið, teygjanlegar og þægilegar.

Basic-stuttermabolur, margir litir, **3.490 kr.**

Hin sívinsæla Mac-kápa, **19.990 kr.** Þessi kápa er alltaf klassísk tískuflík.

Þægilegur „hversdags"-kjóll úr teygjanlegu efni, **9.490 kr.**

Falleg „oversize"-blússa, **11.990 kr.**

Leðurpils (gervi) með rennilásum, **14.990 kr.**

Munstraður hlírabolur, **5.490 kr.**

Glæsilegur sparikjóll, **19.990 kr.**





LITAGLEÐI
Kesha með bleikt og blátt hár.



DÖKKBLÁTT
Demi Lovato með dökkblátt hár.



FJÓLUBLÁTT HÁR
Kelly Osbourne á Grammy-verðlaunahátíðinni í janúar.



BLÁTT Í PARÍS
Á tískupöllunum í París voru einnig fyrirsætur með blátt hár.



DUGLEG AÐ BREYTA TIL
Katy Perry söngkona er óhrædd við að prófa ýmsa liti.

# HÁRTÓNAR BLÁTT OG FJÓLUBLÁTT NÝTT TREND

***Hártískan á tískupöllunum í París bar vott um litadýrð líkt og vortískan sjálf. Hártískan er um þessar mundir fjölbreytt og fersk en nú virðist sem bláir, fjólubláir og bleikir tónir komi sterkt inn. Pastellitirnir eru ekki eingöngu áberandi í fatnaði eða innanhússmunum fyrir vorið því einnig eru konur ófeimnar við að prófa þessi liti í hárið, rétt eins og poppstjörnurnar gera.***

„Pastel er að koma rosalega sterkt inn núna í hártískunni jafnt og í fylgihlutum og öðru fyrir heimilið. Það er mjög mikil vinna að ná þessum litatónum í hárið. Þú þarft virkilega að vera í ljósari kantinum til þess að þetta komi fallega út og svo dofnar liturinn með tímanum. Þetta kemur sterkt inn frá hinum Norðurlöndunum í takt við að það er farið að birta úti. Svo er einnig mikið verið að blanda saman litum. Þetta er þó alls ekki allra."

*Kristín Egilsdóttir, hárgreiðslumeistari á Zoo.is*



„Hártískan fer í hringi og maður tekur eftir því hvað þessir litir eru að aukast. Það er alltaf verið að reyna að gera eitthvað nýtt og í framhaldi af „umbre"-tískunni er fólk nú að sækja í pasteltóna. Þetta helst einnig í hendur við fatatískuna en nú eru ljósari tónar að birtast í vortískunni. Ég, sem klippari, er hokinn af reynslu og fagna öllum svona týpum sem vilja smá öðruvísi hár og vona að þetta sé merki um frábært sumar fram undan.

*Óli Boggi, hárgreiðslumeistari á Solid*








**RAUÐAR VARIR**
Þessar fyrirsætur létu varalitinn nægja fyrir sýningu **Max Mara.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**MASKARI**
Klesstur maskari er förðunarbóla haustsins ef marka má tískupallana.



**NÁTTÚRULEGT**
Geislandi húð, svört lína og áberandi augabrúnir baksviðs hjá Iceberg.

# FÖRÐUN BAKSVIÐS Í MÍLANÓ

***Síðustu misseri hefur náttúruleg förðun verið vinsæl á tískupöllum fataframleiðenda. Á því varð engin breyting nú þar sem ljós augnförðun, falleg húð og þykkar augabrúnir voru áberandi á fyrirsætunum í Mílanó. Fallegur eyeliner og rauðar varir eru heldur ekkert á leiðinni út af tískuradarnum ef marka má ítölsku tískuvikuna.***



**ÁBERANDI AUGU**
Þessi fyrirsæta var hress áður en hún gekk eftir pallinum fyrir **Dolce and Gabbana.**

# Nike notar íslensk módel í myndatöku fyrir nýjustu línu sína Nike PRO fyrir konur



Nýja Nike PRO línan fyrir konur er nú loks komin í verslanir hér á landi. Um er að ræða kvenlegri snið, fallegri liti og algerlega endurbætt útlit á línunni fyrir konur frá því sem áður var.
Nike PRO línan fyrir konur hefur hingað til verið „take down" frá herralínunni sem er sérstaklega hönnuð sem innanundirfatnaður fyrir stráka sem stunda íþróttir líkt og fótbolta, handbolta osfrv.

Því hafa sniðin ekki verið hentug konum hingað til og þótt heldur óspennandi.
Nú hafa þeir hjá Nike tekið algerlega nýja stefnu varðandi línuna og hafa gefið út einfalda, fallega og ódýra línu í öllum regnbogans litum sem heitir einfaldlega Nike PRO og fæst nú í verslunum á borð við Útilíf, Intersport og Nikeverslun.is.

Línan samanstendur af toppum, ermalausum- stutterma- og langerma bolum og buxum í öllum síddum. Bæði er hægt að nota fatnaðinn sem innanundirfatnað (t.d hjólabuxurnar) en einnig eru flíkurnar notaðar einar og sér þar sem engin lögmál gilda um litadýrð og skemmtilegt er að blanda saman mynstrum og litum. Fatnaðurinn hentar allri íþróttaiðkun hvort sem um ræðir hlaup, crossfit eða yoga svo dæmi séu nefnd.













Nike fékk að þessu sinni með sér í lið íslenskar íþróttakonur til þess að vera andlit og ímynd línunnar eins og sjá má.

**Módel:** Nótt Jónsdóttir, Elín Metta Jensen, Guðbjörg Loftsdóttir, Hugrún Elvarsdóttir, Katrín Ösp Jónasdóttir, Katrín Eyjólfsdóttir, Embla Rut Haraldsdóttir og Helga Gabríela Sigurðardóttir.

**Ljósmyndari:** Kjartan Magnússon



# ÞORBJÖRG HELGA ER ÉG Í ALVÖRU AÐ FARA AÐ VINNA VIÐ ÞETTA?

***Þorbjörg Helga Dýrfjörð var valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Málmhaus í leikstjórn Ragnars Bragasonar um síðustu helgi. Þorbjörg Helga, eða Obba, eins og hún er oftast kölluð, segir mikinn heiður að hljóta verðlaunin. Hún útskrifaðist úr leikaranámi árið 2009.***

MASTERLINE
Professional Beauty
Ítölsk gæði tryggja heilbrigt og glansandi hár



Án parabena og SLES
Fæst í stórmörkuðum

Mig var eiginlega farið að lengja eftir því að útskrifast," segir Obba. „Ég held að það hafi ekki allir upplifað þetta en mér fannst þetta orðið svolítið langt. Nemendaleikhúsið, sem er á fjórða ári, var virkilega skemmtilegt og lærdómsríkt, en í dag hefur leikaranámið verið stytt í þrjú ár. Fyrsta verkið var „devised" verk, eins og það kallast, í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur, en þá er maður að búa verkið til í æfingaferlinu. Mér fannst það rosalega gaman. Seinni tvær uppfærslurnar það árið voru öllu hefðbundnari. Það var áhugavert að fá að prófa hvort tveggja og nemendaleikhúsið var góður skóli. Ég fékk að upplifa að taka þátt í verkefni sem mér leið vel í en einnig þar sem mér leið illa. Ég viðurkenni alveg að það kom tímabil þar sem ég hugsaði: Er ég í alvöru að fara að vinna við þetta? Eftir á að hyggja var nemendaleikhúsið eitthvað sem ég hefði alls ekki viljað sleppa."

Obba útskrifaðist úr skólanum og fékk hlutverk í Borgarleikhúsinu. „Það er soldið fyndið. Þegar maður útskrifast sem leikari þá spyrja allir, og hvað ætlarðu eiginlega að fara að gera? Það að vera komin með vinnu í Borgarleikhúsinu var því mjög þægileg staða að vera í þar sem það krafðist ekki frekari spurninga. Margir af samnemendum mínum voru við útskrift að fara að gera ótrúlega spennandi hluti, á eigin vegum. Ég var þátttakandi í einu slíku verkefni sumarið eftir útskrift en mér fannst eins og fólki þætti það ekki alveg jafn merkilegt og að ég væri að fara að vinna í Borgarleikhúsinu um haustið."

### Ekki góð í að drekka latte

„En ég var að leika í þessu verki, Rautt brennur fyrir, sem var mikil reynsla. Þetta var erfitt ferli, en jafnframt rosalega gleðilegt, enda Borgarleikhúsið mjög lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Það hefði alveg verið gaman að halda áfram í Borgarleikhúsinu en líklegast var það fyrir bestu á þeim tímapunkti að svo varð ekki. Eftir nokkur erfið verkefni í röð var ég orðin soldið bitur gagnvart leiklistinni. Og ástríðan einhvern veginn farin."

Eftir að sýningum lauk vissi Obba ekki hvert hennar næsta skref yrði.

„Ég vissi bara að mig vantaði pening því mig langaði að fara eitthvað út. Ég var ekki á þeim stað að fara að gera eitthvert sjálfstætt verkefni og þar sem ég var þá ekki góð í að drekka latte og taka hlutunum rólega þá fór ég að leita mér að vinnu utan áhugasviðsins. Mér bauðst starf sem ritari á lögfræðistofu. Og ég bara: Já, snilld. Og sló til," segir Obba. „Það sem kom mér kannski mest á óvart var hvað ég fílaði mig geðveikt vel. Ég held að margir sem vinna frá níu til fimm þrái tilbreytingu, en mér fannst þetta algjörlega æðislegt, að fara af sviðinu og inn á lögfræðistofu."

### Úr leikhúsinu í lögfræðinám

„Svo gerðist það brátt að þetta starf byrjaði að heilla mig og mér fannst þetta svo áhugavert. Ég hugsaði með mér að ég gæti alveg eins lært þetta. Þannig að ég skráði mig í lögfræði þarna um haustið. Svo er það um vorið, áður en ég byrja í skólanum, að ég er fengin í prufur til Baltasars Kormáks og um sumarið fæ ég hlutverk í Djúpinu," heldur Obba áfram, en hún var einnig tilnefnd til Eddunnar fyrir hlutverk sitt í þeirri mynd.

„Það var æðislegt að leika í Djúpinu. en ég ákvað samt að fara í skólann um haustið. Ég man eftir wrap-partíinu í Djúpinu sem var á sunnudegi. Ég vaknaði snemma til þess að læra heima áður en ég komst í partíið og mætti svo soldið þunn í fyrsta tíma klukkan 8:15 á mánudegi. Svo held ég áfram í skólanum og þarna um haustið hitti ég Ragga (Ragnar Bragason) á kaffihúsi og hann viðrar þessa hugmynd, sem þetta var þá, um Málmhaus og að hann hafi mig í huga í þetta hlutverk," rifjar Obba upp.

„Ég man að ég las handritið og hugsaði fyrst hvað þetta væri flott og sterkt kvenhlutverk. Og ég var mjög upp með mér yfir því að hann vildi að ég tæki það að mér. Þá var þetta á algjöru byrjunarstigi og ég var að taka almennu lögfræðina. Mér fannst æðislegt í skólanum. Það var góð ákvörðun að prófa eitthvað allt annað " útskýrir Obba.

„Ég held að sé mikilvægt ef maður er að verða bitur, sama hvenær það er á ferlinum, að gera eitthvað í því. Það er á manns eigin ábyrgð sem listamanns að leyfa sér ekki að vera bitur lengi því það smitar út í vinnuna. Það eru samt til margar aðrar leið-

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Húsaviðhald

**BORTÆKNI**
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
NIÐURRIF
S: 892 7544

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**8 FETA BILLIARDBORÐ**
Glænýtt billiardborð 8 fet. 24 mm marmaraplata. Svart. Dúkur fylgir með. Kostar nýtt; 850. fæst á hálfvirði. Ármann Sími: 777 2002




**FALLEG KVÖLD- OG MORGUNLJÓS**
Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

**Verðmætaskápar**



**Öryggis-, byssu- og lyklaskápar mikið úrval**
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
Skútuvogur 11 • s: 510-8888



**BÍLL DAGSINS**
**Honda Civic Sport 1.4i**
Nýskráður 8/2013, ekinn, reynsluakstursbíll, bensín, 6 gírar.
Verð kr. **3.390.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 7/2012, ekinn 23 þús.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.490.000**



PEUGEOT
**607 2.2i**
Nýskráður 1/2004, ekinn 116 þús.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.290.000**



HONDA
**Accord Executive**
Nýskráður 8/2013, ekinn 6 þús.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.290.000**



BMW
**3**
Nýskráður 8/2004, ekinn 129 þús.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.490.000**



NISSAN
**Pathfinder SE**
Nýskráður 8/2006, ekinn 105 þús.km. dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.390.000**



NISSAN
**Note dísil**
Nýskráður 8/2008, ekinn 125 þús.km. dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 1/2013, ekinn 12 þús.km. dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 7.360.000**



HONDA
**Civic Comfort**
Nýskráður 3/2013, ekinn 15 þús.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.350.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til sölu

Hjónarúm til sölu í síma 5656257

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Skúfhólkar óskast**
Kaupum gamla skúfhólka.
Fríða frænka
gsm. 8642223

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Kennsla

**STANGVEIÐIMENN ATHUGIÐ**
Okkar árvissa flugukastkennsla í TBR húsinu Gnoðavogi 1 .
**Hefst sunnudaginn 2. mars kl. 20:00.**
**Kennt verður 2 - 9 - 16 - 23. mars.**
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu, mætið tímanlega munið eftir inniskóm.
**Verð 15.000 kr enn 13.000 kr til félagsmanna.**
Uppl. í síma **894 2865** Gísli eða í síma **896 7085** Svavar
KKR, SVFR og SVH

## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur**

**Aðalfundur Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 13. mars 2014, kl. 17:00 í húsnæði deildarinnar að Laugavegi 120 – 5 . hæð.**
**Gengið er inn frá Rauðarárstíg**

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Dr. Ómar H. Kristmundsson og Hrönn Håkansson verða gestir fundarins en Ómar mun flytja erindi um niðurstöður rannsóknar um mikilvægi sjálfboðaliða sem auðlindar fyrir félagasamtök í velferðarþjónustu á Íslandi og Hrönn mun segja frá störfum sínum sem sendifulltrúi Rauða krossins á Filippseyjum.

*Framkvæmdastjóri*

Rauði krossinn Reykjavík

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd



**VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI**
20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Lítil 2ja herb kjallara íb.ný uppgerð að öllu leiti á góðum stað nálægt miðbæ Rvk, styttri tíma. S: 8222711

Mjög góð nýleg 50fm íbúð á Laugavegi, stórar svalir, mikið skápapláss. Leiga 155 þús. Nánari uppl. í síma 663 5790

**3JA HERB. ÍBÚÐ Í STÓRHOLTI**
Góð 70fm íbúð til leigu, langtímaleiga. Laus 1.3. Leiguverð 175 þúsund. Uppl. í s 663 5790

48 fm2 íbúð með sérinngangi til leigu í Garðabæ. Uppl. í síma 863-5888 e. kl 17

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Rúmföt skaffað og þvottur rúmfötum. Internet og ljósleiðari. Leigist reglusömum & skilvísum. Einn mán trygging. Laust 1 sept. Uppl. í s. 557 2183

Studió/herbergi með baði og sérinngang til leigu í T10 Hfj. til 30. apríl. Studio apartment for rent in hafnarfjörður. Verð: 70-100þús. S. 899 7004.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast ca 25 fm bílskúr eða sambærilegt pláss í Reykjavík eða Kópavogi. Uppl. í s. 5541690

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Vantar bæði fólk í vinnu strax og fyrir sumarið. Leitum að mjög duglegu og drífandi fólki með bílpróf og til í mikla vinnu í sumar. Umsækjendur sendi tölvupóst á hreinirgardar@gmail.com

THE ENGLISH PUB

**ENGLISH PUB - REYKJAVÍK**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Reynsla af barstörfum og góð þjónustulund skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttann aðila.
**Ferilskrá sendist á: ingvar@enskibarinn.is**

## Atvinna óskast

Vanur smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8645920

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlísögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Gott slökunarnudd í boði. Símanúmer gefið upp í augl. Stefnumót, s. 905-2000, 535-992,, augl.nr.8491.

Rúmlega fertugur karlmaður vill kynnast undirgefnum karlmanni sem hefur aðstöðu. Stefnumót, s. 905-2000, 535-992,, augl.nr.8221

**SPJALLDÖMUR 908 5500**
Hlökkum til að heyra í ykkur, engin bið.

## Til sölu

**Verðmætaskápar**



**Öryggis-, byssu- og lyklaskápar mikið úrval**
Neyðarþjónustan
Skútuvogur 11 • s: 510-8888

## Skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**LAUGARDAGURINN 1. MARS**
14:50 FULHAM - CHELSEA
14:50 STOKE CITY - ARSENAL
17:20 SOUTHAMPTON - LIVERPOOL

**SUNNUDAGURINN 2. MARS**
13:45 MAN. CITY - SUNDERLAND
16:20 TOTTENHAM - CARDIFF
16:20 ASTON VILLA - NORWICH




**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**
**RÚNAR ÞÓR,**
**RÚNAR VILLA VALLA**
**SIGGI ÁRNA OG**
**BJÖRGVIN GÍSLA**

**Allir velkomnir**

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus
659 kr. 200g
Chiafræ 200g
329 kr. 700g
Engiferdrykkur 700ml
379 kr. 340g
Hnetusmjör 340g
279 kr. 6 stk.
Hrískökur 100g
189 kr. 700g
Maukaðir tómatar 425g
Sex á verði fimm
485 kr. 6 stk.
SEX YUM YUM KJÚKLINGA-NÚÐLUSÚPUR
VINSÆLUSTU
Kjúklingabringurnar
í verslunum Bónus
Frosnar bringur 900g poki
KYCKLINGFILÉ
1548 krónur 900g.
ROSE
100% KJÖT
1359 kr. 700g.
Úrbeinuð kjúklingalæri
Dönsk skinnlaus og frosin
459 kr. 750g
Avocado í neti 750g
coco drink pure organic coconut juice
398 kr 500ml
Lífrænt KÓKOSVATN
KJARNAFÆÐI KJÖTFARS
259 krónur 620g
KJARNAFÆÐI Ferskt kjötfars 620G
298 kr. kg
Amerískar Sætar kartöflur
1498 krónur kg.
KAUPFÉL. SKAGF. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
BÓNUS KLETTASALAT
298 kr. 75g
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía
BÓNUS SPÍNAT
398 kr. 200g
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn
198 krónur kg.
SPÆNSKAR Appelsínur
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OMO Color
1998
kr. 80 þvottar
BIG PACK 90 TABS
ALL IN 1
finish
POWERBALL
1798
kr. 90 uppþvottar
Finish uppþvottavélatöflur
ALL IN ONE; 90 STK.
KAUPTU
COCA COLA 2 LTR.
BÆTTU VIÐ
COKE ZERO
FRÍTT
+
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Kristall
169
kr. 2 ltr.
BÓNUS GULRÓTARKAKA
998
kr. 700g
BÓNUS Gulrótarkaka 700g
NÝ BAKAÐ
198
kr. 5 stk.
BÓNUS Mjúkar kringlur
PEPSI eða Pepsi Max
2 LTR + Doritos poki
379 kr.
pepsi
+
Doritos
Friendship
298
kr. 200g
Mozzarella ostur rifinn
BÓNUS
598
kr. kg.
BÓNUS Ferskur grísabógur
Pizzadeig
198
kr.400g
SPELT Pizzadeig
259
kr.400g
Bónus Pizzadeig tvær gerðir; VENJULEGT OG SPELT
Kornbrauð
BÓNUS
Kornbrauð
Bónus Kornbrauð 1 kg.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

# Settu þér alvöru markmið strax í dag!

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 109.990Kr



Cube Aim pro 29

Gaffall
SR Suntour XCT MLO 29", 100mm
Verð 149.990Kr



Cube Aim SL 29

Gaffall
Rock Shox XC 28, TK, PopLoc, 100mm
Verð 179.990Kr



Cube Analog 29

Gaffall
Rock Shox XC 28, TK, PopLoc, 100mm
Verð 219.990Kr



Cube Attention SL 29

Gaffall
Rock Shox Reba RL AIR, MC, PushLoc, 100mm
Verð 269.990Kr



Cube Ltd 29 Blackline

Gaffall
Manitou Marvel TS Air ,Remote Lockout, 100mm
Verð 399.990Kr



Cube Reaction GTC Pro 29

CUBE barnahjólin
eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.

# CUBE 2014

## Þýsk gæði á góðu verði!

CUBE barnahjólin
eru komin aftur!



Cube 240 - 63.990KR.

- Cube / Craft / Louis Garneau / Brooks / Compresssport -

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



2 | KL. 19:45
**Spurningabomban**
Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld



2 | KL. 19:20
**The Simpsons**
Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



2 | KL. 20:35
**Batman Begins**
Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtaárum Bruce Wayne.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Silver Linings Playbook**
Skemmtileg mynd með Bradley Cooper, Robert De Niro og Jennifer Lawrence í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:15
**Super Fun Night**
Þrjár klaufalegar vinkonur eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum.



3 | KL. 20:40
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 3 | | 1 | 4 | |
| 1 | | | 2 | 4 | | 9 | | 7 |
| 9 | | 7 | | | | 2 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | |
| | 7 | | | 1 | 5 | 3 | | 9 |
| | | 4 | 7 | | 8 | | 6 | |
| 5 | | 2 | | | | 4 | | 8 |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | 1 | | | 9 | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | 2 | | | 6 | |
| 4 | | 7 | | | 1 | 3 | | 8 |
| 1 | 6 | | | 8 | | | | |
| | | | 4 | | | | | 1 |
| | 8 | | 6 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 8 | 7 | 4 |
| | | 8 | | | 7 | | 5 | |
| | 2 | | | | | 9 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | 4 | 6 | |
| | 9 | 2 | 5 | | | | | |
| 3 | | | 8 | | 2 | | | |
| | | 4 | | | 8 | 2 | 9 | |
| | | | | | 6 | 3 | | 7 |
| 5 | | | | 9 | | | | |
| 2 | 8 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 3 | | | | | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 8 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 5 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 2 | 3 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 8 | 7 | 2 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 1 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 |
| 4 | 8 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 9 | 7 |
| 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 3 | 2 |
| 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Gáfumenni þurfa ekki viskuorð–það eru þeir heimsku sem þurfa ráðleggingar.“

*Bill Cosby*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** nálægt, **6.** í röð, **8.** stansa, **9.** hylur, **11.** org, **12.** undirferli, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** sönghópur, **18.** til viðbótar, **20.** bókstafur, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** tveir eins, **4.** kassabók, **5.** missir, **7.** þrútinn, **10.** nálægt, **13.** stormur, **15.** fituskán, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** áb, **8.** æja, **9.** lón, **11.** óp, **12.** flærð, **14.** grobb, **16.** hí, **17.** kór, **18.** enn, **20.** ká, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** ææ, **4.** sjóðbók, **5.** tap, **7.** bólginn, **10.** nær, **13.** rok, **15.** brák, **16.** hes, **19.** nú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Kínverski ofurstórmeistarinn Chao Li (2.697) er mjög líklegur til afreka á N1 Reykjavíkurskákmótinu. Árið 2011 tefldi hann við heimsmeistara kvenna, Hou Yifan (2.612).**

**Svartur á leik:**



**29. ... Hxa2!! 30. Bxa2** (24. Kxa2 Da7 25. Kb1 Da1+ 26. Kc2 Be1+ og hvítur verður mát) **30. ... b3! 31. Bxb3 Da3 32. Kc2 Db2+ 33. Kd3 Ba5 34. Bc4 Hxc4! 35. Re2** (25. Kxc4 Dc2+ og hvítur verður mát) **35. ... Dc2+ 36. Ke3 Bb6+** og hér gafst hvítur upp.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga í MH




320.000 AFSLÁTTUR

Coachman Clipper árg. 2011
Verð áður kr. 2.200.000
Verð nú kr. 1.880..000




210.000 AFSLÁTTUR

Fleetwood Santa Fe árg. 2008
Verð áður kr. 1.500.000
Verð nú kr. 1.290.000




110.000 AFSLÁTTUR

Coachman Clipper árg. 2010
Verð áður kr. 1.700.000
Verð nú kr. 1.590.000

200.000 AFSLÁTTUR




Viking árg. 2004
Verð áður kr. 890.000
Verð nú kr. 690.000

210.000 AFSLÁTTUR




Rockwood árg. 2007
Verð áður kr. 1.600.000
Verð nú kr. 1.390.000

200.000 AFSLÁTTUR




Palomino Colt árg. 2007
Verð áður kr. 1.190.000
Verð nú kr. 990.000

# ÚTSALA

AÐEINS Í 5 DAGA
FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

## Á **notuðum** ferðavögnum.

100.000 AFSLÁTTUR



FamilyCamp árg. 2012
Verð áður kr. 1.090.000
Verð nú kr. 990.000

200.000 AFSLÁTTUR



Combi Camp árg. 2007
Verð áður kr. 670.000
Verð nú kr. 470.000

110.000 AFSLÁTTUR



Ægir árg. 2009
Verð áður kr. 800.000
Verð nú kr. 690.000

ergo

Þægilegar afborganir sem henta þér.

100.000 AFSLÁTTUR



Ægir árg. 2011
Verð áður kr. 920.000
Verð nú kr. 820.000

400.000 AFSLÁTTUR



Esterella árg. 2012
Verð áður kr. 2.590.000
Verð nú kr. 2.190.000

Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur eða á vikurverk.is
Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12 til 16.

**VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ.**

VÍKUR V•E•R•K

**VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS**

# MENNING



**AÐALPERSÓNUR** Elmar Gilbertsson og Þóra Einarsdóttir í hlutverkum sínum sem Daði og Ragnheiður.

MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

# Steinninn hefur margs konar vísanir

**Óperan Ragnheiður verður frumsýnd í Eldborgarsalnum í Hörpu annað kvöld. Leikmyndin er eftir Gretar Reynisson myndlistarmann. Í einfaldleika sínum mun hún með útsjónarsemi styðja vel við þá dramatík sem fram fer á sviðinu í samspili við vídeó, skugga og ljós.**

„Hvern ætlið þið að hitta?“ spyr Björgvin Ploder tæknimaður er hann hittir okkur Pjetur ljósmyndara baksviðs í Hörpunni. Þegar við nefnum Gretar Reynisson myndlistarmann upplýsir hann að Gretar sé uppáhalds leikmyndahöfundurinn hans, því hann leggi sig fram við að nota lítið af dóti. Þetta skiljum við Pjetur ljósmyndari þegar Gretar leiðir okkur inn á sviðið. Það fyrsta sem fangar augað er einn steinn. Og ég sem hafði beðið Pjetur að taka eina mynd af Gretari og svo nokkrar af smáatriðum leikmyndarinnar.

### Einföld form frekar en skraut

„Ég er mínimalískur og nota einföld form frekar en skraut. Ég bý líka til virkni og hjálpa sögunni áfram með einföldun hlutum sem færast til og búa til nýjar og nýjar stemningar. Gleymið því ekki að svo koma búningar með silki, gull og blúndur inn í þetta umhverfi og þrjátíu manna kór kemur nokkrum sinnum inn með kerti,“ segir Gretar þegar hann sér undrunarvipinn á okkur. Síðan útskýrir hann aðstæðurnar.

„Eldborgin er mjög stór en hér er enginn sviðsrammi, enginn turn til að hífa hluti upp og niður, engin hliðarsvið og engar geymslur á bak við. Það er ekkert pláss fyrir stórar og miklar leikmyndir. Þær komast ekki fyrir. Maður verður bara að búa til eina mynd og nýta hana á sem fjölbreyttastan máta.“

Miðja sviðsins er hallandi og á bak við rísa tveir flekar. „Þessir flekar færast til á 27 vegu. Þeir eru á hjólum og það er hægt að færa þá til. Svo koma ljós, skuggar og vídeó inn í og skapa umgjörð um framvindu sögunnar,“ lýsir Gretar.

Þegar sýningin hefst annað kvöld mun fífilbrekka í Skálholti blasa við gestum. Ragnheiður biskupsdóttir slítur upp fífil og sest með hann í Þorlákssæti, klett í túninu. Það er steinninn. „Með þessum steini vildi ég búa til náttúruelement en steininn hefur margs konar vísanir, meðal annars í steinhjarta Brynjólfs biskups og legstein,“ segir Gretar. Hann segir fjölmargar senur í óperunni, bæði útisenur og innisenur, enda berist leikurinn frá Skálholti til Bræðratungu og allt til Kaupmannahafnar.

### Þetta er langt ferli

Gretar er þrælvanur leikmyndahöfundur og setti meðal annars upp leikmynd fyrir óperuna Il Trovatore í Eldborg. Hann byrjaði hugmyndavinnu sína fyrir þetta verkefni í september ásamt Stefáni Baldurssyni óperustjóra og leikstjóra þessarar sýningar. Hann kveðst gera teikningar og módel heima og sýnir okkur möppu með blýantsteikningum og hárfínni skrift – allt í dálkum og köflum – sannkallað listaverk. „Ég teikna og teikna, útbý módel sem ég er með ljós í og nota fígúrur sem eru í kvarða. Svo teikna ég upp allar senur og skrái skiptingar. Í desember lauk ég við hugmyndavinnuna, í janúar var smíðað, síðan kom leikmyndin í hús. Þetta er langt ferli,“ segir hann sannfærandi.

Stefán leikstjóri á leið um sviðið og leggur orð í belg. „Hann er snillingur hann Gretar, hvernig hann leysir hluti. Þetta hús er náttúrulega ekki leikhús og hér er enginn tæknibúnaður eða neitt. En það þarf að sjá til þess að allt heyrist vel og þess vegna býr Gretar til nokkurs konar lúður úr flekunum, umgjörðin er á ferð og flugi en alltaf sjónrænt flott.“

Gretar brosir og fræðir okkur um að daginn áður hafi hljómsveitarstjórinn, Petri Sakari, farið út í sal og gert hljóðprufu. Hann hafi verið stórhrifinn. „Þau orð voru látin falla að leikmyndin ætti að vera staðalbúnaður fyrir óperur í Eldborginni því hún varpaði söngnum svo vel. Það er mikið hrós og að fá það frá svona virtum stjórnanda er dýrmætt,“ segir Gretar.

### Fyllist lotningu

Þótt leikmyndin sé einföld blandast mér ekki hugur um að hún sé listaverk. Gretar samsinnir því en segir það listaverk ekki geta staðið eitt og sér, heldur fullkomnist það með leikurum, söngvurum og sögunni. „Þetta er stór sýning með miklar tilfærslur og að líma hana saman er mjög flókið. En það er gaman,“ segir hann brosandi og bætir við. „Það er líka heiður að vinna með öllum þessum listamönnum að nýrri óperu um þetta rammíslenska efni. Þetta er ein frægasta ástarsaga Íslandssögunnar. Hún hefur allt, heilagleika, grimmd og ást. Það er svo margt sem kemur saman í henni að maður fyllist lotningu.“

gun@frettabladid.is

## Óperan Ragnheiður

**Ragnheiður fjallar um Ragnheiði Brynjólfsdóttur, biskupsdóttur í Skálholti á 17. öld, ástarsamband hennar við lærimeistara sinn, Daða Halldórsson, og fordæmingu föður hennar, Brynjólfs biskups Sveinssonar, á því sambandi.**

**Aðalleikarar** Þóra Einarsdóttir, Elmar Gilbertsson og Viðar Gunnarsson.
**Leikstjóri** Stefán Baldursson
**Hljómsveitarstjóri** Petri Sakari
**Aðstoðarhljómsveitarstjóri** Guðmundur Óli Gunnarsson
**Höfundur tónlistar** Gunnar Þórðarson
**Höfundur texta** Friðrik Erlingsson
**Danshöfundur** Ingibjörg Björnsdóttir
**Lýsing** Páll Ragnarsson
**Búningar** Þórunn S. Þorgrímsdóttir
**Leikmynd** Gretar Reynisson





**LEIKMYNDAHÖFUNDURINN** „Þetta er stór sýning og að líma hana saman er mjög flókið,“ segir Gretar Reynisson myndlistarmaður um uppsetninguna á óperunni Ragnheiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989

# Finnst tilganginum með samstarfi náð

**Listakonurnar Margrét Bjarnadóttir og Elín Hansdóttir opna sýningu í dag í Den Frie í Kaupmannahöfn.**

„Við fengum beiðni frá safninu Den Frie um að sýna þar og nú er komið að því,“ segir Margrét Bjarnadóttir danshöfundur sem ásamt Elínu Hansdóttur myndlistarmanni opnar sýningu síðdegis í dag í Den Frie í Kaupmannahöfn.

Safnið er gegnt Österport-járnbrautarstöðinni og er að halda upp á 100 ára afmæli sitt á þeim stað. „Þetta er fallegt safn með mjög sérstakan arkítektúr og við unnum verkið sérstaklega inn í rýmið sem við fengum. Það er stórt pláss, ég veit ekki hvað það er í fermetrum en það er áthyrnt og ofsalega hátt til lofts,“ lýsir Margrét.

Hún segir verkið unnið úr fjarlægð. „Við gerðum verkið heima á Íslandi útfrá ljósmynd sem við fengum af rýminu. Myndin er semsagt grunnurinn.“

Þær stöllur hafa unnið saman tvívegis áður, í leikhúss- og myndlistarsamhengi. Þessi sýning þeirra samanstendur af myndböndum, ljósmyndum og prentuðu tjaldi að sögn Margrétar. „Þetta er samstarf alveg frá grunni og þó ég sé danshöfundur og hún myndlistarmaður þá mætumst við á einhverjum skurðpunkti þannig að útkoman er mjög ólík því sem ég hefði gert ein og líka langt frá því sem hún hefði gert ein,“ lýsir hún. „Þá finnst okkur tilganginum með samstarfi náð.“

Sýningin mun standa fram í miðjan apríl. **- gun**



**ELÍN OG MARGRÉT** Þær gerðu verkið heima á Íslandi út frá ljósmynd sem þær fengu af rýminu. MYND/HULDA SIF


**Nám í Danmörku**

**Námskynning verður í Norræna húsinu Laugardaginn 1.mars 12-16**

**Eftirfarandi háskólar munu kynna**

**Danmarks Tekniske Universitet** –
Technical University of Denmark - www.dtu.dk
**Syddansk Universitet** –
University of Southern Denmark – www.sdu.dk
**Aarhus Universitet** –
Aarhus University – www.au.dk

**Ennfremur munu eftirfarandi danskir háskólar, sem eru með lengra og styttra nám á háskólastigi, kynna sína skóla.**

**Erhvervsakademi Aarhus** – Business Academy Aarhus – www.eaaa.dk
**VIA University College, Horsens** – www.viauc.dk
**International Business Academy, Kolding** – iba.dk
**Erhvervsakademi SydVest** – Business Academy SouthWest – www.easv.dk
**Erhvervsakademi Lillebælt** –Lillebælt Academy of Professional Higher Education – www.eal.dk
Margir skólanna kenna á ensku

**Danska Sendiráðið**
**www.danmark.is**



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT




**LEIKSKÁLDIÐ** „Við setjum oft hugsanir okkar og tilfinningar í sýniglugga en erum um leið kannski að verða meira og meira einmana.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einfarinn sem öllum fannst þeir þekkja

**Nýtt leikverk Árna Kristjánssonar um Davíð Stefánsson, Söngur hrafnanna, verður frumflutt í Davíðshúsi á fimmtíu ára ártíð Davíðs á morgun.**

Söngur hrafnanna er leikrit en þó fyrst og fremst hljóðverk um Davíð Stefánsson og samferðamenn hans,“ segir leikskáldið Árni Kristjánsson spurður um efni Söngs hrafnanna. „Verkið er ekki sagnfræðilegt og alls ekki hugsað til að fræða fólk um ævi Davíðs, heldur manneskjuleg og listræn nálgun að því hvaða mann hann hafði að geyma.“

Sögutíminn er ein heimsókn stuttu eftir að Davíð hefur lokið skrifum á Gullna hliðinu og fær þá Pál Ísólfsson og Árna Kristjánsson í heimsókn. „Hann býður þessum vinum sínum heim til þess að hlusta á einkaflutning á leikritinu og les það allt fyrir þá,“ segir Árni. „Árni Kristjánsson, alnafni minn en ekkert skyldur mér, lýsir þessari stund í minningabók um skáldið frá Fagraskógi, sem afi minn gaf reyndar út á sínum tíma.“

Spurður hvað hafi kveikt áhuga hans á að fjalla um Davíð Stefánsson segir Árni það hafa verið ljóðin hans. „Frá því ég las ljóð eftir Davíð í fyrsta sinn hreifst ég af einlægninni í þeim og því leikræna gildi sem í þeim má finna. Það eru svo skýrar sviðsetningar í ljóðunum hans og það sem gerði hann að eins stóru nafni og hann varð var flutningur hans sjálfs á þeim. Fyrir þá sem ekki vita mikið um Davíð má bæta því við að allur hans ferill er ofinn saman við sjálfstæðisvitund Íslendinga. Ég held að ein megináståæðan fyrir því sé að nálgun hans á það að vera manneskja sló einhvern sameiginlegan tón sem fólk þekkti og gat samsamað sig við.“

Annað sem Árni segir hafa vakið forvitni sína þegar hann fór að skoða feril Davíðs er ósamræmið á milli mannsins og skáldsins. „Hann var einfari í eðli sínu og átti það til að loka sig af en hellti út öllum sínum tilfinningum í ljóðunum þannig að fólki fannst það þekkja hann persónulega þótt það hefði aldrei hitt hann. Mér finnst það mjög áhugavert og spegla nútímann vel. Við setjum oft hugsanir okkar og tilfinningar í sýniglugga en erum um leið kannski að verða meira og meira aðskilin.“

Það er Ólafur Darri Ólafsson sem fer með hlutverk Davíðs og Árni segir það vel við hæfi. „Mér finnst passa mjög vel að leikari sem nýbúinn er að kynna sér hlutverk Hamlets stígi inn í hlutverk Davíðs því eins og leikritið er skrifað eiga þeir ýmislegt sameiginlegt.“

Aðrir leikarar í verkinu eru Hannes Óli Ágústsson, Hilmir Jensson, María Pálsdóttir og Aðalbjörg Þóra Árnadóttir. Um hljóðvinnslu sér Einar Sigurðsson en Viðar Eggertsson, stjórnandi Útvarpsleikhússins, leikstýrir. Þetta er í fyrsta sinn sem Viðar leikstýrir hjá Útvarpsleikhúsinu síðan hann tók við stjórn þess og Árni segir það hafa verið ómetanlega reynslu að fá að vinna með honum.

Söngur hrafnanna verður frumfluttur sem hljóðverk í Davíðshúsi á morgun, 1. mars, en þá er 50 ár liðin frá láti Davíðs. Það verður síðan frumflutt á Rás 1 sem páskaleikrit útvarpsins á páskadag.

fridrikab@frettabladid.is

# Arkitektar geta lært af Katrínu

**Málþing í tengslum við sýningu á verkinu Undirstöðu eftir Katrínu Sigurðardóttur verður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á laugardag milli 13 og 16.**

„Þetta verður samræða milli hópsins um tengsl listaverka Katrínar og arkitektúrs. Þrjú okkar eiga það sammerkt að hafa unnið með Katrínu í einhverju af hennar verkum,“ segir Pétur Ármannsson arkitekt um málþing Listasafns Reykjavíkur í tengslum við sýningu Katrínar Sigurðardóttur.

„Katrín notar sömu miðla og arkitektar en á annan hátt því hún gerir það út frá sjónarhóli myndlistar,“ segir Pétur og segir um marga snertifleti að ræða milli listaverka Katrínar og arkitektúrs. „Hún notar til dæmis módelið sem tæki til að rannsaka og skrásetja staði og hvernig ákveðin tímabil skilja eftir sig spor í mismunandi stílum. Þetta er einn þátturinn. Síðan vinnur hún með hvernig maðurinn skynjar rýmið, mælikvarða og stærðarhlutföll. Verkið sem hún var með í Listasafni Íslands um árið þar sem maður þurfti að klifra upp í stiga og stinga höfðinu í gegnum gat til að sjá landslag og höfuðið á manni var hluti af landslaginu, það var dæmigert fyrir hana,“ segir Pétur. Hann telur spennandi fyrir arkitekta að skoða verk Katrínar því þeir geti margt af henni lært.



**LISTAKONAN** Katrín mun sjálf lýsa verki sínu Undirstöðu á málþinginu, í spjalli við Julian E. Bronner, blaðamann hjá Artforum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ásamt Pétri verða arkitektarnir Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir í pallborði, ásamt Sigrúnu Birgisdóttur, deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands sem stýrir umræðum. Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, flytur inngang og Julian E. Bronner, blaðamaður hjá Artforum, ræðir verkið Undirstöðu við Katrínu sjálfa.

Málþingið hefst klukkan 13 á laugardag og fer fram á íslensku og ensku. Aðgangur er ókeypis. **- gun**

NÝTT

# purelyinspired®

## Aukin fitubrennsla

**FYRIR HVERN ER ÞETTA?**

Purely Inspired vörurnar eru hannaðar fyrir konur og karla sem vilja áhrifaríkar en umfram allt heilsusamlegar vörur til að hjálpa til við fitubrennslu.
Þær innihalda engin örvandi efni heldur aðeins náttúruleg og vísindalega viðurkennd innihaldsefni sem örva eðlilega fitubrennslu líkamans og hjálpa til við að minnka matarlyst og brenna fleiri hitaeiningum í dagsins önn.

**TOPP EINKUNN ALLS STAÐAR!**

Green Coffee Bean, Garcinia Cambogia og Raspberry Ketones eru allt náttúruleg efni sem hafa verið ítarlega rannsökuð og fengið mikla umfjöllun í sjónvarpsþáttum erlendis, eins og Oprah Winfrey Show og Dr.Oz sem hefur meðal annars kallað Green Coffee Bean kraftaverkaefni fyrir þá sem vilja léttast á heilsusamlegan og hættulausan hátt.

**ENGIN ÖRVANDI EFNI!**

Purely inspired vörurnar innihalda ekkert koffein eða önnur örvandi efni og eru því algjörlega hættulausar og henta fólki á öllum aldri.

**HVER ER GALDURINN?**

Purely inspired vörurnar innihalda Green Coffee Bean extract sem hefur verið vísindalega sannað að eykur fitubrennslu verulega og nýleg 60 daga rannsókn leiddi í ljós að þeir sem notuðu Purely Inspired vörurnar misstu að meðaltali 5 kíló af fitu á þeim tíma.

***GREEN COFFEE BEAN:*** Inniheldur 45% Clorogenic Acid sem eykur orkunotkun líkamans yfir daginn og gerir það að verkum að þú brennir fleiri kaloríum í dagsins önn.

***RASPBERRY KETONES:*** Hjálpar til við að losa fitu úr frumunum til að líkaminn geti síðan notað hana sem orku og þannig gengur líkaminn hraðar á fituforðann.

***GARCINIA CAMBOGIA:*** Dr Oz kallaði Garcinia Cambogia "byltingarkennt brennsluefni". Rannsóknir sýna að ekki aðeins hjálpar það til við fitubrennslu heldur getur líka lækkað LDL kólesteról og gerir fólk þannig heilbrigðara. Það kemur líka í veg fyrir að nýjar fitufrumur myndist.

***KONJAC ROOT:*** Inniheldur glucomannan trefjar sem þenjast út í maganum og skapa seddutilfinningu þannig að þú verður fljótar saddur.
Ætlað þeim sem borða of mikið og vilja minnka matarlystina.






netto
Ódýrt fyrir heimilið!

FITNESS SPORT
FAXAFEN 8 · fitnesssport.is

# Fann gersemi eftir Goodhall

Kór Akraneskirkju flytur sálumessuna Eternal Light eftir enska tónskáldið Howard Goodall í auðu verslunarhúsnæði á Kalmansvöllum 1 sunnudaginn 2. mars klukkan 17. Um frumflutning er að ræða á Íslandi. Sveinn Arnar stjórnar.

„Þetta tónverk eftir Goodall er mikil gersemi sem ekki hefur verið flutt hér á landi áður í heild sinni. Ég fann það á netinu í janúar í fyrra og við höfum flutt nokkur brot úr því síðan en nú ákváðum við að taka það allt,“ segir Sveinn Arnar Sæmundsson, stjórnandi kórs Akraneskirkju, um sálumessuna Eternal Light sem kórinn flytur á sunnudag. Í kórnum eru 50 manns, gott söngfólk að sögn Sveins, og hann segir það hafa lagt mikið á sig við þetta verkefni.



SVEINN ARNAR SÆMUNDSSON.

Einsöngvarar á tónleikunum eru Björg Þórhallsdóttir sópran, Einar Clausen tenór og Halldór Hallgrímsson tenór en hann er einnig félagi í kórnum. Um hljóðfæraleik sjá Birgir Þórisson sem leikur á orgel, Viðar Guðmundsson píanóleikari, Kristín Sigurjónsdóttir fiðluleikari, Jón Rafnsson kontrabassaleikari og Sophie Schoonjans hörpuleikari.

Tónleikastaðurinn er autt verslunarhús að Kalmansvöllum 1 á Akranesi. Sveinn Arnar segir hljóma sérlega vel þar. „Það er svona kirkjuhljómur,“ segir hann ánægjulegur. Spurður hvort Skagamenn eigi ekki fínan tónleikasal í Tónlistarskólanum svarar hann: „Jú, hann er mjög fínn en sviðið er of lítið. Við þurfum að koma fyrir píanói, litlu pípuorgeli, hörpu og kontrabassa. Kirkjan okkar er líka of lítil og með slæman hljómburð en við gerum salinn í gamla Nettó fínan. Ég hugsa að við komum 350 manns þar inn.

Svo endurflytjum við sálumessuna í Háteigskirkju 8. mars.“

gun@frettabladid.is



**SÖNGFÓLK** Fimmtíu manns eru í Kór Akraneskirkju og með honum koma fram þrír einsöngvarar á tónleikunum um helgina.

## Tónskáldið og sálumessan



Howard Goodall er vinsælt tónskáld í Bretlandi. Hann býr til tónlist fyrir söngleiki, kóra, kvikmyndir og sjónvarpsþætti og hefur meðal annars samið tónlist í þættina um Mr. Bean og Blackadder. Sálumessuna Eternal Light samdi hann 2008 og árið 2009 hlaut hann BRIT-verðlaunin fyrir hana.

Sálumessur eru og voru oftast samdar til minningar um látna einstaklinga en í Eternal Light fléttar tónskáldið inn í sitt verk ljóð eftir ensk ljóðskáld sem eru ekki síður hugsuð fyrir þá sem eftir standa. Fallegir textar með sterk skilaboð.








**FLYTJENDUR Á TÓNLEIKUNUM** Kvintett Reynis Sigurðssonar, Kammerkór Mosfellsbæjar, Símon H. Ívarsson og Heiðrún Guðvarðardóttir.

# Reynir náði saman úrvalsliði djassista

Tónleikar til minningar um Gunnar Reyni Sveinsson tónskáld verða í Háteigskirkju á morgun, 1. mars. Þar verða flutt mörg af hans þekktustu verkum.

„Við Reynir Sigurðsson, sem spilaði djass með Gunnari Reyni Sveinssyni, sameinuðum krafta okkar í undirbúningi þessara tónleika og kölluðum til fólk í kringum okkur. Reynir náði saman úrvalsliði djassista,“ segir Símon H. Ívarsson tónlistarmaður.

> **Gunnar Reynir var ekki dæmigert nútímatónskáld heldur notaði hefðina.**
>
> *Símon H. Ívarsson*

Gunnar Reynir hefði orðið áttræður í ágúst á síðasta ári, hefði hann lifað en hann lést 2008, 75 ára að aldri. Mörg þekkt verk hans verða flutt á tónleikunum sem eru á vegum Listafélags Háteigskirkju.

„Við viljum vekja athygli á verkum Gunnars Reynis því hann var einn merkasti tónlistarmaður Íslands á 20. öld,“ segir Símon sem kveðst hafa unnið með Gunnari Reyni síðustu árin hans, meðal annars gefið út disk eftir hann sem heitir Glíman við Glám. Hann segir Gunnar Reyni hafa verið sérstakt tónskáld sem sameinaði djass og nútímatónlist, auk klassískrar hefðar. „Gunnar Reynir var ekki dæmigert nútímatónskáld heldur notaði hefðina. Slíkt var á sínum tíma bannað en nú berjast menn um að gera það,“ lýsir hann.

Í Kvintett Reynis Sigurðssonar eru auk Reynis, sem spilar á víbrafón, Sigurður Flosason á saxófón og flautu, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Gunnar Hrafnsson á bassa og Pétur Grétarsson á slagverk. Þá leikur Símon H. Ívarsson einleik á gítar og Heiðrún Guðvarðardóttir syngur einsöng og Símon leikur með á gítar. Einnig syngur Kammerkór Mosfellsbæjar nokkur kórverk Gunnars með áherslu á lög hans við ljóð eftir Halldór Laxness.

Símon segir Gunnar hafa átt erfiða daga vegna vanheilsu síðustu árin eins og mörg tónskáld sögunnar. „Hann samdi samt tónlist til hinstu stundar og dó við skrifborðið. Til dæmis gerði hann geysilega mörg sönglög en þau heyrast ekki mikið. Vonandi á tíminn eftir að vinna úr því.“

gun@frettabladid.is

ATP / ICELAND

kynnir með miklu stolti
risatónleika

# NEIL YOUNG CRAZY HORSE



*~ Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð ATP á Íslandi dagana 7.-12. júlí ~*

## *Mánudaginn 7. júlí 2014*

# í Laugardalshöll

MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á
MIDI.IS OG ATPFESTIVAL.COM

# Bjórdagurinn á morgun

Á morgun verða liðin 25 ár frá því bjórinn var leyfður á Íslandi. Fréttablaðið fékk nokkra þekkta landsmenn sem eru annálaðir fyrir þróaðan bjórsmekk til þess að segja frá uppáhaldsbjórnum sínum. Flestir eiga þeir það sameiginlegt að hafa ekki haft aldur til að drekka áfengi fyrir 25 árum, og drekka hann því eins og hann hafi aldrei verið bannaður.



## Hrefna Rósa Sætran
kokkur

„Ég var aldrei neitt svo hrifin af bjór þar til maðurinn minn stofnaði bjórklúbbinn Humulus Lupulus fyrir nokkrum árum. Sá klúbbur gengur út á það að smakka sem flestar tegundir af bjór hvar sem þú ert í heiminum og spá vel í honum, þ.e.a.s. bragðinu, litnum o.fl. Núna í dag förum við í ÁTVR, kaupum einn af öllu og smökkum öðruvísi bjór saman. Þetta er eins og að borða framandi mat. Skrítið fyrst en svo þróar maður með sér smekk fyrir þessu og í dag er maður kominn dálítið langt með þetta. Til dæmis á jólunum þá keyptum við svona Magnum-bjór frá Mikkeller (sem er einn og hálfur lítri) sem við drukkum með ostunum í staðinn fyrir rauðvín. Mjög góður og kryddaður bjór en uppáhaldsbjórinn er Tripel Karmeliet sem er frá Belgíu. Þetta er hveiti- og bygg -bjór; léttur, mjúkur og dálítið frúttaður.“



## Hildur Knútsdóttir
rithöfundur

„Ég var ekkert rosaleg bjórmanneskja en féll alveg kylliflöt þegar ég flutti til Berlínar og fór að stunda hverfiskrána sem var með svona 30 bjóra á krana og mjög vandvirkan barþjón. Í kjölfarið varð ég agalegur bjórsnobbari og var með mottóið: því dekkri, því betri. En svo drakk ég yfir mig af dökkum bjór, þannig að þessa dagana drekk ég helst ljósan lager úr litlum dósum, því mér finnst alls ekki nógu vel nostrað við kranabjór hér á Íslandi og ég þoli ekki þessar djammkollur sem flestir staðir bera bjórinn fram í. Uppáhaldsbjórinn minn þessa stundina er Egils Gull í litlum dósum. Og minnst uppáhalds er sérhver indian pale ale bjór. Þeir eru beiskir og ógeðslegir og ég hata þá.“



## Ólafur Sindri Ólafsson
þýðandi

„Ég drekk Guinness. Mér þykir hann ljúffengur. Er hann besti bjór í heimi? Kannski ekki. Til eru fágaðri tegundir. Og þær meira að segja flestar lausar við að fólk finni sig knúið til að segja hluti á borð við: „Er þetta ekki eins og máltíð í glasi?“ og: „Þetta er svo þungt í maga!“ eða: „Ég get nú bara drukkið einn svona!“ ef þú sest niður með svalandi glas af þeim á notalegum pöbb. Ég var ekki að panta mér Guinness til að fræðast um magavandamál þín heldur vegna þess að mig langaði í góðan bjór án þess að þurfa að setja hann á raðgreiðslur.“




## Ágúst Bent Sigbertsson rappari

„Miðað við hvað ég sötra mikið af þessum guðaveigum er hálfgerð skömm hvað ég er lítið snobbaður þegar kemur að bjór. Eins og flestir Íslendingar panta ég bara bjór á bar án þess að taka fram ákveðna týpu. En Boli finnst mér vera skref í rétta átt. Hann rennur ljúft niður en er bragðmeiri og -betri en hefðbundinn ljós lagerbjór. Svo er líka hellingur af alkóhóli í honum (5,6%) og við skulum nú viðurkenna það að ekkert bragð kemst í hálfkvisti við góða vímu.“


FÉLAGSFUNDUR VM

Dagskrá:
Miðlunartillaga
Ríkissáttasemjara

**REYKJAVÍK**
**Mánudaginn**
**3. mars** kl. 20:00
að Stórhöfða 25, 3. hæð

Fundurinn verður sendur út gegnum fjarfundarbúnað. Þeir sem vilja fylgjast með fundinum sendi beiðni þar um ásamt símanúmeri á **gudnig@vm.is**. Hægt verður að senda inn fyrirspurnir á gudnig@vm.is á meðan fundi stendur.



**ATH. KOSNING UM TILLÖGUNA STENDUR NÚ YFIR - ÞITT ÁLIT SKIPTIR MÁLI.**

*Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.*

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
STÓRHÖFÐA 25 - 110 REYKJAVÍK - 575 9800 - WWW.VM.IS

*- okkur er annt um þinn hag*


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2014**

### Tónleikar

**12.00** Á ljúfum nótum í Háteigskirkju. Anna Jónsdóttir sópran, Þóra H. Passauer kontraalt og Brynhildur Ásgeirsdóttir píanóleikari flytja dúetta og ljóð eftir J. Brahms. Miðaverð 1.000 krónur.

**12.15** Klassík í hádeginu: Fiðludraumar. Guðný Guðmundsdóttir spilar með Nínu Margréti Grímsdóttur í Gerðubergi. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Ásynjur og Páll Óskar skemmta á Café Rosenberg.

**23.00** Bandaríski tónlistarmaðurinn Roland Hartwell skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Ókeypis inn!

### Hátíðir

**17.00** Íslensk bjórhátíð á Kexi 26. febrúar til 1. mars. Bjórkynning frá Ölgerðinni og Borg brugghúsi klukkan 17-19. Hljómsveitin 1860 spilar frá klukkan 21.

### Leikrit

**19.30 Frumsýning á Svanir skilja ekki í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.**

**20.00** Sýning á Fyrirgefðu ehf. í Tjarnarbíói. Miðaverð 3.900 krónur.

**20.00** Frumsýning á uppsetningu Herranætur á Títusi í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð 2.000 krónur.

**20.00** Sýning á Gullna Hliðinu í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Sýning á Lísu og Lísu í Rýminu hjá Leikfélagi Akureyrar. Miðaverð 4.400 krónur.

**19.30** Spamalot sýnt í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 5.650 krónur.

**20.00** Sýning á Hamlet í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

**20.00** Sýning á Óskasteinum í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

### Málþing

**09.00** Hugarflug, árleg ráðstefna Listaháskólans um rannsóknir og listir, verður haldin í Þverholti 11 klukkan 9-17.

**10.00** Málþingið Hvernig eflum við saman gæði náms og kennslu? fer fram klukkan 10-13 í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands.

**14.00** Málþing Rikk ber yfirskriftina Að eiga orðið og fer fram klukkan 14-16 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

**15.00** Móðurmál - mál málanna! Málþing í tilefni Alþjóðlega móðurmálsdagsins í Norræna húsinu klukkan 15-17.

### Uppistand

**20.00** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

**22.30** Mið-Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

### Tónlist

**20.00** Skáldleg skemmtun. Kristján Hreinsson flytur eigin lög og ljóð í Salnum í Kópavogi. Miðaverð 2.500 krónur.

### Fyrirlestrar

**12.00** Opinn hádegisfyrirlestur um Upplýsingasamfélag framtíðar: tækifæri og hættur fer fram í Öskju, stofu 132, Háskóla Íslands.

**12.15** Leirlistamaðurinn Andy Shaw heldur fyrirlestur um verk sín í fyrirlestrarsal Myndlistaskólans í Reykjavík, 3. hæð, að Hringbraut 121 (JL húsinu).

**12.30** Þorgerður Ingólfsdóttir heldur fyrirlestur í Sölvhóli, sal Listaháskólans við Sölvhólsgötu. Hún mun fjalla um kórstarf og verkefnaval með unglingakórum ásamt fleiru.

**20.00** Pétur Sigurðsson heldur fyrirlestur þar sem hann fallar um kynni sín af andlegum málum, í húsi Lífspekifélags Íslands, Ingólfsstræti 22.

### Myndlist

**17.00** Einkasýning Guðlaugar Drafnar Gunnarsdóttur undir heitinu Vorið, kæri vinur verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## Svanir skilja ekki frumsýnt

**„Ég er að fara að frumsýna Svanir skilja ekki í kvöld, sem er rosalega spennandi verk á mörkum hins harmræna og kómíska þar sem leikur, dans og tónlist blandast saman einn miðil.**

*Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, umsjónarkona sviðshreyfinga í Svanir skilja ekki.*


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
4BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
GIGABYTE
FORCE K3
Einstaklega endingargott og flott leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð og ábrenndu íslensku letri
4.990
Á TILBOÐI Í FEBRÚAR!
10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM 2.1 KERFUM FRÁ THONET & VANDER
THONET & VANDER state.of.the.art.sound
SPIEL
Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Thonet&Vander með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu
6.990
FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI
ÓGRYNNI LEIKJA
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU
TILBOÐSVERÐ 19.900
JXD SMART CONSOLE LEIKJATÖLVA
Öflug spjald- og leikjatölva með öllum klassísku tökkunum ásamt 5" kristaltærum HD snertiskjá og ótrúlegu úrvali af leikjum og forritum.
Silicon Power
AÐEINS 145gr
10X
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
14.900
500GB STREAM USB3 9.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# LÍFIÐ

## 5 æfingar til að gera heima við



### 1. Dansaðu
Það er tilvalið að skella skemmtilegri tónlist á fóninn og dansa eins og enginn sé að horfa. Settu þér markmið í byrjun að dansa á fullu við heilt lag og fjölgaðu þeim svo.

### 2. Armbeygjur
Allir geta gert einhvers konar armbeygjur, hvort sem það er á tám, hnjánum eða upp við vegg. Settu þér markmið að gera tíu armbeygjur á hverjum degi.

### 3. Kviðæfingar
Gerðu þær kviðæfingar sem þér líður vel með en á YouTube er hægt að finna ýmiss konar kennslumyndbönd í kviðæfingum. Settu þér markmið að gera tuttugu kviðæfingar á hverjum degi.

### 4. Hnébeygjur
Þær eru af mörgum einkaþjálfurum taldar besta æfing sem völ er á. Þegar þú ert orðin/n mjög sjóuð/sjóaður í þeim geturðu fært þig yfir í hnébeygjuhopp.

### 5. Sipp
Að sippa tekur á og því fínt að byrja á nokkrum sippum og bæta við fjöldann með hverjum deginum. Þeir sem eru með slæma ökkla eða hné ættu samt að vara sig.

## TÍST VIKUNNAR



**Andri Snær Magnason**
@AndriMagnason
Í hvert sinn sem ég fer á karlakvöld verð ég hlynntari lögum um jöfn kynjahlutföll.



**Bergur Ebbi**
@BergurEbbi
Sigmundur Davíð er búinn að missa áhugann á stjórnmálum, hann er límdur við True Detective.



**G. Ben**
@GummiBen
Ég hef ákveðið að setja mig í spor alþingismanna, fer ekki í svefn fyrr en háttvirtur forseti slítur þingfundi. #Theapprentice



**Þórunn E. Bogadóttir**
@thorunneb
Ég fer til Brussel í apríl, sem þýðir að ég hef sex vikur til að ákveða frá hvaða landi ég þykist vera þar. Tillögur vel þegnar.



**Þorgerður Katrín**
@thorgkatrin
Fór Hverfisgötuna í dag. Sá sum húsin, mörg heillandi, í fyrsta sinn. Fínar breytingar. Lofa góðu. En nú er ég komin inn á eldfimt svæði.



**Bobby Breiðholt**
@Breidholt
Ég fer á vefi fyrirtækja EINGÖNGU til að vita síma, heimilisfang og opnunartíma. Endilega felið þessar upplýsingar neðst! #vefhönnun #tuð



**Thorsteinnj**
@Thorsteinnj
Smáþjóðaleikarnir á Alþingi.



**Stefán Máni**
@StefnMni
Menn að kaupa blóm. Aulahrollur.



**Berglind Festival**
@ergblind
Það eina sem ég vil í afmælisgjöf eru fleiri followers.



**Karl Sigurðsson**
@kallisig
En er Prins Póló ekki örugglega sjálfstjórnarsvæði undir Póllandi?


**Markaðstorg Kringlunnar**

**3.hæð - Kringlan**

**Rýmingarsala**

**5 verð í gangi**

**1.000-2.000 -3.000**

**4.000 og 5.000 Kr**




**VÍNRAUTT** Miroslava Duma er götutískustjarna enda ávallt fallega klædd.



**RITSTÝRAN** Anna Dello Russo vekur athygli hvert sem hún fer.



**TRÉ** Skemmtileg taska úr óvanalegu efni.

# Götutískan í Mílanó

Gestir tískuvikunnar í Mílanó voru fallega til fara og var ekki annað að sjá en að farið væri að lögmálunum í tískuborg Ítalíu. Það var greinilegt að smáatriðin skipta máli og fylgihlutirnir voru áberandi. Hatta, litríkar töskur og áberandi skófatnað mátti sjá á götutískumyndum frá Mílanó.



**GRAFÍSKT** Skemmtilegt munstur.



**SAMFESTINGUR** Eru útvíðar skálmar það sem koma skal?

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**HATTUR** Höfuðfat er góður fylgihlutur á tískuviku.



**FLOTT SÍMAHULSTUR** Það þýðir ekki annað en að vera með Chanel á símanum á tískuviku.



**ÁBERANDI** Þessir Balenciaga-skór eru vinsælir hjá tískuspekingum.

# DÚNDUR-dagar

## Þú vilt ekki missa af þessu!

**fyrstur kemur - fyrstur fær**

Merkjavörur frá: galleri sautján · Deres · gs skór · focus · SMASH · COMPANYS · URBAN

Golla: 3.000.- | Jakki: 5.000.- | Blússa: 5.000.- | Björkvin Peysa: 5.000.- | Peysa: 5.000.- | Peysa: 5.000.-

Golla til líka í svörtu

Fullt af litum í boði




Kjóll: 5.000.-

Kjóll: 5.000.-

Allar 5 Units Buxur á: 4.000.-

Buxur: 7.000.-
Strigaskór: 5.000.-

Buxur: 7.000.-
Sokkar 3 í pk: 1.000.-
Strigaskór: 6.000.-

Buxur: 5.000.-
skór: 6.000.-




Sokkar 3 í pk: 1000,-



Mikið úrval af sólgleraugum: 1000,-



Boxers 2 í pk: 1000,-

## Stútfull verslun af flottri merkjavöru...




Sendum í póstkröfu

OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# Mig langar ekki að horfa á klám

**?** Ég var að spá, þú talar um klám eins og það sé bara eitthvað sem allir hafa áhuga á og horfa á. Mig langar ekkert að horfa á klám og finnst það fremur ógeðfellt og mér finnst skrítið að elskhugi minn vilji horfa á klám frekar en að eiga stund með mér. Ég get ekki séð að ég verði eitthvað betri af því að fara líka að horfa á klám þó það sé framleitt af konum (sem ég leyfi mér að efast um), eru þær ekki líka að framleiða klám handa körlum? Getur klám nokkurn tíma verið gott? Eða nytsamlegt?

**SVAR** Klám er alls konar og alls ekki eitthvað sem hentar öllum enda tel ég fátt í þessum heimi henta öllum. Hins vegar er til margs konar klám svo ég hugsa að fyrir þá sem langar að skoða það þá ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þú „græðir“ ekkert á klámi annað en sjónræna örvun sem fær heilann til að hugsa um kynlíf og hann svo sendir blóð niður í kynfæri. Þú getur svarað kallinu með sjálfsfróun. Það er hið stóra markmið kláms, kveikja á greddu. Það kennir þér ekkert um mannleg samskipti eða kynlífstækni. Klámið er örvun í einrúmi. Það er yfirborðskennt og óraunverulegt. Typpi í klámi er 10 cm stærri en meðallimur. Það er óalgengt að brunda í andlit bólfélagans. Það langar ekki allar stelpur í sleik við aðrar stelpur. Það vex hár á kynfærum og undir höndum og á fótleggjum. Og svona gæti ég haldið endalaust áfram. Klám er alls konar en það er alltaf fantasía, eitthvað óraunverulegt sem er framleitt af teymi einstaklinga. Kynlíf er hins vegar á milli þeirra sem það stunda og þá er ekkert fyrirfram skrifað handrit, þið þurfið að tala saman og koma ykkur saman um tækni og stellingar.

Klám getur orðið að stóru vandamáli í sambandi ef farið er með það sem einhvers konar leyndarmál sem ekki má tala um. Ef þú ert farin að kjósa klám fram yfir kynlíf með annarri manneskju eða þarft að hafa klám með í kynlífi með öðrum þá er það vísir að því að klám sé orðið að vandamáli hjá þér. Þá getur verið gott að taka sér smá hvíld frá klámáhorfi og hugsa um eitthvað sem kveikir í þér og einbeita þér að því frekar en kláminu.

Það að tala um klám og hvernig það er, af hverju viðkomandi notar það og hvernig, er hluti af því að vera í sambandi. Talaðu um það og fáðu svör við spurningunum þínum. Tölum svo líka við unglinga um kynlíf svo þeir leiti ekki svara í klámi.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is






# 4 staðreyndir um Facebook sem koma á óvart

Facebook býr yfir miklum upplýsingum um notendur sína, og innan Facebook starfar heil deild af fólki sem breytir þessum upplýsingum í áhugaverð töluleg gögn. Fyrir stuttu birti deildin seríu um rannsóknir sínar á ástinni. Margt kom ekki sérstaklega á óvart, eins og að fólk á það til að giftast innan eigin trúarbragða, en annað kom heldur meira á óvart. Hér eru fjögur atriði sem Facebook hefur komist að með því að skoða sambandsstöðu þína á samskiptamiðlinum sívinsæla.

## Aldursmunur á samkynhneigðum pörum, meiri en á gagnkynhneigðum




Það kom lítið á óvart að þegar maður og kona eru í sambandi er maðurinn oftast eldri, að meðaltali 2,4 árum, eða að í löndum þar sem baráttan um jafnrétti kynjanna er stutt á veg komin er aldursmunurinn meiri (til dæmis 5,09 ár í Egyptalandi).
En aldursmunur á milli samkynhneigðra para er öllu meiri, að meðaltali um 8 til 9 ár.

## Pör hætta saman á sumrin




Báðir aðilar hafa breytt sambandsstöðu sinni og þar með gert sambandsslitin opinber. En hversu lengi heldur fólk það út? Facebook fann út að besta leiðin til að segja fyrir um það hversu lengi pör verða saman, sé að athuga hversu lengi sambandið hefur þegar staðið. Fyrir hvern mánuð sem líður, eru líkurnar á sambandsslitum minni, sem kemur kannski ekki stórkostlega á óvart. En þó komu áhugaverð töluleg gögn út úr þessari rannsókn því að fólk virðist hætta saman á sumrin. Það var sérstaklega mikið um sambandsslit sumarið 2011, sem gæti haft eitthvað að gera með efnahagslegan bata eftir alþjóðlega bankahrunið.

## Við sambandsslit kviknar líf á síðunni þinni á Facebook




Greiningardeildin hjá Facebook segir líf kvikna á Facebook-síðunni þinni þegar sambandsslit verða. Einkaskilaboð, skilaboð á vegginn og athugasemdir á þráðum urðu talsvert fleiri daginn sem sambandsstöðu á Facebook er breytt í einhleyp/einhleypur. Í nokkrar vikur á eftir fylgir aukin virkni á Facebook.

Facebook virkni, miðað við virkni áður en sambandsslit urðu.



# HOLI

hátíðarmatseðill

4.990 kr. *sun.-fim.*

***föstudagar og laugardagar 5.990 kr.***

### *FORRÉTTUR*

**Gosht Shikampuri Kebab**

*Fínskorið pönnusteikt lambakjöt í blöndu af sérvöldum kryddjurtum*

### *AÐALRÉTTIR*

**Murgh Rajasthani**

*Maríneraðar kjúklingalundir með engiferi, hvítlauk, kúmmíni, kardimommum, negul og hvítum pipar*

og

**Kandhari Kebab**

*Lambafillet maríneruð í blöndu af rauðbeðum, steiktum lauk, chironji-fræjum, kasjúhnetum, kúmmíni og chillíi*

og

**Aloo Rajawadi**

*Hægeldaður grænmetisréttur með kartöflum, sesam-, caraway- og sinnepsfræjum, engiferi, hvítlauk og tómötum*

### *MEÐLÆTI*

*Blanda af Naan-brauði*
*Raitha jógúrtsósa*
*Basmati-hrísgrjón*

### *EFTIRRÉTTUR*

*Ginger Crème brûlée*







# Holi-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

## Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli til loka mars á hreint frábæru verði: **5.990 kr.** fös. og lau. og **4.990 kr.** sun. - fim.

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.***
***Borðapantanir í 552 1630***

*Hverfisgata 56*
*Sími: 552 1630*
*www.austurindia.is*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*




# Spennandi matseðlar á Food and Fun

Food and Fun-hátíðin stendur yfir þessa dagana. Sautján veitingastaðir bjóða upp á Food and Fun-matseðil, auk Slippbarsins, sem býður upp á kokkteilaseðil. Hér fyrir neðan er kort yfir alla staðina sem taka þátt í Food and Fun.

**Uppskrift frá Scott Hallsworth frá Bretlandi** Sushi Samba

## *Nautataki með lauk-ponzu og hvítlauksflögum*



**LAUK-PONZU** Scott Hallsworth gefur uppskrift að réttinum nautataki með lauk-ponzu og hvítlauksflögum fyrir fjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

400 g nautahryggvöðvi
Maldon-salt
Nýmalaður svartur pipar
Lauk-ponzu
Ponzu
Hvítlauksflögur

1. Skerið nautið í 100 g bita sem eru um 3 cm á breidd og hæð
2. Grillið nautið
3. Saltið og piprið
4. Skerið í þunnar sneiðar og leggið á disk
5. Hellið lauk-ponzu yfir og skreytið með hvítlauksflögunum

**Ponzu**

100 ml hrísgrjónaedik
50 ml soya
16 ml sítrónusafi

Aðferð:
1. Blandið saman

**Lauk-ponzu**

100 ml ponzu
120 ml vínsteinskjarnaolía
3 stk. laukur
1 hvítlauksgeiri

1. Saxið laukinn mjög smátt
2. Maukið hvítlaukinn
3. Blandið saman

**Hvítlauksflögur**

2 stk. tælenskur hvítlaukur
100 ml mjólk

Aðferð:
1. Skerið tælenska hvítlaukinn í mjög þunnar sneiðar.
2. Setjið í mjólk og látið suðuna koma upp.
3. Kælið.
4. Þerrið hvítlaukinn og djúpsteikið þar til hann er gullinbrúnn.

**Uppskrift frá Sven Erik Renaa frá Noregi** Vox

## *Súkkulaði, pistasíur og blóðappelsínur:*

**Súkkulaðikremið**

1 eggjarauða
15 g sykur
120 ml rjómi
Þeytt yfir vatnsbaði
2 blöð matarlím
Matarlímsblöð leyst upp í köldu vatni og bætt ofan í heita eggjarjómablönduna.
200 g Valrhona Manjari 64% súkkulaði

Sigtið heita blönduna yfir smátt saxað súkkulaðið og blandið saman.
150 ml rjómi
Rjómi léttþeyttur og blandan slegin blíðlega saman við í rólegheitunum.

Skyrsorbet:
150 g sykur
90 ml vatn
36 ml glúkósasýróp

Sjóðið og bætið 2 uppleystum matarlímsblöðum út í
300 g af skyri og 1½ súraldin (safa og berki) bætt við
Sigtað og lagað í ísvél

**Súkkulaðikex:**

90 g smjör
50 g sykur
15 g kakó
Þeytt saman
4 eggjarauður
1 egg

100 g Valrhona Manjari súkkulaði (64%) brætt og bætt út í smjörkremið. Þeytið 5 eggjahvítur og 60 g sykur.

Blandið varlega saman og bakið (ca. 2 cm þykkt) á 175 gráðum í 15 mínútur. Lækkið svo hita á ofni niður í 100 gráður og skiljið eftir þar til kakan er alveg skraufþurr.

**Pistasíusvampur:**

230 g pistasíur
220 g sykur
450 g hveiti
Blandað í matvinnsluvél og bætið eftirfarandi út í
10 eggjahvítur
5 eggjarauður
30 g pistasíuolía

Sigtið í gegnum fínt sigti, (geymið hnetuhratið þar til síðar) og setjið á rjómasprautu og setjið 2 hleðslur af gasi. Hálffyllið pappaglas og bakið í örbylgjuofni í 55 sekúndur (miðað við 750W).

**Pistasíumulningur:**

Pistasíuhratinu smurt þunnt á ofnplötu og þurrkað í ofni á 130 gráðum. Mulið.

**Blóðappelsínufroða:**

1 dl nýkreystur blóðappelsínusafi
Smáskvetta af súraldinsafa
Lecite (soyalesitín) á hnífsoddi

Þeytið með góðum töfrasprota þannig að myndist falleg froða eins og í góðu freyðibaði.
Skerið blóðappelsínur í falleg lauf og setjið réttinn svo saman eins og sést á mynd.



**GÓÐGÆTI** Uppskrift frá Sven Erik Renaa að réttinum súkkulaði, pistasíu og blóðappelsínu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

**Uppskrift frá Erik Mansikka frá Finnlandi** Gallery Restaurant

## *Súkkulaði-namalaka fyrir fimm*



**FLOTTUR RÉTTUR** Uppskrift frá Erik Mansikka að súkkulaðinamalöku og hafþyrnisberjamús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

150 ml mjólk
15 ml glúkósasýróp
9 g matarlím
390 g hvítt súkkulaði
300 ml af rjóma

Aðferð: Sjóðið mjólk og glúkósasýróp saman, bræðið súkkulaðið. Bræðið matarlímið og blandið síðan saman við súkkulaðið. Hellið rjómanum saman við og blandið með töfrasprota.

**Hafþyrnisberjamús**

115 g sykur
30 ml vatn
50 g eggjahvítur
200 g hafþyrnisber
8 g matarlím
200 ml rjómi

Aðferð: Sjóðið saman sykur og vatn við 110 gráður. Þeytið eggin þar til sykurinn er við 125 gráður og blandið þá sykrinum saman við eggin. Matarlímið fer út í þegar eggjahvítan og sykurinn eru komin niður í 50 gráður. Berin eru hituð upp í 50 gráður, síðan maukuð, og síðan blandað saman við hitt. Að endingu er rjóminn settur út í.

ugla@frettabladid.is


VOR 2014
opið alla helgina
DKNY
GERARD DAREL
BRUUNS BAZAAR
DIESEL
SAMSOE SAMSOE
COMME DES GARCONS
KRISTENSEN DU NORD
STELLA NOVA
ROSEMUNDA
VENTCOUVERT
STRATEGIA
FREE LANCE
PLEASE
BILLI BI
UGG
BY
MALENE BIRGER
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | verslunin eva á facebook


3ja DAGA dúndur ÚTSALA í FATÓ
60-70% afsláttur af öllum vörum
föstudag, laugardag og sunnud.
FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26
FATÓ er opið alla virka daga og laugardaga kl. 11-18

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | 8, 10:25 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 8, 10:10 | 12 |
| ROBOCOP | 10:25 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 2D | 3:50, 6 | L |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 3:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | 3:45 | L |

SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| NON STOP VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | |
| WINTER'S TALE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 8:30 - 10:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 4:10 - 6:20 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 3:20 - 8 - 10:40 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:30 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:10 | 16 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 8 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:35 - 8 - 10:25 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 9 - 11:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 4:10 - 6:20 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 4:10 | L |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| MONUMENTS OF MEN | KL 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| MONUMENTS OF MEN LÚXUS | KL 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| RIDE ALONG | KL 8 - 10.15 | 12 |
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL 8 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| MONUMENTS OF MEN | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NEBRASKA (ÓTEXTUÐ) | KL 5.30 - 8 | 7 |
| RIDE ALONG | KL 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP KL 8 - 10.30 (12) / THE BOOK THIEF | KL 5.25 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| BORGARBÍÓ | | |
|---|---|---|
| MONUMENTS OF MEN | KL 8 - 10.15 | 12 |
| RIDE ALONG | KL 6 - 8 | 12 |
| ROBOCOP | KL 6 - 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði



# Ísland klæðir mig illa

**BAKPANKAR**
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Hjarta mitt slær fyrir Manchester United í enska boltanum. Síðan ég byrjaði að halda með liðinu hef ég varið það út í rauðan dauðann. Ég varði Hargreaves þegar hann gat varla geispað án þess að meiðast. Ég varði Berbatov þegar lá við að hann keðjureykti á hliðarlínunni. Og ég ver elsku, besta Nani í hvert sinn sem hann tekur upp á því að einspila – sem er oft!

**EN** nú er þolinmæði mín á þrotum. Líkt og ég nenni varla lengur að kalla mig Íslending.

**UNITED** og Ísland eiga nefnilega margt sameiginlegt. Það helsta er að við stjórnvölinn á báðum stöðum eru menn sem ég get varla horft framan í þessa dagana. Menn sem ég hef trú á að viti ekkert hvað þeir eru að gera. Menn sem vilja helst sigla skipinu í strand án þess að viðurkenna að þeir hafi gert mistök.

**ÉG** hef nefnilega alltaf tekið upp hanskann fyrir Ísland. Ég hef alltaf verið stolt af því að vera Íslendingur. Í mínum huga hefur Íslendingurinn verið hlutgervingur þess að allir vegir séu færir. Ég get allt, því ég er Íslendingur. Við erum hörð af okkur, við líðum ekkert múður og við göngum hreint til verks. Já, ég veit. Þjóðernisremba par exellence.

**NÚ** líður mér hins vegar eins og ég sé fangi í eigin landi. Ég má ekki taka þátt í að móta framtíð þjóðarinnar. Ég má ekki einu sinni hugsa um það. Og Guð forði mér frá því að kaupa ost frá löndum sem kunna að búa til eitthvað annað en skærgula, bragðlausa drullu.

**ÞAÐ** er minnsta mál í heiminum að skipta um félagslið í enska boltanum. Ein ferð í Jóa útherja og málið er dautt.

**ÞAÐ** er hins vegar talsvert meira mál að skipta um þjóðerni. Ég myndi samt frekar leggja það á mig en að klæðast einhverju öðru en þessum dýrðlegu United-búningum. Og það er ekki út af því að rautt klæði mig svo vel. Það er vegna þess að það að vera Íslendingur klæðir mig afar illa þessa dagana.

# Umdeildustu Óskarskjólar allra tíma

Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudaginn. Það kennir ávallt ýmissa grasa á rauða dreglinum og hafa stjörnurnar skotið langt yfir tískumarkið í gegnum tíðina þó að þær séu með heilan her í vinnu við að dressa sig upp.


**BRA BRA** Björk okkar Guðmundsdóttir vakti svo sannarlega athygli í svanakjólnum árið 2001. Svo mikla að enn er gert grín að honum.


**LAS VEGAS VAR AÐ HRINGJA** Cher mætti í þessari múnderingu árið 1986.


**ÖFUGSNÚIN** Söngkonan Celine Dion var hvítklædd á Óskarnum árið 1999 í öfugum jakka. Það hefur aldrei verið töff.


**ALLT TIL SÝNIS** Leikkonan Gwyneth Paltrow vildi greinilega láta taka eftir sér á hátíðinni árið 2002.


**OFURMJÓ BALLERÍNA** Lara Flynn Boyle hélt greinilega að hún væri að fara á grímuball árið 2003.


**OF MIKIÐ AF ÞVÍ GÓÐA** Leikkonan Olivia Munn hlóð á sig efni í fyrra og komst ekki á neinn lista yfir best klæddu konurnar.

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




**Sendu sms-ið BARN í númerið 1900 og gefðu 1.900 krónur**

Víða um heim búa börn við ömurlegar aðstæður í flóttamannabúðum. Þau þurfa öryggi og skjól – rétt eins og öll börn.
Framlag þitt hjálpar UNICEF að veita flóttabörnum á átakasvæðum lífsnauðsynlega aðstoð.

**Hjálpumst að við að gæta að velferð barna í neyð.**

unicef

## Anton gerir það gott í Bandaríkjunum



**SUND** Anton Sveinn McKee gerir það mjög gott í Bandaríkjunum þessa dagana. Hann er í námi við háskólann í Alabama og syndir í mjög sterkri deild.

Á háskólamóti um síðustu helgi vann hann 200 jarda bringusund og setti um leið skólamet og SEC-mótsmet. Tími upp á 1.51,59 mínútur dugði honum til þess að ná lágmarki fyrir NCAA-mótið sem er lokamótið hjá háskólunum.

Þetta er annar besti tíminn sem hefur náðst á háskólamótum í Bandaríkjunum í vetur. Sundið var líka sögulegt þar sem sundmaður úr Alabama-skólanum hafði ekki sett SEC-met í heil sautján ár. Anton varð svo annar í 100 jarda bringusundi. Þar náði hann einnig lágmarki á NCAA-mótið og setti um leið skólamet.

## Hundraðasti sigurinn lætur bíða aðeins eftir sér

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fara fram í Domnios-deild karla í körfubolta í kvöld og þar á meðal er stórleikur Njarðvíkur og Grindavíkur í Ljónagryfjunni. Þetta er fyrsti leikur bikarmeistara Grindavíkur eftir sigurinn í Höllinni um síðustu helgi og með sigri gulltryggja þeir sig í hóp þriggja efstu liðanna. Njarðvíkingar væru þá komnir sex stigum á eftir Grindavík þegar sex stig eru eftir í pottinum og væru auk þess búnir að tapa báðum innbyrðisleikjunum á móti nágrönnunum sínum. Grindavík hefur unnið Njarðvík tvisvar sinnum því Grindavíkurliðið sló Njarðvík einnig út úr bikarnum. Hinir leikir kvöldsins eru: Þór Þ.-KR í Þorlákshöfn og KFÍ-ÍR á Ísafirði.

Njarðvíkingar hafa tapað tveimur síðustu leikjum sínum, á móti KR og Haukum, en næsti sigurleikur liðsins er hundraðasti sigur þjálfarans Einars Árna Jóhannssonar í úrvalsdeild karla. Þegar hundraðasti sigurinn dettur í hús þá verður Einar Árni tíundi þjálfarinn til að stýra liðum til sigurs í hundrað deildarleikjum en lið hans hafa til þessa unnið 99 af 160 leikjum í efstu deild.

Þrír starfandi þjálfarar í Dominos-deildinni eru meðlimir í hundrað sigra klúbbnum en það eru Benedikt Guðmundsson (Þór Þ.), Ingi Þór Steinþórsson (Snæfell) og Teitur Örlygsson (Stjarnan) sem er nýjasti meðlimurinn í klúbbnum. **-óój**



**99 DEILDARSIGRAR** Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## DOMINOS KARLA

**KEFLAVÍK - HAUKAR 81-90**

**Keflavík:** Guðmundur Jónsson 19 Magnús Þór Gunnarsson 18, Michael Craion 17/10 frák., Darrel Keith Lewis 15, Gunnar Ólafsson 6, Þröstur Leó Jóhannsson 3, Arnar Freyr Jónsson 3/8 stoðs.

**Haukar:** Terrence Watson 28/18 fráköst/5 varin skot, Haukur Óskarsson 26, Emil Barja 12/10 fráköst/13 stoðsendingar, Kári Jónsson 11, Svavar Páll Pálsson 4, Davíð Páll Hermannsson 4.

**STJARNAN - SNÆFELL 93-88**

**Stjarnan:** Matthew Hairston 26/11 frák., Dagur Kár Jónsson 18, Justin Shouse 17/11 stoðs., Jón Sverrisson 12, Marvin Valdimarsson 11, Sigurður Dagur Sturluson 7, Fannar Freyr Helgason 2.

**Snæfell:** Travis Cohn III 24/11 fráköst/9 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 21, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 13, Finnur Magnússon 13 Sveinn Arnar Davíðsson 9, Jón Ólafur Jónsson 4, Kristján Pétur Andrésson 3, Stefán Karel Torfason 1.

**SKALLAGRÍMUR - VALUR 122-120**

**Skallagrímur:** Benjamin Curtis Smith 46/15 stoðs./8 stolnir, Páll Axel Vilbergsson 23, Egill Egilsson 17, Trausti Eiríksson 17, Davíð Ásgeirsson 11, Ármann Vilbergsson 9, Grétar Erlendsson 4.

**Valur:** Chris Woods 51/24 frák., Birgir Björn Pétursson 30/14 fráköst, Benedikt Blöndal 15, Rúnar Ingi Erlingsson 11, Ragnar Gylfason 5, Oddur Ólafsson 3 Guðni Heiðar Valentínusson 2.

## COCA COLA KVENNA

**STJARNAN - GRÓTTA 29-26**

**Stjarnan Mörk (skot):** Sólveig Lára Kjærnested 9 (14), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8/3 (11/4), Helena Rut Örvarsdóttir 7 (16), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 3 (7), Þórhildur Gunnarsdóttir 2 (4), Jóna Margrét Ragnarsdóttir (9).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 15 (36/2, 42%), Heiða Ingólfsdóttir 2 (6/1, 33%), (1, 0%),

**Grótta Mörk (skot):** Eva Björk Davíðsdóttir 8 (13), Tinna Laxdal Gautadóttir 5/2 (6/2), Unnur Ómarsdóttir 4/1 (4/1), Lene Burmo 3 (4), Sóley Arnarsdóttir 2 (2), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2 (8), Guðný Hjaltadóttir 1 (1), Anett Köbli 1 (8),.

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 22/1 (51/4, 43%), Elín Jóna Þorsteinsdóttir 2 (2, 100%),

**HAUKAR - VALUR 21-25**

**Haukar Mörk (skot):** Marija Gedroit 7/2 (16/3), Karen Helga Díönudóttir 4/1 (6/2), Ragnheiður Ragnarsdóttir 3 (5), Ásta Björk Agnarsdóttir 2 (2), Viktoría Valdimarsdóttir 2 (7), Silja Isberg 1 (1), Ragnheiður Sveinsdóttir 1 (2), Gunnhildur Pétursdóttir 1 (4).

**Varin skot:** Sólveig Björk Ásmundsdóttir 13/1 (37/6, 35%), Tinna Húnbjörg (1/1, 0%),

**Valur Mörk (skot):** Kristín Guðmundsdóttir 14/6 (23/7), Karólína Bærhenz Lárudóttir 8 (10), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (3), Bryndís Elín Wöhler 1 (1), Aðalheiður Hreinsdóttir (1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir (2), Morgan Þorkelsdóttir (4),

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 21/1 (42/4, 50%), Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir 2/1 (2/1, 100%).

# Veit hvað gerist ef ég tapa

Bjarki Sigurðsson þarf að vinna lið tveggja sona sinna, Arnar Inga og Kristins, til að komast í úrslitaleik bikarsins. Bjarki þjálfar ÍR en synirnir tveir leika með uppeldisfélaginu Aftureldingu í Mosfellsbæ.



**GÓÐIR FÉLAGAR** Bjarki með tveimur eldri sonum sínum, Erni Inga og Kristni, sem spila báðir með Aftureldingu. Bjarki mætir þeim í bikarnum sem þjálfari ÍR í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** Margir bíða spenntir eftir undanúrslitaleikjunum tveimur í Coca-Cola bikar karla sem fara fram í Laugardalshöllinni í kvöld. Klukkan 17.15 mætast ÍR og Afturelding en að leik loknum hefst stórslagur Hafnarfjarðarliðanna Hauka og FH. Sá leikur byrjar klukkan 20.00.

Rimmur Hauka og FH hafa vakið mikla athygli síðustu ár og eiga orðið fastan sess í handboltalífi landsins. En í kvöld verður einnig forvitnilegt að fylgjast með slag feðganna í viðureign ÍR og Aftureldingar. Bjarki Sigurðsson er sem kunnugt er þjálfari ÍR en synir hans, Örn Ingi og Kristinn, eru báðir í lykilhlutverkum hjá Aftureldingu.

„Það er mikil spenna í hópnum," sagði Örn Ingi þegar Fréttablaðið hitti þá feðga að máli í gær. Afturelding er eina liðið í undanúrslitum bikarsins sem leikur ekki í efstu deild. Mosfellingar eru hins vegar efstir og ósigraðir í 1. deildinni og slógu út tvö úrvalsdeildarfélög, ÍBV og Fram, á leið sinni í undanúrslitin.

„Við höfum sýnt að við höfum roð við hvaða liði sem er á Íslandi," bætir Örn Ingi við.

### Fékk heilahimnubólgu

Kristinn er fimm árum yngri en Örn Ingi, sem sneri aftur í Mosfellsbæinn árið 2012 eftir fjögurra ára dvöl í FH. Örn Ingi hefur glímt við erfið hnémeiðsli á ferlinum og fór í aðgerð fyrir rúmu ári sem virðist hafa borið góðan árangur.

„Það veit vonandi á gott fyrir framhaldið og að hann fái ef til vill tækifæri í atvinnumennsku," segir Bjarki um elsta son sinn.

Kristinn verður átján ára á þessu ári en hann hefur einnig þurft að glíma við mikið mótlæti síðustu ár.

„Árið 2010, þegar hann var fimmtán ára, fékk Kristinn heilahimnubólgu og missti við það hluta af heyrninni. Hann hefur í raun átt við veikindi að stríða frá þeim degi," segir Bjarki.

„En hann hefur unnið mjög vel í þeim málum og náð að spila reglulega vel í vetur. Hann ætlar sér líka langt og hefur metnað til þess. Hann getur verið fljótur að brjóta sig niður en það sést á frammistöðu hans í vetur hvað hann ætlar sér mikið."

### Mosfellingar til alls líklegir

Bjarki minnir þó á að leikurinn snúist um fleira en bara þá þrjá. „Leikurinn sjálfur má ekki falla í skuggann," segir hann í léttum dúr. „Þetta snýst fyrst og fremst um handbolta – að koma liðinu sínu í úrslit og það ætla ég mér að gera. Ég þoli ekki að tapa og veit alveg hvað gerist þá – strákarnir verða á bakinu á mér það sem eftir lifir vetrarins," segir hann og brosir út í annað.

Hann veit vel hvað Mosfellingar geta og ætlar ekki að vanmeta þá. „Afturelding var óheppin með meiðsli lykilmanna í fyrra og líklega hefði liðið ekki fallið nema vegna þess. Nánast allir leikmenn í liðinu eru uppaldir þar og ég þekki sjálfur nokkra þeirra eftir að hafa þjálfað þá fyrir nokkrum árum. Það er mikil samheldni í liðinu og þeir hafa sýnt að þeir eru til alls líklegir."

### ÍR með frábært sóknarlið

ÍR-ingar hafa komið vel undan vetrarfríinu og unnið alla fjóra leiki sína í febrúar til þessa. Bræðurnir vita hvað þeir eiga að varast í kvöld.

„ÍR er með frábært sóknarlið og góða hraðaupphlaupsmenn. Við þurfum að skipuleggja sóknarleik okkar vel og sýna skynsemi. Ef okkur tekst að takmarka möguleika þeirra í hraðaupphlaupum þá er heilmikið unnið," segir Örn Ingi.

Kristinn bætir við að það þurfi einnig að standa vaktina í vörninni. „Við þurfum að passa Bjögga [Björgvin Hólmgeirsson] sérstaklega og vera duglegir að ganga út í hann. Hann er frábær skytta en einnig góður í gegnumbrotunum. Það fer mikið í gegnum hann," segir Kristinn.

eirikur@frettabladid.is

## Stjarnan og Valur tryggðu sér í gær sæti í úrslitum Coca Cola bikars kvenna





**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Eins og sjá má á myndunum hér að ofan var ekkert gefið eftir í Laugardalshöllinni í gær þegar undanúrslit kvenna í bikarkeppni HSÍ fóru fram. Í kvöld er síðan komið að körlunum að taka á því gula dúknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** Undanúrslitin í bikarkeppni HSÍ, Coca Cola bikarnum, fóru fram í kvennaflokki í gær. Óvænt úrslit litu ekki dagsins ljós því Stjarnan og Valur mætast í úrslitaleiknum á morgun.

Stjarnan lenti í hörkuleik gegn Gróttu og hafði að lokum þriggja marka sigur eftir að hafa verið skrefi á undan nær allan leikinn. Íris Björk Símonardóttir átti stórleik í marki Gróttu en það dugði liðinu ekki til sigurs.

Valur vann síðan auðveldan sigur á Haukum í síðari leik dagsins. Valur tók frumkvæðið í leiknum strax í upphafi og gaf aldrei færi á sér eftir það.

Kristín Guðmundsdóttir fór algjörlega hamförum í liði Vals og Haukakonur réðu ekkert við hana. Þær gáfust þó aldrei upp, seldu sig dýrt en voru númeri of litlar í þennan leik. **- hbg**

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Coca Cola-bikarinn



RISABARDAGI Í BEINNI ÚTSENDINGU
Í SMÁRABÍÓI LAUGARDAGINN 8. MARS KL. 20
UFC
GUNNAR NELSON
VS
OMARI AKHMEDOV
MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 10 Á eMiði.is
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA,
SÍÐAST KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU
gló
Coca-Cola zero
SPORT
SMÁRA BÍÓ
eMiði
betsson
X



**LÆTUR TIL SÍN TAKA** Petta er ekki í fyrsta sinn sem Guðlaugur Victor Pálsson lætur gott af sér leiða. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Treyja í stað bjórsins

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, hefur sett landsliðstreyju sína úr mikilvægum leik gegn Noregi á uppboð. Þetta tilkynnti hann á Facebook-síðu sinni í gær en hann ákvað að bjóða upp treyjuna í stað þess að taka áskorun um bjórdrykkju eins og hefur tíðkast á samfélagsmiðlinum síðustu vikurnar.

Guðlaugur Victor fékk ekki að spila leikinn og var því tilbúinn að láta treyjuna frá sér. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi 22 ára gamli fótboltamaður styrkir gott málefni.

Ágóðinn af uppboðinu rennur óskertur til Barnaspítala Hringsins en þeir sem hafa áhuga á treyjunni geta haft beint samband við Guðlaug Victor á Facebook-síðu hans. - esá

**Hér má sjá skilaboð Guðlaugs Victors:**

**„Í stað þess að þamba bjór, hef ég ákveðið að setja þessa dýrmætu treyju á uppboð og rennur allur ágóði til Barnaspítalans. Þessi treyja var partur af stærsta viðburði í knattspyrnusögu Íslands og er hún mér mjög kær. Þar sem ég kom ekki við sögu í leiknum, ætla ég mér ekki að halda henni og hef ég ákveðið að nota tækifærið og styrkja gott málefni. Treyjan er árituð frá öllum leikmönnum sem voru í hópnum gegn Noregi (leiknum sem kom okkur í umspil fyrir HM) og meðal annars þjálfurum.**

**Ef þú hefur áhuga á að bjóða í treyjuna, endilega sendu mér skilaboð í innhólf.**

**Takk fyrir stuðninginn.“**

# Hildur í öðru veldi

Velgengni Snæfellsliðsins í Dominos-deild kvenna í körfubolta á þessu keppnistímabili er ekki síst að þakka frábærri frammistöðu tveggja kvenna úr tveimur körfuboltakynslóðum í Stykkishólmi.

**Hildur Björg Kjartansdóttir**
STIG Í LEIK 14,5 — FRÁKÖST Í LEIK 10,1
STOÐSENDINGAR Í LEIK 1,4 — FRAMLAG Í LEIK 18,4

**Hildur Sigurðardóttir**
STIG Í LEIK 15,3 — FRÁKÖST Í LEIK 7,6
STOÐSENDINGAR Í LEIK 7,7 — FRAMLAG Í LEIK 17,9



**TVEIR AF BESTU LEIKMÖNNUM DEILDARINNAR** Hildur Björg Kjartansdóttir og Hildur Sigurðardóttir með deildarmeistaratitilinn sem Snæfell fékk í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

**KÖRFUBOLTI** Lykilmenn kvennaliðs Snæfells eiga vissulega sitthvað sameiginlegt. Þær eru báðar harðir Hólmarar og heita báðar Hildur. Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði og leikstjórnandi deildarmeistara Snæfells, og miðherjinn Hildur Björg Kjartansdóttir hafa átt einstakan vetur en þetta eru ólíkir leikmenn, hvor af sinni kynslóðinni í Stykkishólmi.

Hildur Sigurðardóttir er 32 ára gömul og sneri heim í Hólminn fyrir þremur árum eftir þrettán ára farsælan feril fyrir sunnan. Hún fór fyrst í ÍR fyrir fimmtán árum en hefur síðan unnið fjölmarga titla með KR og spilað sem atvinnumaður í Svíþjóð.

Hildur Björg Kjartansdóttir er 19 ára gömul og hefur verið að springa út sem einn besti leikmaður landsins á síðustu tveimur tímabilum. Hún vann sig inn í landsliðið á síðasta tímabili og hefur í vetur tryggt sína stöðu sem öflugasti miðherji deildarinnar.

Hildur eldri er á seinni hluta síns ferils og hefur nú tekist að hjálpa sínum heimabæ að landa fyrstu titlunum í sögu kvennaliðsins. Hildur yngri er hins vegar að hefja ferilinn og leiðin liggur líklega út fyrir landsteinana þegar þessu tímabili lýkur.

**Komin heim með stóran titil**

„Allir titlar eru skemmtilegir og eiga sína sögu og allt það. Ég er mikill Hólmari og það er því toppurinn að koma heim og landa svona stórum titli. Það verður aldrei tekið af mér að hafa hjálpað til við að ná þeim fyrsta í hús,“ sagði Hildur Sigurðardóttir, eftir að hún var komin með deildarmeistaratitilinn í hendurnar. Hún hafði unnið titilinn áður með KR-liðinu.

„Þetta er frábær árangur fyrir bæinn. Þetta er fámennur bær og það er ekkert gefið að ná í lið hérna. Við getum það svo sannarlega og erum með eitt af bestu liðunum á landinu. Við vorum ekkert endilega að stefna á deildarmeistaratitilinn í vetur þegar við hófum mótið. Fljótlega sáum við að við ættum góðan möguleika á því,“ segir Hildur.

Hildur hefur spilað í kvennadeildinni síðan haustið 1998 og hefur alltaf verið óhrædd við að fórna skrokknum fyrir málstaðinn. „Ég þoli ýmislegt,“ segir Hildur í léttum tón og bætir við: „Skrokkurinn er nokkuð góður. Ég sleppi stundum nokkrum æfingum en aðallega vegna þreytu út af vinnu og öðru. Ég tek því stundum rólega á æfingu þannig að ég geti gefið allt í leikina. Það er nóg eftir á tankinum fyrir úrslitakeppnina,“ segir Hildur.

**Spila betur með hverjum mánuði**

Hildur yngri er alltaf að vaxa og dafna sem leikmaður og sem dæmi um það er framlag hennar í febrúarmánuði nær tíu stigum hærra en í október þegar hún var reyndar að koma til baka eftir aðgerð í sumar. Snæfellsliðið hefur enn fremur ekki tapað deildarleik síðan hún sneri til baka eftir mánaðarleyfi í byrjun desember.

Hildur eldri var einnig að skila sínum besta mánuði á tímabilinu í febrúar og er að gæla við þrennuna að meðaltali en í fimm leikjum í febrúar var hún með 16,8 stig, 8,8 fráköst og 7,6 stoðsendingar að meðaltali í leik. Hildur hækkaði jafnframt framlag sitt fjórða mánuðinn í röð.

Snæfellsliðið hefur gerbreyst við komu Hildar Sigurðardóttur í Hólminn. Liðið vann „bara“ 8 af 20 leikjum á tímabilinu fyrir komu hennar en hefur síðan bætt sig jafnt og þétt með hverju tímabilinu. „Hún kom með alla reynsluna sína hingað,“ segir Hildur yngri um nöfnu sína. Snæfell endaði í 3. sæti á fyrsta tímabilinu (16 sigrar í 28 leikjum), í öðru sæti í fyrra (21 sigur í 28 leikjum) og er nú búið að tryggja sér deildarmeistaratitilinn þegar fjórir leikir eru eftir (22 sigrar í 25 leikjum)

Hildur yngri var ánægð með deildarmeistaratitilinn. „Þetta er fyrsti stóri titilinn sem maður vinnur með meistaraflokki og núna veit ég hvernig þetta er,“ sagði Hildur yngri. Snæfellsliðið tapaði sínum fyrsta leik í tæpa þrjá mánuði þegar liðið lá á móti Haukum í bikarúrslitaleiknum, en allar eru tilbúnar til að halda áfram. „Það var svekkelsi í nokkra daga en það var stutt í næsta leik þannig að við þurfum bara að fara að einbeita okkur að því að landa næsta titli. Við höfum spilað mjög vel en við vitum samt að það er heill hellingur sem hægt er að bæta hjá okkur. Við ætlum að reyna að laga það fyrir úrslitakeppnina,“ sagði Hildur yngri. Hildur eldri hrósar nöfnu sinni.

„Hildur Björg er mun yngri en ég og var enn á leikskóla þegar ég brunaði í bæinn til að læra og spila körfubolta. Á þeim árum gat maður ekki ímyndað sér að Snæfell ætti nokkurn tíma eftir að spila í efstu deild og hvað þá að vera á toppnum. Ég var búin að sjá hana spila áður en ég kom og sá að hún hefði efni en var mjög ung og átti eftir að ná styrk. Þau ár sem ég hef spilað með henni þá hefur hún alltaf verið að bæta sig og er nú þegar orðin ein af bestu leikmönnum landsins. Hún er alltaf tilbúin að hlusta og læra,“ segir Hildur um nöfnu sína.

Snæfellsliðið er vissulega í góðum málum með Hildi í öðru veldi en auðvitað njóta þær stöllur liðsinnis fleiri sterkra leikmanna sem hafa hjálpað Snæfellsliðinu að vinna þrettán deildarleiki í röð og ellefu þeirra með tólf stigum eða meira. Hvort Íslandsbikarinn komi vestur í kjölfar deildarmeistarabikarsins og fari norður fyrir Hvalfjörð í fyrsta sinn í 38 ár mun framtíðin hins vegar að leiða í ljós.

ooj@frettabladid.is

# Ólympíugull um hálsinn þremur árum eftir hörmungar

Sögulegur sigur Japanans Yuzuru Hanyu var einnig einn sá hjartnæmasti á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí

**ÓL 2014** Heimurinn eignaðist fullt af nýjum íþróttahetjum á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí sem lauk um síðustu helgi en fáar sögur frá leikunum við Svartahafið eru þó hjartnæmari en sú af japanska skautadansaranum Yuzuru Hanyu sem vann gullverðlaun í listdansi karla á skautum.

Yuzuru Hanyu varð yngsti gullverðlaunahafinn í listhlaupi karla í 66 ár en hann er aðeins 19 ára gamall. Hanyu setti líka heimsmet með því að fá 101,45 í einkunn fyrir skylduæfingar og var einnig fyrsti Japaninn til að vinna gull í þessari grein.

Frammistaðan í skylduæfingunum var það góð að hann komst upp með það að láta stressið trufla sig aðeins í frjálsu æfingunum daginn eftir. Hanyu hélt að hann hefði tapað gullinu eftir að hafa dottið tvisvar en hann varð á endanum rétt á undan Kanadamanninum Patrick Chan. „Ég var ekki ánægður með frammistöðu mína. Ég var stressaður en ég fékk gullið og er stoltur af því,“ sagði Hanyu eftir sigurinn.

Saga Hanyu sjálfs í aðdraganda leikanna setur sigur hans þó í annað samhengi. Aðeins þremur árum áður en hann fékk Ólympíugullið um hálsinn upplifði hann hörmungar í heimalandinu þegar jarðskjálfti og risaflóðbylgja í kjölfarið kostuðu tugi þúsunda lífið og hundruð þúsunda misstu heimili sín. Yuzuru Hanyu var þá sextán ára og á skautaæfingu í heimabæ sínum Sendai þegar jarðskjálftinn reið yfir en upptökin voru nálægt borginni. Hann hljóp út á skautunum í örvæntingu sinni enda sprungu leiðslur undir svellinu og skautahöllin eyðilagðist. Þakið á höllinni hrundi ekki sem betur fer og Hanyu og félagar hans sluppu út ómeiddir.

Heimili hans skemmdist og þar var ekkert vatn eða rafmagn lengur. Hanyu og fjölskylda hans þurfti að gista á gólfi íþróttahallarinnar í þrjá daga og hann get ekki æft fyrr en hann fékk aðstöðu í Yokohama ásamt skautadónsurum frá Sendai. „Þessi dagur breytti öllu. Eftir hann ætlaði ég að láta alla daga skipta máli,“ skrifaði Hanyu í ævisögu sína „Bláir blossar“.

Hanyu hefur talað um samviskubit sitt yfir því að hafa aðeins hugsað um æfingarnar og að hafa ekki eytt kröftum sínum í að hjálpa fjölskyldu sinni og nágrönnum að byggja upp eftir hamfarirnar. „Ég vildi vera áfram í Sendai. Það hjálpuðu mér margir eftir hörmungarnar og ég er kominn hingað þökk sé öllum í Japan sem studdu við bakið á mér,“ sagði Hanyu og bætti við: „Ég er kannski gullverðlaunahafi á Ólympíuleikunum en mér finnst ég samt svo hjálparvana. Þessi medalía gerir lítið til að hjálpa fólkinu heima,“ sagði Hanyu. Sigur hans í Sotsjí færir fólkinu í Sendai þó örugglega ómetanlega gleði og ánægju sem er dýrmætt við að þrauka á erfiðum tímum. - óój



**ÞJÓÐHETJA Í HEIMALANDINU** Yuzuru Hanyu sést hér með gullverðlaunin sem hann hlaut í Sotsjí. MYND/AFP


KJARNAFÆÐI
Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði
Heimsklassa hráefni
Yfirmatreiðslumaður - Strikið veitingastaður
Róbert Hasler
Stofnað
1985
SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG

**6. sæti í deildinni - Úr leik í bikarnum - Úr leik í deildabikarnum - Í erfiðri stöðu í Meistaradeildinni**

# Leikhús martraðanna hjá Moyes

Meistarar Manchester United náðu nýjum lægðum á þriðjudagskvöldið þegar liðið tapaði í fyrsta sinn í sögunni fyrir grísku liði. Sex önnur stórlið gerðu þjálfarabreytingu síðasta sumar og allir gera það gott nema Skotinn sem virðist ekki kunna að stýra stórliði.

**FÓTBOLTI** Glórulaus, stefnulaus og vonlaus,“ var yfirskriftin á forsíðumynd íþróttablaðs Daily Telegraph í gær þar sem David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, og aðstoðarmenn hans sátu ráðalausir á varamannabekk liðsins í Grikklandi og horfðu á Englandsmeistarana tapa í fyrsta sinn í sögunni fyrir grísku liði.

Þar bætti Moyes enn eitt metið sem enginn vill eiga. Það eina sem hann hefur fyrir alvöru afrekað hjá Manchester United er að skrá sig í sögubækurnar með æpandi rauðu letri. Hvert tapið á fætur öðru, gegn liðum sem vanalega eiga ekkert í Manchester United og hvað þá á heimavelli liðsins, kemur á fætur öðru. Það óttast ekkert lið Man. Utd í dag. David Moyes hefur séð til þess. Nánast ekkert var gert í leikmannamálum nema kaupa einn rándýran Belga sem spilað er út úr stöðu, varnarleikurinn er jafnhriplekur og í fyrra en mörkin koma ekki á sama færibandi. Spilamennska liðsins er léleg og fyrirsjáanleg. Það er bókstaflega allt að og sjálfur segist Moyes ekki vita hvað er í gangi. Kannski hitti Telegraph bara naglann á höfuðið: Skotinn virðist algjörlega glórulaus, stefnulaus og vonlaus.

**Var ekki greiði gerður**

Það var ekki fyrr en undir lok stjóratíðar Sir Alex Ferguson að hann viðurkenndi loks hver verstu kaup hans voru á ferlinum. Það voru ekki kaupin á Djemba-Djemba, Kleberson, Taibi eða Verón heldur taldi Ferguson sig hafa gert mestu mistökin þegar hann keypti samlanda sinn, Ralph Milne, árið 1988.

Með hverjum leiknum sem líður virðist það þó vera ljóst að stærstu mistök Fergusons á ferlinum voru að nefna David Moyes sem eftirmann sinn. Hann bað fólkið að styðja nýja manninn og það hefur það gert. Fólk í Manchester-borg reynir og reynir en það er erfitt þegar gengið er svona slakt. Það er vant betri árangri.

Ekki er hægt að bera saman aðkomu hans og Fergusons að liðinu. Forveri hans tók við liði sem hafði spilað undir getu lengi og leikmenn lifðu við slæma siði. Hann þurfti að taka heilt félag í gegn. Moyes tók aftur á móti við risastóru félagi sem var ríkjandi Englandsmeistari og hafði nóg á milli handanna. Staða sem hann upplifði aldrei á annars ágætum áratug hjá Everton.

Spilamennskan segir allt sem segja þarf og ef það er ekki nóg þarf bara að líta á tölurnar. Hann er með nánast sama lið og Ferguson í fyrra en liðið er með 23(!) stigum minna en á sama tíma í fyrra.

**Hinir sex**

Ferguson var hrifinn af samlanda sínum, vinnuaðferðum hans og verklagi. Hins vegar hlýtur lið á borð við Manchester United að vilja fá mann sem þekkir það að vinna. Sér í lagi þegar sá hinn sami er að taka við af einum þeim sigursælasta í sögunni.

Sex önnur stórlið réðu sér nýjan þjálfara í sumar. Þau eru öll í betri málum en United. Miklu betri málum.

tom@frettabladid.is

## ➔ METIN SEM ENGINN VILL EIGA



### 35 ÁR

**29.09.13 Man. Utd - WBA 1-2**

Saido Berahino skýst upp á stjörnuhimininn þegar hann tryggir West Bromwich fyrsta sigurinn á Man. Utd á Old Trafford síðan 1978.

### 21 ÁR

**04.12.13 Man. Utd - Everton 0-1**

Kostaríkumaðurinn Bryan Oviedo skorar sigurmark Everton á 86. mínútu og tryggir liðinu fyrsta sigurinn á Old Trafford síðan 1992.

### 41 ÁR

**07.12.13 Man. Utd - Newcastle 0-1**

Yohan Cabaye skorar eina mark leiksins á 61. mínútu og tryggir Newcastle fyrsta sigurinn á Old Trafford síðan 1972.

### FRÁ UPPHAFI

**05.01.14 Man. Utd - Swansea 1-2**

Moyes afrekar það á fyrsta tímabili sem henti einu sinni hjá Ferguson: Að tapa í 3. umferð bikarsins. Swansea vann um leið sinn fyrsta sigur á Old Trafford í sögunni.

### 30 ÁR

**01.02.14 Stoke - Man. Utd 2-1**

Glæsilegt mark Charlies Adam tryggir Stoke fyrsta sigurinn á Man. Utd síðan 1984.

### FRÁ UPPHAFI

**25.02.14 Olympiacos - Man. Utd 2-0**

Fyrsta tap Man. Utd í Meistaradeildinni á tímabilinu er jafnframt það fyrsta í sögunni gegn grísku liði.

## Breyting á milli tímabila

| | | | |
|---|---|---|---|
| +17 | LIVERPOOL | TOTTENHAM | -1 |
| +12 | ARSENAL | NORWICH CITY | -4 |
| +12 | SOUTHAMPTON | SUNDERLAND | -5 |
| +11 | CHELSEA | STOKE CITY | -6 |
| +10 | NEWCASTLE | FULHAM | -11 |
| +9 | SWANSEA | WEST BROM | -15 |
| +4 | ASTON VILLA | MAN. UNITED | -23 |
| +3 | EVERTON | | |
| +1 | MAN. CITY | | |
| +1 | WEST HAM | | |

**(Munur á stigum liða í ensku deildinni eftir 27 umferðir 2013 og 2014)**

## Hverja réðu önnur stórlið í Evrópu í sumar?

**Bayern München – Pep Guardiola (11 stórir bikarar)**



Löngu áður en Jupp Heynckes lét af störfum eftir síðasta tímabil voru verðandi Þýskalands-, Evrópu- og bikarmeistarar Bayern München búnir að ganga frá ráðningu á Pep Guardiola sem margir spáðu að tæki við á Old Trafford. Spánverjinn er búinn að stinga af með Bayern í deildinni og kominn með annan fótinn í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar fyrir utan hvað liðið spilar frábæran fótbolta. Guardiola vann ellefu stóra bikara með Barcelona á fimm árum.

**STAÐA Í DEILD: Á TOPPNUM**

**Real Madrid – Carlo Ancelotti (10 stórir titlar)**



Samstarfsörðugleikar urðu til þess að José Mourinho hvarf á braut frá Real Madrid og tók liðið enga áhættu við ráðningu á eftirmanni hans. Ítalinn Carlo Ancelotti, sem gerði AC Milan m.a. tvívegis að Evrópumeistara, var ráðinn. Ancelotti hefur unnið tíu stóra bikara á sínum ferli í þremur löndum og er Real-liðið á toppi spænsku 1. deildarinnar, ósigrað í síðustu 27 leikjum.

**STAÐA Í DEILD: Á TOPPNUM**

**Chelsea – José Mourinho (16 stórir titlar)**



Sumir efuðust um hvort endurkoma „hins sérstaka“ væri málið hjá Chelsea þegar nýjan stjóra vantaði í sumar. En Portúgalinn er með Chelsea á toppnum í ensku úrvalsdeildinni. Árangur hans í gegnum tíðina þarf varla að tíunda. Tvöfaldur Englandsmeistari, Spánarmeistari og hefur unnið Meistaradeildina með tveimur liðum í tveimur löndum.

**STAÐA Í DEILD: Á TOPPNUM**

**Paris St. Germain – Laurent Blanc (2 stórir titlar)**



Franski landsliðsmaðurinn fyrrverandi er kannski ekki með jafnflotta ferilskrá og hinir þrír. Blanc vann samt sem áður frönsku 1. deildina með Bordeaux 2009 og þrjá bikara til viðbótar með liðinu. Hann var einnig landsliðsþjálfari Frakklands þó það hafi ekki endað neitt sérstaklega vel. Hann byrjaði svo á því að vinna stórbikarinn í Frakklandi með PSG. Liðið er nú á toppnum í Frakklandi og komið hálfa leið í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

**STAÐA Í DEILD: Á TOPPNUM**

**Barcelona – Gerardo Martino (4 stórir titlar)**



Ráðning Argentínumannsins kom aðeins á óvart. Hann er ekki jafnstórt nafn og þeir sem hin stórliðin réðu. Hann þekkir það samt sem áður að sigra en Martino er fjórfaldur meistari í Paragvæ og þá kom hann paragvæska landsliðinu í átta liða úrslit HM 2010. Börsungum hefur aðeins skrikað fótur í febrúar en liðið er samt sem áður í toppbaráttunni á Spáni, er í úrslitum bikarsins og komið langleiðina í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

**STAÐA Í DEILD: 2. SÆTI (3 STIGUM FRÁ EFSTA LIÐI)**

**Manchester City – Manuel Pellegrini (7 stórir titlar)**



Það tók Sílebúann smátíma að átta sig á ensku úrvalsdeildinni en margir telja liðið nú það líklegasta til að vinna deildina. Pellegrini þekkir það vel að vinna en hann er margfaldur meistari í nokkrum löndum í Suður-Ameríku. Þá var hann kjörinn þjálfari ársins sem stjóri Real Madrid og bjó til flott lið hjá Villarreal og Málaga sem bæði komust í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar.

**STAÐA Í DEILD: 3. SÆTI (3 STIGUM FRÁ EFSTA LIÐI)**

# UNITED SJÓNVÖRP

## ÁÐUR ÓÞEKKT VERÐ!




**UNITED LED32X16**

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**49.990**

VERÐ **59.990**

**UNITED LED39X16T2**

- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**79.990**

VERÐ **89.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

**UNITED**

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.45
**Spurningabomban**



Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum, sem hvort er skipað tveimur keppendum, sem eiga það sameiginlegt að vera orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.



### The Voice
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Páttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á Skjá einum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 20.40** Prettánda röð þessara vinsælu þátta. Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn kemur hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr.



### Batman Begins
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin, þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne og hvernig það gerðist að hann öðlaðist ofurkrafta og varð Leðurblökumaðurinn.

### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmundsson**



Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.





**Frábært fjölskylduleikrit**

**eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson**

**Tónlist eftir Villa Naglbít!**

**sýningar!**

Sun. 2. mars kl. 14
Sun. 9. mars kl. 14
Ath. sýningum fer fækkandi.

★★★★★
„Salurinn veltist um af hlátri. Gaman!!! "
E.B. Fréttablaðið.

★★★★
J.V.J. DV.

„Skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur."
S.G. Mbl.

GRÍMAN
Barnasýning ársins 2010

Miðasala á midi.is og í miðasölu Tjarnarbíós í síma 527-2102
Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukutíma fyrir viðburð.

midi.is TJARNARBÍÓ GRAL


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** Malcolm in the Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Harry's Law
**11.00** Celebrity Apprentice
**12.35** Nágrannar
**13.00** The September Issue
**14.35** The Glee Project
**15.20** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga
**15.45** Xiaolin Showdown
**16.10** Waybuloo
**16.30** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** The Simpsons
**19.45** **Spurningabomban** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.
**20.35** **Batman Begins** Fjórða og að margra mati besta Batman-myndin þar sem segir frá uppvaxtarárum Bruce Wayne.
**22.50** **Take This Waltz** Dramatísk gamanmynd frá 2011 með Michelle Williams og Seth Rogen í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Sarah Polley. Myndin fjallar um konu sem er hamingjusamlega gift en skyndilega fellur hún fyrir nágranna sínum og flækjustigið í lífi hennar hækkar til muna.
**00.45** The Mesmerist
**02.20** Take Me Home Tonight
**03.55** The September Issue
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**08.00** Samantekt og spjall
**12.20** Meistaradeild Evrópu. Milan - Atletico Madrid
**14.00** Napoli - Swansea
**15.40** Tottenham - FC Dnipro
**17.20** AZ Alkmaar - Slovan Liberec
**19.00** Opna Bautamótið í tölti
**19.30** **Skallagrímur** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfubolta.
**20.00** La Liga Report
**20.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**21.00** Evrópudeildarmörkin
**21.50** **Samantekt og spjall** Samantekt úr Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**22.25** Þýsku mörkin
**22.55** Skallagrímur
**23.25** Oklahoma - Los Angeles Clippers

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.10** Norwich - Tottenham
**14.50** Messan
**16.10** Cardiff - Hull
**17.50** Arsenal - Sunderland
**19.30** Premier League World
**20.00** Match Pack
**20.30** Enska úrvalsdeildin - upphitun
**21.00** Football League Show 2013/14
**21.30** Man. City - Stoke
**23.10** Chelsea - Everton

## STÖÐ 3

**17.25** Jamie's 30 Minute Meals
**17.55** Raising Hope
**18.15** Don't Trust the B*** in Apt 23
**18.40** Cougar town 4
**19.00** H8R
**19.45** How To Make It in America *(8:8)*
**20.15** Super Fun Night *(17:17)*
**20.40** American Idol *(15:37)*
**21.25** **Grimm** *(16:22)* Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimmbræðra.
**22.10** **Luck** *(5:9)* Spennandi þættir með Dustin Hoffman og Dennis Farina.
**23.00** Memphis Beat *(1:10)*
**23.45** H8R
**00.30** Dark Blue
**01.15** How To Make It in America
**01.45** Super Fun Night
**02.10** American Idol
**02.55** Grimm
**03.40** Luck
**04.25** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.50** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Hello Kitty **10.34** Ævintýraferðin **10.47** UKI **10.52** Tommi og Jenni **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.50** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Skógardýrið Húgó **14.23** Hello Kitty **14.32** Ævintýraferðin **14.48** UKI **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.50** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Skógardýrið Húgó **18.23** Hello Kitty **18.32** Ævintýraferðin **18.48** UKI **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Skrímsli í París **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.45** Seinfeld
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(11:16)*
**20.00** Grey's Anatomy *(11:24)*
**20.45** Það var lagið
**21.45** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(15:15)* Þriðja þáttaröð þessarar skemmtilegu gamanþáttaraðar.
**22.10** **Twenty Four** *(20:24)* Jack finnur leynilegt ríkisfangelsi, lögreglan yfirheyrir Kim og samband Palmers og Sherry er stirt sökum játninganna á fundinum.
**22.55** Footballer's Wives *(8:8)*
**23.45** The Practice
**00.30** Það var lagið
**01.30** It's Always Sunny In Philadelphia
**01.55** Twenty Four
**02.40** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**08.20** The Five-Year Engagement
**10.25** Broadcast News
**12.35** Scent of a Woman
**15.10** The Five-Year Engagement
**17.15** Broadcast News
**19.25** Scent of a Woman
**22.00** Silver Linings Playbook
**00.00** The Change-up
**01.50** Joyful Noise
**03.45** Silver Linings Playbook

## RÚV

**15.10** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**16.50** Táknmálsfréttir
**17.00** Bikarúrslit í handbolta *(Undanúrslit karla)*
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** **Gettu betur** *(5:7) (Fyrri undanúrslit)* Fyrri undanúrslit Spurningakeppni framhaldsskólanna sem fram fara í Háskólabíói. Stjórnendur eru þau Björn Bragi Arnarsson, Steinþór Helgi Arnsteinsson og Margrét Erla Maack.
**20.45** Bikarúrslit í handbolta *(Undanúrslit karla)*
**21.40** **Jörð í Afríku** *(Out of Africa)* Sjöföld Óskarsverðlaunamynd með Meryl Streep og Robert Redford í aðalhlutverkum. Sydney Pollack leikstýrir eftir sögu Karenar Blixen, sögu sem gerist árið 1914 í Kenýa.
**00.15** **Hamlet** *(Hamlet)* Ethan Hawke, Kyle MacLachlan og Diane Venora fara hér með aðalhlutverkin í nútímauppfærslu af Hamlet. Sögusviðið er New York nútímans, en upprunalegir textar eftir Shakespeare haldast svo til óbreyttir.
**02.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**15.20** Svali&Svavar
**16.00** The Biggest Loser - Ísland
**17.00** Minute to Win It
**17.45** Dr. Phil
**18.25** The Millers
**18.50** America's Funniest Home Videos
**19.15** Family Guy *(18:21)*
**19.40** **Got to Dance** *(8:20)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansarar á Englandi keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**20.30** **The Voice - fyrri hluti** *(1:28)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á SkjáEinum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna.
**22.00** The Voice - seinni hluti *(2:28)*
**22.45** **The Tonight Show** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show sem áhorfendur SkjásEins þekkja frá fyrri tíð.
**23.30** Friday Night Lights
**00.10** In Plain Sight
**00.55** The Good Wife
**01.45** The Tonight Show
**03.15** Ringer
**03.55** Beauty and the Beast
**04.35** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** World Golf Championship 2014 **16.50** PGA Tour 2014 - Highlights **17.45** Inside The PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Tíska.is **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


HOT WINGS
MÁLTÍÐ
Nýtt!
AÐEINS
990
KRÓNUR
Hot Wings
PIPAR\TBWA • SÍA • 133374
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

## UPPÁHALDSDRYKKURINN



**„Pepsi Max hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Annars drekk ég líka mikið af grænu bombunni."**

Sara í Júník

# Fékk sér Metallica-fangelsistattú

Björn Stefánsson trommuleikari fékk sér á dögunum heimagert Stick'n Poke Metallica-húðflúr. Hann bregður sér í líki Lars Ulrich á næstunni með nýrri hljómsveit.

„Þetta er svona Stick'n Poke fangelsistattú og mig hafði dreymt um að fá mér þetta tattú frá því ég var tíu ára gamall," segir tónlistarmaðurinn og leikarinn Björn Stefánsson sem fékk sér fyrir skömmu Metallica-húðflúr á handlegginn. Hann var staddur í svokölluðu Stick'n Poke-partíi, þar sem fólk var að fá sér slík flúr. „Ég tók algjöra skyndiákvörðun um að kýla loksins á þetta tattú," segir Björn sem hefur alltaf haft mikinn áhuga á húðflúrum. Björn gerði garðinn frægan á sínum tíma með hljómsveitinni Mínus en sú hljómsveit var einnig þekkt fyrir flott flúr. „Mínus gerði samning við Fjölni tattú á sínum tíma," bætir Björn við léttur í lundu en hann er með um tíu húðflúr sem stendur. „Ég er með eitt annað svona fangelsistattú, en við erum nokkrir trommaravinir með heldur krúttlegan trommukjuða á upphandleggnum." Björn hefur ásamt þeim Bjarna Sigurðarsyni gítarleikara, sem er einnig úr Mínus, Flosa Þorgeirssyni bassaleikara úr HAM, Snæbirni Ragnarssyni gítar-/bassaleikara úr Skálmöld og Aðalbirni Tryggvasyni söngvara úr Sólstöfum stofnað hljómsveitina Melrakka og ætlar sveitin að leika Kill'em All plötu Metallica í heild sinni á Græna hattinum Akureyri föstudagskvöldið 7. mars og á Gauknum í höfuðborginni laugardagskvöldið 8. mars. - glp



**FLOTT FLÚR** Björn Stefánsson sýnir fallega Metallica-flúrið á handleggnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**AÐALHLUTVERKIN** Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Hlynur Haraldsson leika aðalhlutverkin í myndinni. MYND/EINKASAFN

# Fjölskylduhrollvekja

Íslensk hrollvekjumynd verður frumsýnd í sumar. Mikil tenging er á milli aðstandenda myndarinnar.

Nýr íslenskur sálfræðitryllir lítur dagsins ljós í sumar og ber kvikmyndin nafnið Grafir og bein. Það sem er athyglisvert er að hópurinn sem tengist myndinni er tengdur miklum fjölskylduböndum. „Það eru mikil tengsl á milli fólksins enda ekki hægt að gera svona mynd nema að mórallinn og tengslin séu góð," segir hinn 26 ára gamli Anton Sigurðsson, handritshöfundur og leikstjóri myndarinnar.

Aðalhlutverkin leika þau Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Hlynur Haraldsson, þá leikur Gísli Örn Garðarsson einnig í myndinni. „Nína Dögg er gift Gísla Erni og svo er Björn Hlynur giftur Rakel Garðarsdóttur sem er systir Gísla Arnar. Tökumaður myndarinnar, Árni Filippusson, er síðan bróðir Nínu Daggar," útskýrir Anton.

Grafir og bein er fyrsta kvikmyndin sem Anton leikstýrir í fullri lengd. „Þrátt fyrir ungan aldur Antons hafði ég strax trú á honum og langaði strax að taka slaginn með honum. Hann á greinilega framtíðina fyrir sér sem kvikmyndaleikstjóri," segir Björn Hlynur Haraldsson um myndina.

Mágarnir Björn Hlynur og Gísli Örn leika bræður í myndinni. „Við þurftum ekki að grafa djúpt til að finna það samband," bætir Björn Hlynur við.



**MÁGARNIR** Björn Hlynur Haraldsson og Gísli Örn Garðarsson leika bræður í myndinni. MYND/EINKASAFN

Erlingur Jack Guðmundsson, eigandi Ogfilms, framleiddi myndina. „Þegar það eru ekki miklir peningar á milli handanna þá verður maður að treysta á fjölskylduböndin," segir Erlingur Jack, en hann og Björn Hlynur þekkjast vel í gegnum knattspyrnufélagið Þrótt.

Myndin er nánast tilbúin og gert er ráð fyrir að hún verði frumsýnd seinni hluta sumars. „Við erum að leggja lokahönd á klippið og þá er eftir frekari eftirvinnsla," segir Erlingur Jack um stöðu mála.

gunnarleo@frettabladid.is



> **Tobba er af tegundinni degu, sem er nagdýrategund, líkist íkorna mikið, en sleppur fyrir rottu**
> *Nína Rún Bergsdóttir*

**DÝR** „Tobba er rosalega fjörug á sviðinu og hleypur út um allt í ferðabúrinu," segir Nína Rún Bergsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rottan Tobba stígur sín fyrstu skref á sviðinu

Tvö dýr leika í sýningunni Furðulegt háttalag hunds um nótt. Aðalleikarinn í sýningunni, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, er með ofnæmi fyrir öllum dýrum.

„Aðalleikarinn í leikritinu er með dýraofnæmi," segir Nína Rún Bergsdóttir, sem segja má að sé yfirdýratemjari í leiksýningunni Furðulegt háttalag hunds um nótt. „Það er Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Þetta er samt alls ekkert bráðaofnæmi hjá honum og við sjáum til þess að hann fái ekki ofnæmiskast. En þetta er bagalegt, því að hann er mest með bæði rottuna og hundinn í leikritinu," segir Nína.

„Rottan" heitir Tobba og er reyndar ekki af rottukyni. „Tobba er af tegundinni degu, sem er nagdýrategund, líkist íkorna mikið, en sleppur fyrir rottu á Stóra sviðinu. Í fyrsta eða annað skiptið sem ég náði að halda á Tobbu, þegar ég var enn að hæna hana að mér, náði hún einhvern veginn að skríða upp á öxlina á mér og inn undir fötin mín. Ég var frekar lengi að ná henni innan úr fötunum mínum. Núna er Tobba rosalega gælin. Hún er mikið fyrir athyglina, vill láta halda á sér og klappa sér. Hún nartar aðeins í mann, en bítur alls ekki. Leikhúsgestir þurfa því ekkert að hræðast, jafnvel þótt hún sleppi. En það stendur nú ekkert til að hún sleppi," segir Nína.

Í sýningunni leikur einnig sex vikna gamall labradorhvolpur. „Hvolpurinn er í mjög strangri leikþjálfun um þessar mundir, svo hann taki ekki upp á því að fara út í sal eða pissa á sviðið. Við þurfum síðan að skipta hvolpinum út eftir tvo mánuði, því þá er hann ekki lengur hvolpslegur," segir Nína.

ugla@frettabladid.is




HRAUSTIR MENN
MOTTU
MARS
#MOTTUMARS
YouTube
Krabbameinsfélagið
Svaraðu hreystikallinu &
TAKTU ÞÁTT
Í MOTTUMARS
Brandenburg / Ljósmynd: Hörður Sveinsson
— SKRÁÐU ÞIG —
WWW.MOTTUMARS.IS
— EÐA GEFÐU 1000 KRÓNUR —
908 1001
Leggjum rakvélunum og ræktum okkar efri vör. Mottumars hefst á morgun.
Mottan er táknræn. Tölum um krabba-mein. Tökum þátt.
Brandenburg
TM Software
KUKL
trickshot
PEGASUS
Icelandair Hotels
BÍLALEIGA AKUREYRAR
Europcar
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Arion banki
BYKO


J
WORLD
MIĐASALA HEFST Á F
JUSTINTIMBERLAKE.COM
FACEBOOK.COM/JUS
JUSTIN
TIMBERLAKE
24. ÁGÚST 2014
KÓRINN
KÓPAVOGI
#jtisland
vodafone
wow air
Nánar um forsölu WOW air á www.wowair.is
Nánar um forsölu Vodafone á www.vodafone.is


T
TOUR
IMMTUDAGINN KL. 10!
STINTIMBERLAKE
TWITTER.COM/JTIMBERLAKE
Allt um tónleikana á www.sena.is/jt
Miðasala er á Miði.is og í síma 540 9800
sena

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

BÓNUS
Fréttablaðið í dag
4 bls. af vörum
á góðu verði

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Heima eftir hnéaðgerð

**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra hefur verið meira áberandi undanfarna daga en oft áður vegna umræðunnar um að hætt verði við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þess vegna undruðust margir fjarveru hans frá þingstörfum í gær en á Alþingi hefur hart verið tekist á um þingsályktunartillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra. Fjarvera Bjarna á sér engu að síður mjög eðlilegar skýringar því hann var að jafna sig eftir hnéaðgerð og eyddi deginum því heima hjá sér í Garðabænum. Hvort aðgerðin verður til þess að hann komi enn sterkari inn í komandi stjórnmálaátök á eftir að koma í ljós. **- fb**



### Hreimur hljóp í skarðið

Tónlistarmaðurinn **Hreimur Örn Heimisson** leysti annan tónlistarmann, **Eyþór Inga Gunnlaugsson**, af á fallegum minningartónleikum sem fram fóru í Norðlingaskóla á miðvikudagskvöldið. Eyþór Ingi átti að koma fram með hljómsveit sinni, Atómskáldunum, en var fjarri góðu gamni sökum veikinda og raddleysis. Hreimur kom því til bjargar og tók nokkur lög með Atómskáldunum. Tónleikarnir gengu vel og komu þar einnig fram Bubbi Morthens, Ari Eldjárn og poppkórinn Stormsveitin. Tónleikarnir sem voru haldnir til minningar um Svandísi Þulu, sem lést í slysi árið 2006, fóru fram í annað sinn í ár. **- lkg**



## Mest lesið VÍSIR

1 Vigdís hvetur EGF snyrtivörur til að sniðganga Kvennablaðið
2 Valli fór á Alþingi
3 Hallbjörn ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur drengjum
4 „So Everything. Svo allt, virðulegi forseti"
5 Mjög auðvelt að túlka hegðun fjármálaráðherra sem kvenfyrirlitningu

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.




FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR!

**20% afsláttur!**
af Chiro og Tempur Spring heilsurúmum




**Chiro Deluxe**

12 mánaða vaxtalaus kjör á heilsurúmum
*3,5% lántökugjald.

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr. fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.

**CHIRO DELUXE** heilsurúm



**CHIRO DELUXE** heilsurúm
Með Classic-botni
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~256.000,-~~
**Nú kr. 204.800,-**
Þú sparar kr. 51.200,-

**Fæst einnig í stærðunum**
90x200 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x200 cm
160x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
193x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 17.829 kr. á mán.

**CHIRO ROYAL** heilsurúm



**CHIRO ROYAL** heilsurúm
Með Classic-botni
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~262.000,-~~
**Nú kr. 209.600,-**
Þú sparar kr. 52.400,-

**Fæst einnig í stærðunum**
120x200 cm
140x200 cm
152x200 cm
160x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
193x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 18.243 kr. á mán.

**TEMPUR SPRING** heilsurúm




**TEMPUR SPRING**
Með Classic botni
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. ~~334.000~~
**Nú kr. 267.200**
Þú sparar kr. 66.800

Aukahlutur á mynd gafl.

**Fæst einnig í stærðunum**
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 23.211 kr. á mán.

**CHIRO OG TEMPUR SPRING HEILSURÚMIN FÁST EINNIG MEÐ PREMIUM BOTNUM**

Botnar



① Svart leður ② Hvítt leður ③ Brúnt leður ④ Dökkgrátt tau

Lappir



Aluminium Svart Hnota Wenge Eik

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16